# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

239. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 11. OKTÓBER 2017




Vel fór á með þeim Antoni Vasiliev, sendiherra Rússlands, og Guðlaugi Þór Þórðarsyni utanríkisráðherra þegar þeir funduðu í ráðuneytinu við Rauðarárstíg í gær. Lið Íslands hefur eins og alþjóð veit tryggt sér þátttöku á HM í Rússlandi. Á fundinum lofaði Vasiliev allri aðstoð sem Íslendingar gætu þurft á að halda en að ýmsu er að huga. Sjá síðu 2. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# VG enn langstærst en Píratar tapa fylgi

**Bæði Vinstri græn og Sjálfstæðisflokkur standa nánast í stað milli vikna. Píratar tapa tæplega þremur prósentustigum milli vikna. Viðreisn og Björt framtíð áfram á botninum.**

**STJÓRNMÁL** Vinstri græn yrði stærsti flokkurinn á Alþingi ef kosið yrði í dag, með rétt tæplega 30 prósenta fylgi. Þetta sýna niðurstöður nýrrar könnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Flokkurinn var með tæplega 29 prósenta fylgi fyrir viku og er munurinn innan vikmarka.

Sjálfstæðisflokkurinn fengi rúmlega 22 prósent atkvæða, sem er sama fylgi og flokkurinn var með í könnun fyrir viku. Þá er Miðflokkurinn með rúmlega 9 prósenta fylgi, Píratar eru með 8,5 prósent, sem er 2,9 prósentustigum minna en flokkurinn var með í könnun blaðsins fyrir viku. Samfylkingin er með rúmlega 8 prósenta fylgi, Framsóknarflokkurinn með rúm 7 prósent og Flokkur fólksins með rúmlega 6. Viðreisn er svo með 3,3 prósenta fylgi og Björt framtíð með rúmlega 3,6 prósent.

Ef þetta yrðu niðurstöður kosninga fengju Vinstri græn 21 þingmann og yrðu langstærsti flokkurinn á þingi. Sjálfstæðisflokkurinn fengi 16 þingmenn, Miðflokkurinn og Píratar fengju sex menn hvor, Samfylkingin og Framsóknarflokkurinn fengju 5 menn hvor og Flokkur fólksins fjóra menn. Hvorki Björt framtíð né Viðreisn fengju kjörna þingmenn.

Hringt var í 1.322 manns þar til náðist í 804 samkvæmt lagskiptu úrtaki 10. október. Svarhlutfallið var því 60,8 prósent. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var spurt Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn, eða einhvern annan flokk?

Alls tóku 66 prósent þeirra sem náðist í afstöðu til spurningarinnar. Um 10 prósent sögðust ekki kjósa eða ætla að skila auðu, 13 prósent sögðust vera óákveðin og tæplega 11 prósent svöruðu ekki. – **jhh**

**Könnun 10. október**




## Engin kennsla á Hólmsheiði

**FANGELSI** Kennsla hefur legið niðri í fangelsinu á Hólmsheiði í allt haust. Fjölbrautaskóli Suðurlands (FSu) óskar eftir auknu fjármagni og hefur hætt allri kennslu þar meðan viðræður við menntamálaráðuneytið standa yfir.

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga, er ósáttur við FSu og hefur leitað eftir aðstoð annarra skóla.



Skólastjóri Verzlunarskóla Íslands tekur vel í hjálparbeiðni frá Afstöðu, um að hlaupa í skarðið og sinna föngum á Hólmsheiði. – **aá**

/ sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag


**MARKAÐURINN** **Túlkun FME á reglum um kaupaukakerfi þýðir í reynd að fjármálafyrirtæki eiga þess ekki lengur kost að umbuna lykilstarfsfólki.**

**SKOÐUN** Stjórn Vísindafélagsins spyr um vísindastefnu. **13**

**SPORT** Metin falla í hverri undankeppni hjá íslenska karlalandsliðinu í knattspyrnu. **14**

**TÍMAMÓT** Halla Tómasdóttir er 49 ára í dag og afmælisdagurinn fer í ferðalag. **16**

**LÍFIÐ** Ótrúlegt en satt, Örn Árnason leikur ekki Davíð Oddsson í leikritinu Guð blessi Ísland. **26**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **LÍFIÐ**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Norðan- og norðvestanátt í dag, víða 8-15 m/s en hægari á Suður- og Vesturlandi. Þurrt fram eftir degi sunnan- og suðvestanlands, annars rigning. Allhvöss eða hvöss norðaustanátt á Vestfjörðum í kvöld.

SJÁ SÍÐU 18

# Leikskólakrakkar stigu gleðidans



Börn á leikskólanum Árborg í Grafarvogi dönsuðu gleðidans í tilefni af alþjóðlega geðheilbrigðisdeginum í gær. Leikskólar þar og í Árbæ leyfðu börnum, þar á meðal þessum ungu stúlkum sem réðu sér ekki fyrir kæti, og foreldrum að dansa rétt áður en þau héldu heim á leið. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Ekki spáð í að selja Kjarnahlut

**STJÓRNMÁL** „Ég hef ekki leitt hugann að því,“ segir Ágúst Ólafur Ágústsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavíkurkjördæmi suður, aðspurður hvort hann hyggist selja 5,69 prósenta hlut sinn í fjölmiðlinum Kjarnanum í nánustu framtíð. Ágúst Ólafur er einn sjö stærstu hluthafa Kjarnans en hann bendir á að hann hafi sagt sig úr stjórn fjölmiðilsins þegar hann ákvað að fara í framboð. Hann eigi þó hlutinn áfram.

Samfylkingin mælist með 10,5 prósenta fylgi í síðustu skoðanakönnun Fréttablaðsins og virðist flokkurinn vera á siglingu og því líkur á að Ágúst Ólafur nái kjöri ef fram heldur sem horfir auk þess sem Samfylkingin kann að vera í lykilstöðu við myndun næstu ríkisstjórnar. Aðspurður hvort hann muni selja hlut sinn nái hann kjöri segir hann það alveg geta komið til greina.



**Ágúst Ólafur Ágústsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík suður**

Smári McCarthy, þingmaður Pírata og oddviti í Suðurkjördæmi fyrir komandi alþingiskosningar, hefur reynt að selja 1,6 prósenta hlut sinn í fjölmiðlinum Stundinni um langa hríð. Hann hefur látið hafa eftir sér að það sé óeðlilegt að þingmenn séu í eigendahópi fjölmiðla, sem eigi að veita þeim aðhald.

„Það getur fullkomlega komið til greina en þarf bara að koma í ljós. Ég get alveg skilið það sjónarmið,“ segir Ágúst aðspurður um skoðun hans á málinu.

Smári, sem kvaðst í samtali við DV í mars vera kominn með kaupanda að hlut sínum í Stundinni og bjóst við að klára söluna í sumar, er enn skráður fyrir hlutnum. – smj

## Sýknuð af kröfu fatlaðrar konu

**DÓMSMÁL** Reykjavíkurborg og íslenska ríkið voru í gær sýknuð af bótakröfu 24 ára gamallar fjölfatlaðar konu og foreldra hennar. Þá var ríkið einnig sýknað af kröfu um viðurkenningu á að borginni hefði verið óheimilt að synja konunni um húsnæðisúrræði og fullnægjandi umönnun.

Frá því að konan varð átján ára hefur umönnun borgarinnar verið lítil sem engin. Móðir stúlkunnar hefur til að mynda þurft að hætta að vinna til að sinna henni og hennar þörfum. Fóru foreldrarnir meðal annars fram á bætur, tæpar 30 þúsund krónur fyrir hvern dag sem þau hafa þurft að annast hana frá átján ára aldri hennar.

Daníel Isebarn Ágústsson, lögmaður fjölskyldunnar, segir að niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur verði áfrýjað til Hæstaréttar. – jóe

# Spennt fyrir því að fá Íslendinga til Rússlands

**Sendiráðið í Rússlandi mun hafa í nógu að snúast ef jafn margir Íslendingar fara á heimsmeistaramótið í Rússlandi og fóru til Frakklands í fyrra. Sendiherrann segist vera spennt fyrir verkefninu. Rússar veiti Íslendingum mikla athygli.**

**STJÓRNSÝSLA** „Það var auðvitað mikil vinna í kringum þetta í fyrra en þetta var bara svo gaman. Og það er allt svo jákvætt í kringum fótboltann. Það er það sem gerir þetta svona skemmtilegt,“ segir Berglind Ásgeirsdóttir, sendiherra Íslands í Rússlandi. Nú þegar eru ferðaskrifstofur byrjaðar að undirbúa ferðir frá Íslandi til Rússlands á HM í sumar og Berglind er byrjuð að undirbúa komu Íslendinganna.




Sendiherra Íslands í Rússlandi segir að íslenska landsliðið og stuðningsmenn hafi verið talsvert til umfjöllunar í rússneskum fjölmiðlum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Berglind var líka sendiherra í Frakklandi þegar EM fór þar fram árið 2016 og þekkir því til verka. Hún segist vera mjög spennt fyrir því að taka á móti Íslendingum til Rússlands

Sendiherrann segir rússneska fjölmiðla hafa fjallað talsvert um úrslitin í leiknum á móti Kosovo á mánudaginn og þá staðreynd að íslenska landsliðið sé að fara til Rússlands. Rússar séu bæði mjög hrifnir af íslenska landsliðinu og íslensku stuðningsmönnunum. „Þær eru svo jákvæðar, fréttirnar hérna.“

Berglind segir að ef staðan næsta sumar verði eins og í fyrra, að þúsundir eða jafnvel tugþúsundir Íslendinga fylgi íslenska liðinu út þá útheimti það talsverða vinnu fyrir sendiráðið.

„Þetta er allt flóknara hér heldur en í Frakklandi þar sem margir Íslendingar hafa verið,“ segir Berglind. Rússland sé mjög stórt land með mismunandi tímabelti. Á þeim stöðum þar sem áætlað er að keppt verði á HM sé allt frá tveggja tíma mismunur við Ísland og upp í fimm tíma mismunur.

Verkefni sendiherrans er að sinna borgaralegri þjónustu, veita aðstoð ef fólk týnir vegabréfi eða kemst í kast við lögin. Berglind segist búa vel að reynslunni frá því á EM í Frakklandi. „Það gekk alveg einstaklega vel og það urðu engar stórar uppákomur allan þennan tíma,“ segir hún. Á þeim tíma var bæði eftirlit í sendiráðinu og þar sem leikirnir fóru fram og sendiherrann býst við að það verði gert eins núna.

„Það eru bara þessar miklu vegalengdir, þetta er allt miklu dreifðara og við vitum ekkert fyrr en 1. desember hvar leikirnir verða,“ segir Berglind og bætir við að þúsundir kílómetra geti verið á milli leikvanganna sem keppt er á.

**jonhakon@frettabladid.is**

> **Þetta er allt flóknara hér heldur en í Frakklandi þar sem margir Íslendingar hafa verið**
>
> Berglind Ásgeirsdóttir, sendiherra



Jóhann Ólafsson & Co

Rafvirkjar
LED skápalampar



Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is

LEDVANCE OSRAM




## Sá fyrsti sinnar tegundar

Toyota C-HR er fínslípaður demantur sem sker sig úr hvar sem hann kemur. Kröftug vél, einstakir akstursseiginleikar ásamt háþróuðu farþegarými sjá til þess að þú líðir um strætin í fullkomnu flæði. Komdu, taktu í stýrið og finndu hvernig Toyota C-HR skapar algjörlega ný viðmið.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Toyota C-HR**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

5 3+2 ÁBYRGÐ
2 ÁRA ÞJÓNUSTA
FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Benedikt skammaður af ósáttum flokksfélögum í Viðreisn

**STJÓRNMÁL** Veruleg óánægja og reiði er meðal Viðreisnarfólks með frammistöðu og ummæli Benedikts Jóhannessonar, formanns flokksins, í Forystusætinu á RÚV á mánudagskvöld. Formannsstóll Benedikts hefur verið í senn sjóðheitur sem og valtur síðan ríkisstjórnarsamstarfið sprakk og gerðu ummælin um tilefni stjórnarslitanna á RÚV lítið til að auka vinsældir hans meðal flokksmanna.

Benedikt var í þættinum spurður að því hvort hann deildi þeirri skoðun Þorsteins Víglundssonar félagsmálaráðherra að ekki hefði verið tilefni til að slíta ríkisstjórnarsamstarfinu. Um það sagði hann:

„Þetta mál, sem þótti svo stórt að það væri ástæða stjórnarslita, það man varla nokkur hvað þetta er. Ef að þetta hefði verið stjórnarslitamál þá ætti þetta að vera eitt aðalkosningamálið núna,“ sagði Benedikt.

Á þriðjudagsmorgun var Benedikt gerður afturreka með ummælin. Baðst hann afsökunar í yfirlýsingu á Facebook á að hafa notað „afar klaufaleg ummæli“ og ekki hafi verið ætlun hans að gera lítið úr þeim sársauka sem þolendur kynferðisbrota og aðstandendur verða fyrir.



Benedikt Jóhannesson, formaður Viðreisnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru flokksfélagar Benedikts allt annað en sáttir. Einn viðmælandi blaðsins orðar það svo að það hafi ekki nokkur manneskja í hópnum, þar með talinn Benedikt sjálfur, verið ánægð með hvernig hann kom út í viðtalinu. Málið hafi komið til tals á daglegum fundi framboðshóps Viðreisnar á þriðjudagsmorgun þar sem heimildir Fréttablaðsins herma að nokkur hiti hafi verið í fólki. Heimildir blaðsins herma að Benedikt hafi hreinlega verið „skammaður“ eins og heimildarmaður Fréttablaðsins orðaði það, hann hafi útskýrt sína hlið mála og loks sent frá sér yfirlýsingu þar sem hann harmaði orðaval sitt.

Viðreisn hefur átt á brattan að sækja í kosningabaráttunni þar sem fylgi flokksins mælist ansi rýrt í skoðanakönnunum. **– smj**

## Sýknaður af því að berja fyrrverandi

**DÓMSMÁL** Karlmaður var í Héraðsdómi Reykjaness sýknaður af líkamsárás gegn þáverandi kærustu sinni. Dómurinn var kveðinn upp í síðasta mánuði en birtur í gær.

Atvik málsins áttu að hafa átt sér stað að morgni laugardags í nóvember 2016. Maðurinn og konan höfðu verið í miðbæ Reykjavíkur. Í skýrslu lögreglu sem kom á vettvang segir að á leið heim úr bænum hafi parinu sinnast og hún skipað ákærða út úr bílnum. Hann hafi þá reiðst og kýlt hana nokkrum sinnum í andlitið og vinkonu hennar sem var farþegi.

Konan leitaði ekki á bráðamóttöku eftir atvikið og voru einu gögnin um áverka hennar myndir lögreglu. Dómari málsins taldi vitnin ekki nægilega trúverðug og orð standa gegn orði. **– jóe**

## Sigmundur Davíð áfram í Norðaustur

**KOSNINGAR** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson verður í efsta sæti á lista Miðflokksins í Norðausturkjördæmi í komandi kosningum. Í kosningunum í fyrra fór Sigmundur fyrir lista Framsóknarflokksins í kjördæminu. Listi flokksins var kynntur í gær.

Margir höfðu velt vöngum yfir því hvort Sigmundur, formaður flokksins, myndi færa sig um kjördæmi og var Suðvesturkjördæmi nefnt í því samhengi. **– jóe**



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

# Ekkert nám í boði á Hólmsheiði

**FSu fær yfir 50 milljónir á ári til menntunar í fangelsum en þrýstir á aukið fé vegna Hólmsheiðar þar sem ekkert nám er nú í boði. Verslunarskóli Íslands vill senda kennara í fangelsið án samnings við ráðuneytið.**

**FANGELSI** Fjölbrautaskóli Suðurlands (FSu) er hættur að sinna menntun fanga á Hólmsheiði og liggur kennsla þar niðri. Skólinn freistar þess að ná samningi við menntamálaráðuneytið um aukið fjármagn. Verzlunarskóli Íslands er jákvæður fyrir því að hlaupa í skarðið, fái kennarar frá skólanum að koma þangað inn.

„Þetta er bara tímabundið en stendur til bóta, það er verið að ganga frá samningi við menntamálaráðuneytið og það verður boðið aftur upp á nám á Hólmsheiði í janúar,“ segir Lóa Hrönn Harðardóttir, námsráðgjafi fanga við FSu.

Fjölbrautaskólinn er móðurskóli fangakennslu og fær um það bil 50 milljónir á ári til þess verkefnis, samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Kennt var á Hólmsheiði alla síðustu vorönn en ákveðið var að bjóða ekki kennslu á yfirstandandi haustönn.

„Við förum af stað með kennsluna síðasta vetur þótt þessi samningur væri ekki frágenginn, en ákváðum að fara ekki af stað núna í haust,“ segir Lóa Hrönn, og bætir við: „Það á ekki að vera þannig að nýtt fangelsi sé opnað og veggirnir byggðir án þess að gert sé ráð fyrir starfi innan þess. Það er ástæða þess að við ákváðum að fara ekki af stað fyrr en þetta er frágengið.“

Lóa Hrönn segir að ítarlegri greinargerð hafi verið skilað um framtíðarsýn skólans á náminu. „Okkar framtíðarsýn á menntun fanga, og við viljum bara að það sé skýr rammi utan um þetta starf og það sé ekki með einum hætti þessa önnina og með allt öðrum hætti þá næstu.“

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu, félags fanga, hefur gagnrýnt Fjölbrautaskóla Suðurlands og segir framlag hans ekki í takt við fjármagnið sem skólinn fær fyrir að sinna þessu hlutverki.



Fangelsið á Hólmsheiði var opnað í fyrra. Námið sem boðið hefur verið upp á þar liggur nú niðri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Það voru á tímabili nokkrir fangar í fjarnámi hjá okkur og við höfum lýst því yfir og sagt að það strandi ekki á okkur að senda kennara í staðbundnar lotur**
>
> Ingi Ólafsson, skólastjóri Verzlunarskóla Íslands



> **Það er ótækt að fangar sitji aðgerðarlausir uppi á Hólmsheiði til að skapa þrýsting á aukið fjármagn til Fjölbrautaskóla Suðurlands**
>
> Guðmundur ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu



„Það er ótækt að fangar sitji aðgerðarlausir uppi á Hólmsheiði til að skapa þrýsting á aukið fjármagn til Fjölbrautaskóla Suðurlands,“ segir Guðmundur. „Ég hafði þess vegna samband við annan skóla til að kanna möguleika á að aðrir sinni þessu á meðan, enda hef ég fundið að margir skólar hafa áhuga á menntamálum fanga.“

„Guðmundur Ingi hafði samband við okkur í gær [fyrradag] og var að kanna þessa möguleika og hvort við gætum boðið upp á eitthvað, til dæmist tengt sjálfsstyrkingu. Við tökum bara jákvætt í þetta og erum reiðubúin að skoða það,“ segir Ingi Ólafsson, skólastjóri Verzlunarskóla Íslands, og bætir við: „Það voru á tímabili nokkrir fangar í fjarnámi hjá okkur og við höfum lýst því yfir og sagt að það strandi ekki á okkur að senda kennara í staðbundnar lotur í fangelsunum ef því er að skipta.“

Í svari menntamálaráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að unnið sé að þarfagreiningu fyrir kennslu á Hólmsheiði. Ráðuneytinu sé kunnugt um framangreind sjónarmið Afstöðu, en ekki hafi komið til tals innan ráðuneytisins að fela öðrum skólum hlutverk í fangelsum landsins.

**adalheidur@frettabladid.is**





ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 84804 10/17

**Fljúgðu létt**

Ætlarðu að stoppa stutt? Viltu pakka létt? Á Economy Light er ein 10 kg handfarangurstaska innifalin og að sjálfsögðu öll sú frábæra þjónusta sem við bjóðum um borð. Léttari farangur og lægra verð.

ICELANDAIR

# Umdeildur konsúll fékk meðmæli frá sendiherra og Björgólfi Thor

**UTANRÍKISMÁL** Þáverandi sendiherra Íslands í Svíþjóð og Björgólfur Thor Björgólfsson fjárfestir voru meðal þeirra sem mæltu með því að Tsvetelina Borislavova yrði skipuð heiðursræðismaður Íslands í Búlgaríu. Skipunin gekk í gegn árið 2006 en þá var Valgerður Sverrisdóttir, Framsóknarflokki, utanríkisráðherra.

Sagt var frá því í Fréttablaðinu í gær að Borislavova hafi í búlgörskum fjölmiðlum, og víðar, verið orðuð við peningaþvætti og skipulagða glæpastarfsemi. Meðal annars var hún unnusta Boyko Borisov, forsætisráðherra Búlgaríu, en tengsl hans við mafíuna í landinu eru þekkt. Í gögnum sem lekið var á vefsíðu WikiLeaks er meðal annars sagt að ræðismaðurinn stjórni stórum búlgörskum banka sem stundi vafasöm viðskipti.

„Það er sterklega mælt með þessari konu af þeim sem best þekkja til í Búlgaríu. Hún er vel tengd í viðskiptum og stjórnmálum. Þá er



Tsvetelina Borislavova

hún náinn samstarfsaðili við þau íslensku fyrirtæki sem allra helst hafa haslað sér völl í Búlgaríu,“ segir í meðmælabréfi Guðmundar Árna Stefánssonar, þá sendiherra Íslands í Svíþjóð.



Björgólfur Thor Björgólfsson

Í bréfinu vísar hann síðar til fyrirtækja Björgólfs Thors Björgólfssonar en hann var á þessum tíma aðaleigandi stórra búlgarskra fjarskipta- og lyfjafyrirtækja auk fyrirtækja í fjármálaþjónustu.

„Frú Borislavova er vel þekkt og í hávegum höfð í viðskiptalífinu í Búlgaríu,“ segir í meðmælabréfi sem ritað er fyrir hönd Björgólfs Thors. „Í öllum hennar verkum hefur frú Borislavova sýnt sanna fagmennsku, áræðni og framúrskarandi samningslipurð. […] Það er staðföst trú mín að Borislavova verði […] trúr umboðsmaður sterkra tengsla milli Íslands og Búlgaríu og að hagsmunir lýðveldanna Íslands og Búlgaríu verði í öruggum höndum.“ **– aá**

## Stjórnendur fyrirtækja eru svartsýnni nú

**VIÐSKIPTI** Stjórnendur 400 stærstu fyrirtækja landsins telja að aðstæður í atvinnulífinu séu góðar um þessar mundir en þær muni fara versnandi á næsta hálfa árinu. Þetta sýna niðurstöður könnunar Gallup sem gerð er á þriggja mánaða fresti.

Undanfarin fimm ár hafa stjórnendurnir almennt talið að hagur fari vænkandi sé horft sex mánuði fram í tímann. Nú telja hins vegar aðeins átta prósent jákvæð teikn á lofti en tæplega þrír af hverjum tíu eru á því að þær muni versna.

Þá telja þeir auðveldara en áður að fá fólk til starfa en rúmlega þriðjungur fyrirtækja finnur fyrir skorti á starfsfólki. Stjórnendurnir áætla að á næstunni muni störfum á almennum vinnumarkaði fjölga um tæpt prósentustig eða sem nemur um 900 störfum. **– jóe**

**» Átta prósent stjórnenda telja að jákvæð teikn séu á lofti í íslensku atvinnulífi**

## Næg orka fyrir allan heiminn

**VÍSINDI** Djúpsjávarvindorkuver gætu framleitt miklu meiri endurnýjanlega orku en vindmyllugarðar á landi. Þau gætu jafnvel séð öllum heiminum fyrir orku, samkvæmt frétt á vefnum NyTeknik sem vitnar í niðurstöður rannsóknar vísindamanna við The Carnegie Institution for Science í Washington.

Í skýrslu vísindamannanna, sem birt var í ritinu Proceedings of the National Academy of Sciences, segir að vindorkuver í Norður-Atlantshafi gætu að vetrarlagi séð allri heimsbyggðinni fyrir nægri orku. Að sumarlagi gætu vindorkuverin mætti allri orkuþörf Evrópu. **– ibs**

# Fleiri sækja um greiðsluaðlögun þrátt fyrir bætta skuldastöðu

**Á sama tíma og eigið fé heimila hefur stórbatnað hjá langflestum landsmönnum fjölgar umsóknum til Umboðsmanns skuldara. Efsta tekjutíundin á hreint eigið fé upp á tvö þúsund milljarða króna eða að meðaltali um 100 milljónir í hreina eign. Bætt staða skýrist að mestu af hækkandi fasteignaverði hér á landi.**

**SAMFÉLAG** Umsóknum um greiðsluaðlögun hjá Umboðsmanni skuldara hefur fjölgað á sama tíma og eiginfjárstaða einstaklinga hefur stórbatnað. Á fyrstu átta mánuðum þessa árs bárust 326 umsóknir. Embættinu hafa ekki borist fleiri umsóknir á sama tímabili síðustu fimm árin.

Samtals hafa rúmlega sjö þúsund umsóknir borist Umboðsmanni skuldara síðan embættið tók til starfa í ágúst 2010. Á bak við hverja og eina getur verið annars vegar einstaklingur og hins vegar sambýlisfólk eða hjón. Því eru fleiri einstaklingar sem sækja um greiðsluaðlögun en fjöldi umsókna gefur til kynna.

Rúmlega fjörutíu þúsund manns voru með neikvætt eigið fé, skulduðu meira en þau áttu, um síðustu áramót. Að sama skapi átti efsta eignatíundin, 20.860 einstaklingar, meira en allir aðrir landsmenn til samans. Átti hver þeirra að meðaltali um 100 milljónir í hreina eign. Hrein eign landsmanna hefur meira en tvöfaldast frá árinu 2010 og staða allra tíundahópa batnað gríðarlega.

Þetta kom fram í tölum Hagstofunnar í síðustu viku um dreifingu eiginfjár einstaklinga eftir tíundum frá árinu 2010-2016. Árið 2010 var eigið fé einstaklinga hér á landi samtals um 1.565 milljarðar króna. Við síðustu áramót var samanlagt eigið fé einstaklinga 3.343 milljarðar.

Eigið fé allra tíunda hefur stóraukist á þessu tímabili sem er eitt lengsta samfellda hagvaxtarskeið Íslendinga. Neðsta tíundin, sem lakast stóð hvað varðar stöðu eiginfjár, hafði neikvætt eigið fé upp á um 400




**Fleiri leita nú á náðir Umboðsmanns skuldara fyrstu átta mánuði ársins en síðustu fimm ár.** VÍSIR/VILHELM



**Henný Hinz, deildarstjóri hagdeildar ASÍ.**

milljarða í árslok 2010. Árið 2016 hafði staða þessa hóps skánað um helming og nemur mínusinn nú um 200 milljörðum króna.

Henný Hinz, deildarstjóri hagdeildar Alþýðusambands Íslands (ASÍ), segir bætta eiginfjárstöðu einstaklinga skýrast að miklu leyti af hækkandi fasteignaverði hér á landi. „Þetta hefur ekkert með ráðstöfunartekjur landsmanna að gera. Það getur alveg verið svo að eigið fé einstaklinga fari hækkandi vegna hækkandi fasteignaverðs heimila þeirra en á sama tíma fari ráðstöfunartekjur þeirra lækkandi,“ segir Henný.

Efsta tíundin á eigið fé sem samsvarar um tvö þúsund milljörðum króna og hefur hækkað um 700 milljarða frá árinu 2010. Samanlagt eigið fé allra hinna hópanna er um 1.280 milljarðar. Eiginfjárstaða er mismunur á heildareignum og heildarskuldum einstaklinga.

sveinn@frettabladid.is


BOÐ TIL ALMENNINGS

Finnski ísbrjóturinn MSV Nordica

13. – 15. október
milli klukkan 10:00 – 14:00

Gamla Höfnin, Miðbakki

MSV Nordica hefur siglt bæði norðaustur og norðvestur leiðirnar í gegnum íshafið og verður til sýnis fyrir almenning.

Ísbrjóturinn kemur í tilefni alþjóðaþings Hringborðs Norðurslóða – Arctic Circle, sem haldið er í Hörpu, 13.-15. október, 2017.

Allir velkomnir






Það er engin ástæða til að breyta því sem vel er gert. Á Economy Standard færðu sígilda og notalega þjónustu eins og hún hefur alltaf verið hjá okkur. Bæði 23 kg farangur og 10 kg handfarangur er innifalinn. Haltu þig innan þægindarammans.

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 84804 10/17

# Bær Ingólfs jafnvel við Iðnaðarbankann

**Fyrrverandi dómkirkjuprestur segir kuml höfðingja sem fannst á Landsímareitnum geta kollvarpað tilgátunni um að bær Ingólfs Arnarsonar hafi staðið þar sem síðar varð Aðalstræti. Skoða þurfi hvort bæ fyrsta landnámsmannsins sé ekki að finna við Lækjargötu.**



**Séra Þórir Stephensen segir fund kumls á Landsímareit gefa vísbendingu um að bær Ingólfs Arnarsonar gæti hafi verið hér við Lækjargötu fremur en við Aðalstræti og gagnrýnir áform um framkvæmdir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**FORNMINJAR** „Þarna er örugglega höfðingjagröf," segir séra Þórir Stephensen, fyrrverandi dómkirkjuprestur og staðarhaldari í Viðey, um kuml sem fannst á Landsímareitnum og er enn til rannsóknar hjá sérfræðingum.

Séra Þórir er einn þeirra sem gagnrýna harðlega áform um nýja viðbyggingu við gamla Landsímahúsið fyrir 160 herbergja hótel. Með framkvæmdunum yrði raskað hinum forna Víkurgarði þar sem verið hafi grafreitur í meira en þúsund ár. Heiðið kuml sem þar fannst í fyrra undir hinum kristnu gröfum þurfi að rannsaka betur. Kumlið sé talið vera frá árunum 870 til 875.

„Þetta gæti verið aðeins eitt stakt kuml en ef rannsókn undir Kirkjustræti leiðir í ljós fleiri kuml þá er kominn kumlareitur og þá þurfa menn að íhuga vel hvort ekki þurfi að færa bústað Ingólfs frá Aðalstræti og yfir í Lækjargötu," segir Þórir og vísar þá til minja sem fundist hafa við Iðnaðarbankahúsið svokallaða á Lækjargötu 12.

Nánar útskýrir Þórir að Þór Magnússon, fyrrverandi þjóðminjavörður telji að fjarlægðin frá þeim stað í Aðalstræti þar sem núverandi tilgáta segir að hafi verið bæjarstæði landsnámsmannsins Ingólfs Arnarsonar sé of lítil frá kumlinu sem nú sé fundið til þess að bær Ingólfs hafi getað verið þar.

„Þetta er höfðingjagröf og hún virðist ekki hafa tilheyrt þessum bæ í Aðalstræti. Hún hefur frekar tilheyrt bænum sem búið er að finna við Lækjargötu. Og þar á að fara að rífa Iðnaðarbankann og ég hef ekki heyrt hvað á að gera við þær rústir," segir Þórir. Um sé að tefla atriði sem skipti máli yfir söguna.

„Upphaf Reykjavíkur er svo mikið púsluspil. Nú er komið í ljós að það er vafasamt að púslubitinn sem er í Aðalstræti sé bær Ingólfs. Þetta gæti verið upphafið að því að sjá að hann er ekki á réttum stað," segir Þórir. Margt spennandi hafi fundist í kumlinu sem ekki hafi verið sagt frá og sé enn til rannsóknar. „Þegar rannsókninni lýkur þarf að raða púsluspilinu og sjá hvernig það passar við púsluspil sagnfræðinga í Reykjavík."

Ekki náðist í gær tal af Völu Garðarsdóttur fornleifafræðingi, stjórnanda uppgraftarins á Landsímareitnum sem gerður er á kostnað eiganda lóðarinnar, Lindarvatns ehf., í samvinnu við Minjastofnun. Vala hefur opinberlega sagt umræðuna um reitinn vera á villigötum.

„Staðreyndin er nefnilega sú að í jörðinni voru sundur skornar minjar. Að púsla þeim saman með greiningum og túlkunum er og mun ætíð verða fræðilegt þrætuepli. Þessi staðreynd hryggir mig mjög en hún er staðreynd engu að síður. Þær greiningar, sem gerðar verða á þeim sýnum er tekin voru, munu kannski svara einhverjum spurningum sem brenna á mönnum í dag, en það er óraunhæft að ætlast til þess að hægt sé að fullyrða, hvað þá sanna það sem þarna var," skrifaði Vala í grein á vefsíðunni landsimareitur.is fyrir um hálfum öðrum mánuði.

Þórir segir að endurheimta verði allt land Víkurgarðsins. „Þá getum við sett upp minningarmark um þennan ókunna höfðingja sem þarna er heygður. Að setja slíkan stað undir kjallaragólf á hóteli, sem kannski verður bara vaskahús eða ruslatunnugeymsla væri menningarlegt stórslys." gar@frettabladid.is

> **Að setja slíkan stað undir kjallaragólf á hóteli, sem kannski verður bara vaskahús eða ruslatunnugeymsla væri menningarlegt stórslys.**
>
> Séra Þórir Stephensen






**Fleiri sérgreinalæknar eru komnir til Sjúkrahússins á Akureyri (SAK) þó ekki sé búið að manna allar stöður. Ráðningar ganga nú betur.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Fá nýja sérgreinalækna á Sjúkrahúsið á Akureyri

**AKUREYRI** Undanfarin misseri hefur gengið betur að ráða sérgreinalækna á Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK) en síðustu ár að mati Sigurðar Einars Sigurðssonar, framkvæmdastjóra lækninga á SAK. Sjúkrahúsið hefur unnið að því að fá til sín sérgreinalækna síðustu ár en oft ekki haft erindi sem erfiði.

„Við erum búin að ráða bæklunarskurðlækna, svæfinga- og gjörgæslulækna, almenna skurðlækna, þvagfæraskurðlækni og lyflækni svo eitthvað sé nefnt," segir Sigurður. „Við erum ekki komin á þann stað að manna allar stöður en staðan í mörgum greinum er betri en oft áður."

Að auki nefnir Sigurður að vel hafi gengið að ráða unglækna við sjúkrahúsið. Þær stöður eru nokkuð mikilvægar að mati Sigurðar. „Þá hefur vel gengið að manna unglæknastöður hjá okkur. Það er alltaf gott ef við horfum fram í tímann."

Fyrir viku tilkynnti sjúkrahúsið að nýr þvagfæraskurðlæknir hafi verið ráðinn í hlutastarf til sjúkrahússins. Sá heitir Jón Örn Friðriksson. „Jón Örn mun starfa í hlutastarfi og alla jafna vera á sjúkrahúsinu vikulega, þriðjudaga og miðvikudaga. Hann mun sinna göngudeildarþjónustu þvagfæravandamála, legudeildarsjúklingum og speglunum ásamt aðgerðum á skurðstofu," sagði í tilkynningu sjúkrahússins. – sa

> **Við erum búin að ráða bæklunarskurðlækna, svæfinga- og gjörgæslulækna, almenna skurðlækna, þvagfæraskurðlækni og lyflækni svo eitthvað sé nefnt.**
>
> Sigurður Einar Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga




Sveigjanleiki getur verið ómetanlegur. Stundum eru fáeinir aukadagar með ástvinum það dýrmætasta sem til er. Það er auðveldara að lengja og stytta ferðina á Economy Flex.

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 84804 10/17


Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu. NORDICPHOTOS/AFP

## Stálu áætlunum Bandaríkjahers

**NORÐUR-KÓREA** Tölvuþrjótar frá Norður-Kóreu brutust inn í gagnabanka varnarmálaráðuneytis Suður-Kóreu og stálu gögnum sem tengjast hernaðaráætlunum bæði Suður-Kóreu og Bandaríkjanna. Rhee Cheol-hee, suðurkóreskur þingmaður, staðfesti innbrotið í gær en Norður-Kórea hefur neitað öllum ásökunum.

Ráðuneytið neitaði að tjá sig um árásina í gær en um er að ræða 235 gígabæt af gögnum. Á meðal þess sem stolið var eru áætlanir ef til stríðs kemur á Kóreuskaga, áætlanir um að ráða Kim Jong-un einræðisherra af dögum og samskipti æðstu hershöfðingja Bandaríkjanna og Suður-Kóreu.

Árásin var gerð í september á síðasta ári en samkvæmt Yonhap-fréttastofunni í Seúl hafa slíkar árásir verið tíðar. Jafnframt heldur miðillinn því fram að Norður-Kórea njóti aðstoðar vel þjálfaðra hakkara erlendis, meðal annars í Kína.

Afskaplega ólíklegt er að þessi tíðindi verði til þess að leysa úr spennunni sem hefur stigmagnast á Kóreuskaga undanfarna mánuði, en Bandaríkjaforseti og einræðisherra Norður-Kóreu hafa kallað hvor annan geðsjúklinga og hótað árásum og gjöreyðingu. – þea

# Sjálfstæði frestað og gengið til samningaviðræðna við Spán

**Þing Katalóníu frestaði því í gær að kljúfa héraðið frá Spáni. Héraðsstjórinn vonast til að fresturinn verði nýttur til viðræðna við Spánverja um skilmála útgöngu í stað einhliða yfirlýsingar.**


Katalónskir bændur lögðu dráttarvélum sínum við Sigurbogann í Barcelona í gær til að krefjast sjálfstæðis. NORDICPHOTOS/AFP

**SPÁNN** Katalónar frestuðu því í gær að lýsa yfir sjálfstæði frá Spáni. Fresturinn er hugsaður til að ná samningum við spænsk stjórnvöld.

„Við munum lýsa yfir sjálfstæði frá Spáni en við erum að gefa þeim smá tíma,“ sagði Carles Puigdemont, forseti héraðsstjórnar Katalóníu, í ávarpi sínu til katalónska þingsins í gær. Hann biðlaði til spænskra stjórnvalda að virða niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu héraðsins.

Togstreitan á milli Spánverja og Katalóna hefur magnast dag frá degi allt frá því katalónska þingið samþykkti að kosið yrði um sjálfstæði héraðsins. Spánverjar lýstu kosningarnar ólöglegar og sendu lögreglu á svæðið til þess að gera kjörgögn upptæk. Átök við lögreglu á kjördag skiluðu hundruðum Katalóna á sjúkrahús. Alls kusu níutíu prósent þátttakenda með sjálfstæði en kjörsóknin var um fjörutíu prósent.

Katalónska lögreglan, Mossos d'Esquadra, stóð vörð fyrir utan þinghúsið í gær og nánasta umhverfi hússins var lokað fyrir almenningi. Samkvæmt yfirvöldum var það gert í öryggisskyni.

Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar, heldur ræðu á spænska þinginu í dag og hafði ekki tjáð sig um ræðu Puigdemont þegar Fréttablaðið fór í prentun. Hann hefur áður sagt að það komi ekki til greina að Katalónía fái að kljúfa sig frá Spáni. Samkvæmt stjórnarskrá Spánar hefur ríkisstjórnin rétt til þess að svipta Katalóníu sjálfsstjórnarréttindunum.

Áður en forsetinn hélt ræðu sína biðlaði borgarstjóri Barcelona til hans og Rajoy um að reyna að draga úr spennunni. Ríkisstjórn Spánar hvatti Puigdemont jafnframt til þess að gera ekkert sem hann gæti ekki dregið til baka og að lýsa ekki yfir sjálfstæði einhliða.

Evrópusambandsliðar hvöttu jafnframt til þess að sjálfstæðisyfirlýsing yrði ekki gefin út. Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs ESB, sagði slíka yfirlýsingu slæma fyrir Katalóna, fyrir Spánverja og fyrir gjörvalla Evrópu. thorgnyr@frettabladid.is



# Odinga fer ekki aftur í forsetaframboð í Keníu

Óvíst er hvort forsetakosningar fara fram í október í Afríkuríkinu Keníu. Kosið var í ágúst en hæstiréttur ógilti niðurstöðurnar. Stjórnarandstöðuleiðtogi telur að ekki verði hægt að kjósa fyrr en umbætur hafa verið gerðar á kosningakerfinu.

**KENÍA** Stjórnarandstöðuleiðtoginn Raila Odinga verður ekki á kjörseðlinum þegar Keníumenn ganga til kosninga síðar í mánuðinum. Odinga laut í lægra haldi fyrir sitjandi forseta, Uhuru Kenyatta, í ágúst. Fékk Kenyatta 54 prósent atkvæða en Odinga 45 prósent. Þar sem þær kosningar voru dæmdar ólöglegar stóð til að kjósa aftur þann 26. október næstkomandi.

Í tilkynningu frá flokki Odinga kemur fram að vegna ákvörðunar hans kveði reglur á um að það þurfi að hætta við kosningarnar. Það muni gefa óháðum aðilum nægan tíma til þess að leggjast í umbætur á kosningakerfinu svo hægt sé að halda sanngjarnar og löglegar kosningar. Samkvæmt úrskurði hæstaréttar frá því í ágúst voru ógildu kosningarnar ógagnsæjar og niðurstöðurnar ósannreynanlegar.

„Eftir að hafa skoðað stöðu okkar vandlega með tilliti til væntanlegra kosninga teljum við að það þjóni hagsmunum Keníumanna best að flokkurinn dragi forsetaframboð sitt til baka,“ sagði Odinga á blaðamannafundi.

Sitjandi ríkisstjórn Keníu heldur því hins vegar fram að kosningar geti farið fram þann 26. október og sigurvegari þeirra verði svo svarinn inn í embætti. Odinga heldur því fram að enginn raunverulegur vilji sé til úrbóta á meðal stjórnarliða.



Raila Odinga vill að hætt sé við forsetakosningarnar. NORDICPHOTOS/AFP

Odinga kallaði eftir mótmælum í gær. Studdist hann við slagorðið „Engar umbætur = engar kosningar“. Hann, sem og flokkabandalagið sem hann er í forsvari fyrir, hafði áður sagt að ekkert yrði af framboði Odinga nema í umbætur yrði ráðist.

Strax í kjölfar kosninga ágústmánaðar krafðist Odinga þess að niðurstöður kosninganna yrðu ógiltar. Hann sagðist jafnframt hafa grun um að brögð væru í tafli strax á kjördag.

Alþjóðlegir eftirlitsaðilar mátu kosningarnar hins vegar löglegar áður en hæstiréttur ógilti niðurstöðu þeirra. Eftirlitsaðilar á vegum Evrópusambandsins sögðu þær til að mynda rétt framkvæmdar þótt fjöldi ógildra kjörseðla væri áhyggjuefni. thorgnyr@frettabladid.is


Varmadælur & loftkæling

Kælitækni




- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Hægt að fá WiFi

Verð frá aðeins kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44) f. íbúð ca 60m2.

SIF NART 1948
SJÓN ER SÖGU RÍKARI !



JS Watch co.
REYKJAVIK

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is



# Kattasmölun



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Vinstri græn hafa lýst sig reiðubúin til þess að leiða næstu ríkisstjórn enda flokkurinn að mælast sá stærsti nú þegar stutt er til kosninga. Þessa góðu útkomu VG má túlka sem ákveðið ákall um aukna félagshyggju, jöfnuð og kvenfrelsi í samfélaginu, auk þess sem það endurspeglar það traust sem þjóðin ber til Katrínar Jakobsdóttur. Þessi breytta staða er auðvitað ánægjuleg fyrir Vinstri græn en það er mikilvægt að forysta flokksins sé meðvituð um að auknu fylgi fylgir aukin ábyrgð, auknar kröfur og aukið aðhald.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur lengstum verið í hlutverki stóra flokksins í íslenskum stjórnmálum en bæði stjórnmálaskýrendur og vinstrimenn hafa lengi talið ástæðuna vera hversu samstíga flokkurinn er í stórum málum. Hið sama hefur ekki verið uppi á teningnum vinstra megin, heldur meira í ætt við að smala köttum eins og haft var eftir Jóhönnu Sigurðardóttur. Katrínu kattasmala Jakobsdóttur virðist þó hafa tekist verkefnið og Vinstri græn ganga fylktu liði í kosningabaráttunni þótt enn sé góður spölur til byggða.

Vandinn er hins vegar að flokkurinn virðist enn eiga eftir að gera kjósendum grein fyrir afstöðu í ákveðnum málum er varða einmitt hagsmuni hinna dreifðari byggða. Hagsmunamál sem fela í sér ákveðna mótsögn við yfirlýsta umhverfisstefnu flokksins og fjölmargir kjósendur horfa eflaust til áður en gengið er að kjörborðinu. Kjósendur sem vilja láta náttúruna njóta vafans.

Eitt þekktasta dæmið er eflaust sú ákvörðun Steingríms J. Sigfússonar, þáverandi atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, að heimila uppbyggingu kísilversins á Bakka. Áætlað er að viðkomandi verksmiðja muni brenna 66 þúsund tonnum af kolum árlega til þess að framleiða kísilmálm. Steingrímur sagði reyndar á sínum tíma að verksmiðjan væri betri kostur en álverið sem áður var fyrirhugað á Bakka en grænn verður þessi iðnaður nú seint talinn.

Annað mál og líka viðkvæmt byggðastefnumál lýtur að stórfelldum áætlunum um laxeldi á Vestfjörðum. Andstæðingar laxeldis hafa ítrekað bent á að þetta sé mengandi og óumhverfisvæn matvælaframleiðsla en sveitarfélögin á Vestfjörðum segja að eldið teljist umhverfisvænt í samanburði við annað eldi. Sveitarfélögin hafa eðlilega atvinnumöguleikana að leiðarljósi en það breytir ekki þeirri staðreynd að laxeldi er tæpast grænt, hvorki með né án samanburðar. Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingmaður VG í Norðvesturkjördæmi, virtist þó fara aðeins á undan flokknum þegar hún lýsti yfir stuðningi sínum við áætlanirnar. Lítið hefur hins vegar farið fyrir viðbrögðum flokksforystunnar í þessu máli en ljóst að kjósendur þurfa að vita hvaða úrlausna verði leitað fari svo að Vinstri græn leiði næstu ríkisstjórn.

Nú þegar styttist til kosninga er mikilvægt að Vinstri græn geri grein fyrir afstöðu sinni í málum sem þessum þar sem atvinnuhagsmunir landsbyggðarinnar eru í mögulegri andstöðu við umhverfisvernd. Það er nefnilega ekki alltaf hægt að bæði halda og sleppa því þá er hætt við kettirnir rjúki hver í sína áttina.

**Katrínu kattasmala Jakobsdóttur virðist þó hafa tekist verkefnið og Vinstri græn ganga fylktu liði í kosningabaráttunni þótt enn sé góður spölur til byggða.**

Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is

HEKLA

## Halldór




## Frá degi til dags

**Þungt högg**

**Ríkisstjórnarflokkarnir hafa allir átt erfitt uppdráttar í kosningabaráttunni. Sjálfstæðisflokkurinn mælist í sögulegri lægð í skoðanakönnunum og kraftaverk má heita ef Viðreisn og Björt framtíð ná kjörnum manni inn á Alþingi. Gagnrýni Guðlaugar Kristjánsdóttur, stjórnarformanns Bjartrar framtíðar, og Bjartar Ólafsdóttur umhverfisráðherra á stjórnmálaþátttöku Jóns Gnarr með Samfylkingunni hefur svo ekki verið til þess að auka tiltrú fólks á flokknum. Raunar má kannski segja að svar Jóns Gnarr sem vefmiðlar birtu í gær væri rothögg fyrir flokkinn.**

**Besti vinur vinstri**

**Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni eru ekki vandaðar kveðjurnar á Vef-Þjóðviljanum, riti sem er stýrt af persónulegum vinum Sigríðar Andersen dómsmálaráðherra. Þar er rakið að í ársbyrjun 2009 hafi Sigmundur Davíð, sem nýkjörinn formaður Framsóknarflokksins, stuðlað að myndun vinstri stjórnar með því að beita sér fyrir því að Framsóknarflokkurinn veitti stjórn Samfylkingarinnar og VG hlutleysi. Nú væri Sigmundur á ný að gera sitt til að stuðla að myndun hreinnar vinstri stjórnar með því að mynda nýjan flokk, sem væntanlega mun taka mest fylgi frá Framsóknarflokknum og Sjálfstæðisflokknum.**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Breytum um kúrs í heilbrigðismálum



Kolbeinn Óttarsson Proppé
þingmaður Vinstri grænna

Hvernig á að byggja upp heilbrigðiskerfi þjóðar? Reka það, starfrækja, hlúa að þannig að það nýtist þjóðinni allri? Þessara spurninga hefur oft og tíðum verið spurt undanfarin ár, en því miður hafa of margir stjórnmálaflokkar heykst á því að svara þeim. Afleiðing þess er að heildarstefnu í heilbrigðismálum skortir og á meðan opinbera kerfið hefur setið á hakanum hefur einkarekni hlutinn vaxið nánast stjórnlaust.

Er það afleiðing hugmyndafræðilegra umræðna, þar sem þjóðin sýndi vilja sinn í verki? Nei, því miður. Þessu hefur verið laumað inn bakdyramegin, látið gerast í einstöku samningum án þess að skýr stefna sé borin undir þjóðina. Skyldi kannski engan undra, því kannanir sýna að mikill meirihluti vill einmitt þveröfuga stefnu; að byggja upp hið opinbera heilbrigðiskerfi. Stefna flokka sem vilja auka veg einkarekstrar hefur verið falin í orðum um fjölbreyttara rekstrarform og hugmyndafræðin var víðs fjarri hjá fráfarandi stjórnarflokkum þegar málefni Klíníkurinnar bar sem hæst í vor. Þar snerist allt um skilgreiningar orða, ekki skýra stefnu.

Ég sat fund BSRB um heilbrigðismál á mánudag, þar sem spurt var að því hver væri hagur sjúklinga, þegar að einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu kæmi. Birgir Jakobsson landlæknir var einn frummælenda og hann var býsna skýr; aukning í einkarekstri hefði hingað til í raun og veru stýrst af framboði á sérgreinalæknum, en lítið stuðst við greiningar á þörfum sjúklinga. Núverandi kerfi sé letjandi fyrir opinbera aðila, en hvetjandi fyrir einkaaðila.

Einkavæðingin hefur aukist á kostnað opinberrar þjónustu. Það er risastór pólitísk ákvörðun, sem raunar hefur aldrei verið tekin á yfirborðinu. Stjórnmálamenn sem eru fylgjandi þessari þróun hefur hingað til skort kjark til að segja það upphátt við kjósendur, enda vita þeir sem er að sú skoðun þeirra á ekki upp á pallborðið hjá kjósendum sem vilja ekki þetta óheilbrigða kerfi.

Vinstri græn eru sammála landlækni um að við eigum að staldra við varðandi einkavæðinguna. Það þarf að byggja upp sterkt opinbert heilbrigðiskerfi þar sem hagur og þarfir sjúklinga ráða för, ekki framboð á sérgreinalæknum.

**Það þarf að byggja upp sterkt opinbert heilbrigðiskerfi þar sem hagur og þarfir sjúklinga ráða för, ekki framboð á sérgreinalæknum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kjartan Hreinn Njálsson kjaranh@frettabladid.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Vísindastefna fjarri raunveruleika?

2017
Erna Magnúsdóttir
Háskóla Íslands
Eyja M. Brynjarsdóttir
Háskóla Íslands
Eyjólfur Ingi Ásgeirsson
Háskólanum í Reykjavík
Henning Úlfarsson
Háskólanum í Reykjavík
Snævar Sigurðsson
Íslenskri erfðagreiningu
Viðar Halldórsson
Háskóla Íslands
í stjórn Vísindafélags Íslendinga

Á Vísindaþingi í síðasta mánuði var kynnt stefna Vísinda- og tækniráðs 2017-2019, en síðasta stefna rann sitt skeið í lok síðasta árs.

Í stefnunni er farið hástemmdum orðum um mikilvægi vísinda og menntunar fyrir nútímasamfélag. Þó virðist hún ekki vera í tengslum við þann raunveruleika sem blasir við í íslensku vísindaumhverfi og endurspeglar heldur ekki mikinn metnað fyrir hönd vísinda, tækni og menntunar í landinu.

Til dæmis er talað um að á Íslandi sé öflugt rannsóknaumhverfi á mörgum sviðum, en ekki er horfst í augu við þær staðreyndir að rannsókna- og nýsköpunarumhverfið hér sé mjög brotakennt og öll umgjörð um það veikburða. Þetta er m.a. niðurstaða jafningjamats af hendi Evrópusambandsins sem gert var í tengslum við síðustu stefnu ráðsins en nú virðist vera búið að stinga þeirri úttekt undir stól.

Það vekur líka athygli að stærstu fjármögnunarmarkmið stefnunnar eru endurunnin úr síðustu stefnu, en færð aftur um hálfan áratug. Þessi markmið, annars vegar að fjárframlög til rannsókna- og þróunar nái 3% af vergri landsframleiðslu og hins vegar að fjármögnun háskólastigsins nái fyrst meðaltali OECD-landanna og síðan Norðurlandanna, eru vissulega nauðsynleg en að sama skapi mjög afhjúpandi. Stefnum Vísinda- og tækniráðs hefur nefnilega aldrei verið framfylgt, en nýjar stefnur voru settar fram árin 2003, 2006, 2010 og 2013 og svo núna. Því hefur þurft að setja sömu markmiðin aftur og aftur á meðan stefnurnar hefur dagað uppi sem dauð skjöl í skúffum ráðuneyta.

**Skortur á pólitískum vilja**

Á Íslandi hefur um langa hríð skort pólitískan vilja til að auka fjármögnun fyrir vísindi og háskólamenntun og endurspeglast það í vanefndum á stefnumörkun sem þó er sett fram í nafni ráðherra. Það verður samt að taka fram að eftir að síðasta stefna tók gildi fór af stað vinna við aðgerðaáætlun til að hrinda stefnunni í framkvæmd. Vakti sú vinna miklar vonir meðal vísindafólks um að nú stæði til að setja af stað metnaðarfullt starf til þess að bæta úr málum. Botninn virðist hins vegar hafa dottið úr því starfi þegar í ljós kom að hagtölur tengdar fjármögnun vísinda höfðu verið rangar og að við værum enn meiri eftirbátar samanburðarþjóða en við gerðum okkur grein fyrir. Í stað þess að gefa í og halda í markmiðin missti fólk móðinn og gafst upp.

Einn hornsteinn fjármögnunar á vísindastarfi á Íslandi eru samkeppnissjóðir Vísinda- og tækniráðs: Rannsóknasjóður, Tækniþróunarsjóður og Innviðasjóður. Það skýtur skökku við að ekki sé minnst á þessa sjóði nema í framhjáhlaupi í stefnunni, og þeim virðist því ekki ætlaður sá stóri sess sem þeir hafa haft í fjármögnun rannsókna og tækniþróunar fram að þessu. Jafnframt hefur pólitísk umræða um sjóðina síðustu misseri einhvern veginn litast af því að fólk telji að fjármögnun sjóðanna sé nú í höfn eftir að þeir fengu innspýtingu árin 2014 og 2015.

Raunveruleikinn er hins vegar annar. Þær fjárhæðir sem einstakir vísindahópar geta sótt í sjóðina eru mun lægri en það sem gengur og gerist í nágrannalöndunum. Hér eru innviðir sem snúa að rannsóknarhópum jafnframt veikburða og því verður enn minna úr því fjármagni sem sótt er í sjóðina en ef innviðir og umgjörð um vísindi væru ásættanleg. Jafnframt hefur launaskrið undanfarinna ára dregið verulega úr raunvirði þeirra styrkja sem veittir eru úr sjóðunum. Þetta er alvarlegt ástand þegar við áttum okkur á því að stærstu útgjöld af styrkfé eru laun ungra vísindamanna sem fá tækifæri til þess að taka sín fyrstu skref í rannsóknum með fjármögnun úr sjóðunum. Sjóðirnir eru því grundvöllur þjálfunar ungra vísindamanna og alger forsenda þess að þau ungmenni blómstri síðar og leggi sitt fram til eflingar íslensks vísindastarfs.

Stefnunni til hróss má samt segja að þar er nú sérstaklega tekið á eflingu vísindainnviða. Við bindum miklar vonir við þá úttekt á innviðum í íslensku vísindaumhverfi sem verður framkvæmd, þar sem samkeppnishæfi íslenskra vísindamanna takmarkast að miklu leyti við þá innviði sem hér eru til staðar.

Loks viljum við taka fram að þótt markmiðin sem sett eru fram í nýrri stefnu Vísinda- og tækniráðs séu ekki eins háleit og við hefðum viljað myndum við vel við una ef stjórnvöld tækju sig til og fylgdu stefnunni eftir af einurð.

Við skorum því á þau stjórnvöld sem hér taka við stjórnartaumunum eftir kosningar að leyfa ekki málefnum vísinda og háskólamenntunar að daga uppi eina ferðina enn heldur stuðla að andlegri og veraldlegri velmegun landsins með því að tryggja þessum málum farveg til frambúðar.

GLÍMAN VIÐ NÁTTÚRUÖFLIN

„Tímamótaverk“
VIÐAR HREINSSON BÓKMENNTAFRÆÐINGUR






Áhrif náttúruaflanna á þjóðarsál Íslendinga

Endurminningar úr Vestmannaeyjum

Umhverfismál og ógnir sem steðja að lífríki jarðar

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–15 | www.forlagid.is

## Metin falla í hverri undankeppni hjá þessu liði

Íslenska knattspyrnulandsliðið hefur endurskrifað metabók sína á marga vegu í síðustu þremur undankeppnum sínum og tvö met féllu núna.

**Flestir sigurleikir í undankeppni**
7 - HM 2018
6 - EM 2016
5 - HM 2014
4 - HM 2002, EM 2000, EM 2004

**Flest stig fengin í undankeppni**
22 - HM 2018
20 - EM 2016
17 - HM 2014
15 - EM 2000
13 - EM 2004, HM 2002

**Flest mörk í undankeppni**
17 - EM 2016, HM 2014
16 - HM 2018
14 - HM 2006, HM 2002
12 - EM 2000







Þarftu að ráða?
Iðnaðarmann
Bílstjóra
Bifvélavirkja
Þjónustufólk
Öryggisvörð
Lagerstarfsmann
Matreiðslumann
elja
Starfsmannaþjónusta
Láttu okkur ráða
Elja starfsmannaþjónusta 4 150 140 elja.is ELJA@ELJA.IS



Aron Einar Gunnarsson faðmar Gylfa Sigurðsson á meðan aðrir leikmenn fagna sigrinum á Kósóvó. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hafa unnið meira en þriðjung sigra Íslands

**Íslenska karlalandsliðið í fótbolta er komið inn á sitt annað stórmót í röð en sami landsliðskjarninn hefur komið íslenska landsliðinu upp um meira en hundrað sæti á FIFA-listanum sem og inn á EM og HM í fyrsta sinn í sögunni.**

**FÓTBOLTI** Þeir voru aðeins 90 mínútum frá því að komast á Heimsmeistaramótið í Brasilíu fyrir fjórum árum og sjokkið var svo mikið að það sást á leik lykilmanna landsliðsins langt fram eftir tímabilinu.

Þarna í nóvembermánuði 2013 var íslenska landsliðið komið inn á topp fimmtíu á styrkleikalista FIFA og hafði aldrei áður verið nær því að komast inn á stórmót.

### Nei, toppinum var ekki náð

Margir fróðir menn töldu toppinum vera kannski náð og að litla Ísland myndi aldrei komast nær því að spila á HM eða EM. Það sem fáir vissu þá en allir í dag er að þetta eru engir venjulegir karakterar. Áfallið var vissulega mikið fyrir fjórum árum en liðið var ekkert á því að gefa eftir. Þeir voru ungir enn og vissu að fleiri tækifæri myndu bjóðast.

Íslenska liðið vann fyrstu þrjá leiki undankeppni EM 2016 þar af þann síðasta 2-0 á móti bronsliði Hollendinga frá heimsmeistaramótinu sem þeir voru svo nálægt því að komast á. Eftir sigur á Tékkum í júní var liðið í dauðafæri að komast á stórmót í fyrsta sinn og eftirminnilegur sigur á Hollendingum í Amsterdam nánast gulltryggði EM-sætið.

### Heilluðu allan heiminn

Strákarnir voru ekkert sáttir við bara að komast á EM og mættu þangað til að ná árangri. Áður en við vissum voru bæði leikmenn og stuðningsfólkið búin að heilla allan heiminn og Ísland komið í átta liða úrslit á sínu fyrsta EM.

Aftur freistuðust einhverjir til að efast um að nú væri toppinum náð. Lars Lagerbäck ætlaði að skilja Heimi Hallgrímsson einan eftir og liðið lenti í mjög erfiðum riðli í undankeppni HM 2018. Það var því ekkert allt of bjart útlit um miðjan seinni hálfleik á heimavelli á móti Finnlandi þegar liðið var 2-1 undir. Tvö mörk í uppbótartíma tryggðu öll þrjú stigin og íslenska liðið sundurspilaði Tyrki á sama stað í leiknum á eftir.

Aftur var það eftirminnilegur sigur á sterkri þjóð (nú Króötum) í júníbyrjun sem kom íslenska liðinu í dauðafæri á að komast á HM í fyrsta sinn og þrátt fyrir óvænt tap í Finnlandi í fyrsta leik haustsins tryggði íslenska liðið sér sögulegt HM-sæti með því að vinna þrjá síðustu leikina sína í riðlinum með markatölunni 7-0.

Síðan Aron Einar Gunnarsson tók við fyrirliðabandinu og íslenska liðið mætti í sína fyrstu undankeppni með þennan kjarna í aðalhlutverki hefur Ísland unnið alls átján leiki í undankeppni og bætt metið yfir sigurleiki í undankeppni þrisvar sinnum. Íslenska landsliðið tók fyrst þátt í undankeppni fyrir stórmót árið 1957 og hafði fram að undankeppni HM 2014 „aðeins“ unnið 34 af 169 leikjum sínum í undankeppni HM og EM. Það gerir 20 prósent leikjanna.

### Átján sigrar á sex árum

Í síðustu þremur undankeppnum hefur íslenska liðið unnið 18 af 32 leikjum sínum eða 56 prósent leikjanna. Þessir átján sigrar á sex árum eru nú meira en þriðjungur allra sigurleikja íslenska karlalandsliðsins í undankeppnum HM og EM frá upphafi og frá haustmánuðum 2011 hefur þetta landslið okkar í dag unnið 53 prósent þeirra sigurleikja sem íslenska landsliðið vann á árunum fyrstu 53 árum sínum í undankeppnum stórmóta (1957 til 2010).

Nú tekur bara við bið. Fyrst bið eftir því að dregið verði í riðla 1. desember og svo meira en sex mánaða bið eftir fyrsta leik á HM í Rússlandi. Strákarnir okkar þurfa að haldast heilir á þessum tíma og geta vonandi mætt hundrað prósent klárir í lokaundirbúninginn næsta vor. Draumurinn um að spila á HM er orðinn að veruleika en þessir landsliðsstrákar eru ekkert hættir því að skrifa íslensku fótboltasöguna. **ooj@frettabladid.is**

## Ísland í undankeppnum HM og EM 1957-2017

**Á árunum 1957 til 2010**
**22 undankeppnir**
**34 sigrar í 169 leikjum**
**20 prósent leikja unnust**
**Markatalan: -184**

**Besti árangur í riðlakeppni**
**3. sæti HM 1994 og EM 2004**

**Á árunum 2011 til 2017**
**3 undankeppnir**
**18 sigrar í 32 leikjum**
**56 prósent leikja unnust**
**Markatalan: +20**

**Besti árangur í riðlakeppni**
**1. sæti HM 2018**
**2. sæti EM 2016 og HM 2014**

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 11. október 2017 | 37. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL










# Smærri fyrirtækjum settur stóllinn fyrir dyrnar

Ströng túlkun Fjármálaeftirlitsins á reglum um kaupaukagreiðslur þýðir að fjármálafyrirtæki eiga þess ekki lengur kost að umbuna starfsfólki með greiðslu arðs af B-hlutabréfum. Smærri fjármálafyrirtæki kvarta sáran yfir íþyngjandi reglum eftirlitsins. » 6-7



»2

## Hjörleifur bætir við sig 5 prósentum í Kviku

Hjörleifur Jakobsson og eiginkona hans hafa bætt við sig 5 prósenta hlut í bankanum. Finnur Reyr og Tómas seldu rúmlega 7 prósenta hlut sinn í Kviku fyrir um 600 milljónir.

»2

## Matvöruverslunin Víðir boðin til sölu

Eigendur matvöruverslunarinnar Víðis, sem rekur þrjár verslanir á höfuðborgarsvæðinu, leita nú að áhugasömum fjárfestum til að kaupa allt hlutafé félagsins.

»4

## Hasla sér völl á Bandaríkjamarkaði

Íslenska sprotafyrirtækið Activity Stream hefur náð samningum við um fjórðung af liðunum í einni af stærstu íþróttadeildum Bandaríkjanna.






Fyrsta verslun Víðis var opnuð í Skeifunni 2011. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Eigendur Víðis vilja selja matvöruverslunina

Eigendur matvöruverslunarinnar Víðis, sem rekur þrjár verslanir á höfuðborgarsvæðinu, leita nú að fjárfestum til að kaupa allt hlutafé félagsins. Þannig hafa forsvarsmenn Víðis að undanförnu sett sig í samband við mögulega fjárfesta í því skyni að kanna áhuga þeirra á að gera tilboð í verslunina, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Víðir er í eigu Eiríks Sigurðarsonar kaupmanns og eiginkonu hans, Helgu Gísladóttur, en þau opnuðu fyrstu Víðisverslunina árið 2011 í Skeifunni. Í dag starfrækir Víðir einnig verslanir við Hringbraut í Vesturbæ og á Garðatorgi í Garðabæ. Eiríkur hefur oft verið kenndur við 10-11, sem hann stofnaði á sínum tíma, en hann seldi síðar verslanakeðjuna til Haga.

Rekstur Víðis hefur gengið erfiðlega á undanförnum árum. Eftir tæplega 13 milljóna króna tap á rekstrinum árið 2015 skilaði verslunin hins vegar um 49 milljóna hagnaði í fyrra. Afkoma Víðis fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA) nam þá 112 milljónum borið saman við 16 milljónir á árinu 2015. Heildarvelta Víðis var 2.270 milljónir í fyrra og dróst lítillega saman á milli ára.

Heildareignir Víðis voru um 680 milljónir í árslok 2016 en eigið fé félagsins aðeins um 70 milljónir. Eiginfjárhlutfall Víðis er því um tíu prósent. Heildarskuldir verslunarinnar eru rúmlega 600 milljónir og þar á meðal er um 200 milljóna-bankaskuld.

**112**

**milljóna hagnaður var af rekstri Víðis á síðasta ári fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta (EBITDA).**

Matvöruverslunin, rétt eins og aðrar verslanir á dagvörumarkaði, hefur ekki farið varhluta af innkomu Costco á markað hérlendis sem hefur endurspeglast í lakari afkomu af rekstri verslunarinnar á undanförnum mánuðum, samkvæmt upplýsingum Markaðarins.

Þannig hefur hlutabréfaverð Haga, sem rekur meðal annars verslanir undir merkjum Bónuss og Hagkaups, lækkað í verði um ríflega 30 prósent frá opnun Costco og hefur félagið í tvígang sent frá sér afkomuviðvörun þar sem fram hefur komið að sölusamdráttur hafi orðið í júní og júlí og vísað til þess að breytt samkeppnisumhverfi hafi haft áhrif á rekstur og markaðsstöðu félagsins. Gert er ráð fyrir því að EBITDA Haga verði um 20 prósentum lægri á öðrum fjórðungi rekstrarársins en á sama tíma fyrir ári.

**hordur@frettabladid.is**

MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.,** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**

Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**

Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**

Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is



Kvika banki stefnir á First North markaðinn í Kauphöllinni fyrir árslok. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hjörleifur orðinn einn stærsti hluthafi Kviku

**Hjörleifur Jakobsson og eiginkona hans hafa bætt við sig 5 prósenta hlut í bankanum. Finnur Reyr og Tómas seldu allan hlut sinn í Kviku fyrir um 600 milljónir. Lífsverk hefur eignast 2,3 prósenta hlut. Sigurður Atli seldi 0,5 prósent.**

Hjörleifur Jakobsson, fjárfestir og fyrrverandi stjórnarmaður í Kaupþingi, og eiginkona hans, Hjördís Ásberg, eru orðin einir stærstu hluthafarnir í Kviku eftir að hafa bætt við sig um fimm prósenta hlut í fjárfestingabankanum fyrr í þessum mánuði. Seljandi bréfanna var fjárfestingafélagið Sigla, sem er í eigu Tómasar Kristjánssonar og hjónanna Finns Reyrs Stefánssonar og Steinunnar Jónsdóttur, en félagið, sem átti fyrir söluna um 7,27 prósenta hlut í Kviku, hefur losað um allan hlut sinn í bankanum. Þá hefur Sigurður Atli Jónsson, fyrrverandi forstjóri Kviku, einnig selt um hálfs prósents hlut sinn í bankanum, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Eignarhlutur Hjörleifs og Hjördísar, sem er í gegnum safnreikning hjá Virðingu, nemur í dag samanlagt 8,29 prósentum sem gerir þau að fjórða stærsta hluthafa fjárfestingabankans á eftir VÍS, Lífeyrissjóði verslunarmanna og félagi í meirihlutaeigu Sigurðar Bollasonar fjárfestis. Þau hjónin komu fyrst inn í hluthafahóp Kviku í júlí síðastliðnum þegar þau keyptu ríflega 3,3 prósenta hlut í bankanum af eignarhaldsfélaginu Brimgörðum, eins og greint var frá í Fréttablaðinu. Þá hefur Lífsverk lífeyrissjóður einnig eignast um 2,33 prósenta hlut í Kviku banka.


**Hjörleifur Jakobsson er stjórnarformaður Öryggismiðstöðvarinnar og bílaumboðsins Öskju.**

Ekki fást staðfestar upplýsingar um hvað hjónin Hjörleifur og Hjördís, ásamt Lífsverki, greiddu fyrir bréfin í Kviku en samkvæmt heimildum Markaðarins hafa bréf í Kviku að undanförnu verið að ganga kaupum og sölum á genginu 5,6 til 6,3 krónur á hlut. Sigla átti 102 milljónir hluta að nafnverði í bankanum og því má áætla að félagið hafi fengið í kringum 600 milljónir króna fyrir hlut sinn í Kviku.

Hjörleifur, sem er í dag stjórnarformaður Öryggismiðstöðvarinnar og bílaumboðsins Öskju, var um tíma einn nánasti samstarfsmaður Ólafs Ólafssonar, aðaleiganda Samskipa, og stýrði þá fjárfestingarfélaginu Kili sem var stór hluthafi í Kaupþingi. Þau hjónin hafa komið að ýmsum fjárfestingum á undanförnum árum, meðal annars að fjármögnun lúxushótelsins við Hörpu, en Hjörleifur var á árum áður forstjóri Hampiðjunnar og Olíufélagsins Esso.

Viðskiptafélagarnir Finnur Reyr og Tómas leiddu hóp fjárfesta sem keypti 65 prósenta hlut í Straumi fjárfestingabanka sumarið 2014 en ári síðar sameinaðist bankinn MP banka undir nafni Kviku. Finnur Reyr tók í kjölfarið sæti sem varaformaður stjórnar Kviku banka en á aðalfundi, sem haldinn var í mars fyrr á þessu ári, lét hann hins vegar af störfum í stjórn bankans. Þeir Finnur og Tómas hafa verið á meðal umsvifamestu einkafjárfestanna í íslensku viðskiptalífi á undanförnum árum og eru félög í eigu þeirra í hópi stórra hluthafa í Sjóvá, Regin fasteignafélagi, og Heimavöllum, stærsta leigufélagi landsins. Hagnaður Siglu á síðasta ári nam rúmlega 1.630 milljónum króna og nemur eigið fé félagsins um 4.745 milljónum.

Kvika festi kaup á öllu hlutafé í Virðingu fyrr á árinu en gert er ráð fyrir að samruni félaganna gangi formlega í gegn fyrir áramót þegar samþykki Fjármálaeftirlitsins hefur fengist. Í lok síðasta mánaðar var greint frá því að stjórn Kviku hefði samþykkt að stefna skuli að skráningu hlutabréfa bankans á First North markaðinn í Kauphöllinni fyrir árslok. Hagnaður bankans á fyrstu sex mánuðum þessa árs nam 946 milljónum króna. Arðsemi eigin fjár á tímabilinu var 26,2 prósent en eigið fé Kviku var um 8.200 milljónir króna um mitt þetta ár.

**hordur@frettabladid.is**

# Sigurður kominn með tvö prósent í VÍS

Félagið NH fjárfesting, í eigu Sigurðar Sigurgeirssonar, fyrrverandi byggingaverktaka í Kópavogi, keypti í liðinni viku um 0,48 prósenta hlut í tryggingafélaginu VÍS. Eftir viðskiptin á félag hans 1,9 prósenta hlut.

Er Sigurður þar með orðinn þriðji stærsti einkafjárfestirinn í hlutahafahópi félagsins á eftir hjónunum Svanhildi Nönnu Vigfúsdóttur stjórnarformanni og Guðmundi Erni Þórðarsyni og fjárfestingafélaginu Óskabeini. Samtals eiga þau hjónin um 8 prósenta hlut í gegnum félagið K2B fjárfestingar, sjóði í stýringu Stefnis og safnreikning Virðingar.

Miðað við gengi bréfa í tryggingafélaginu í síðustu viku má ætla að kaupverðið á 0,48 prósenta hlutnum hafi numið liðlega 120 milljónum króna. Miðað við núverandi gengi bréfa félagsins er eignarhlutur Sigurðar metinn á um 470 milljónir króna.



Einkafjárfestar og hlutabréfasjóðir eru umsvifamiklir í hópi stærstu hluthafa VÍS. Hafa lífeyrissjóðir verið að minnka hlut sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Félag Sigurðar komst á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa í lok síðasta mánaðar, en það eignaðist fyrst 1,2 prósenta hlut í VÍS í maí síðastliðnum, samkvæmt heimildum.

Rétt er þó að geta þess að sumir einkafjárfestar í VÍS eiga talsverða hlutafjáreign í gegnum safnreikning Virðingar sem er skráð með 7,1 prósents hlut í félaginu. **– kij**



Ford

KUGA




## FORD KUGA TITANIUM AWD

- 150 hestafla dísilvél
- 2.100 kg dráttargeta
- 9 Sony hátalarar
- Apple Car Play og Android Auto
- Leiðsögukerfi með Íslandskorti
- Dökklitaðar rúður í farþegarými
- Upphitanleg framrúða
- Lyklalaust aðgengi
- Tölvustýrð tvískipt miðstöð með loftkælingu
- Rafdrifin opnun afturhlera með skynjara
- Stöðugleikastýrikerfi fyrir eftirvagn
- Bakkmyndavél og bílastæðaaðstoð
- Nálægðarskynjari að framan og aftan
- 17“ Titanium álfelgur

# YFIRBURÐIR

Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, aksturseiginleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi, 8“ skjá, Bluetooth, raddstýringu og fimm stjörnu öryggi. Ford Kuga er einstaklega hæfur til að koma þér og þínum hvert á land sem er við hvaða aðstæður sem er.

FORD KUGA TITANIUM AWD SJÁLFSKIPTUR

**VERÐ FRÁ:**

# 5.590.000 KR.

Ford

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Kuga Titanium AWD***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Hasla sér völl á Bandaríkjamarkaði

**Sífellt fjölgar í hópi viðskiptavina íslenska sprotafyrirtækisins Activity Stream. Fyrirtækið hefur náð samningum við um fjórðung af liðunum í einni af stærstu íþróttadeildum Bandaríkjanna og eins marga stærstu leikvanga í Bandaríkjunum, Bretlandi og Ástralíu.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Íslenska sprotafyrirtækið Activity Stream hefur náð samningum við um fjórðung af liðunum í einni af stærstu íþróttadeildum Bandaríkjanna. Auk þess hyggjast margir af stærstu leikvöngum Bandaríkjanna, Bretlands og Ástralíu, svo sem O2-höllin í Lundúnum, nýta sér þjónustu fyrirtækisins. „Það eru mörg spennandi verkefni í pípunum,“ segir Einar Sævarsson, framkvæmdastjóri Activity Stream.

Stjórnendur fyrirtækisins eiga jafnframt í viðræðum við erlenda fjárfestingarsjóði, en þeir stefna að því að sækja meira fjármagn á næsta ári.

„Í grunninn hjálpum við fyrirtækjum að notfæra sér gervigreind til þess að bæta rekstur og þjónustu og halda utan um allar upplýsingar sem máli skipta fyrir starfsemina,“ segir Einar. „Hugbúnaðurinn sem við höfum þróað safnar saman öllum upplýsingum sem snerta rekstur viðkomandi fyrirtækis og notar síðan gervigreind til þess að vinna úr gögnunum í rauntíma. Þannig hjálpum við fyrirtækjum að skilja hvað er að gerast í rekstrinum og koma auga á ýmis tækifæri og ógnir. Markmiðið er að þau verði betur í stakk búin til þess að taka betri ákvarðanir.“

Einar segir fyrirtækið hafa vaxið hratt á stuttum tíma. „Við fórum af stað fyrir nokkrum árum með þrjá starfsmenn. Nú eru þeir 35 talsins. Við höfum vaxið eins hratt og við höfum treyst okkur til. Það eru auðvitað takmörk fyrir því hvað hægt er að vaxa hratt með góðu móti, sér í lagi í flókinni starfsemi eins og okkar. Tekjurnar hafa fylgt vextinum ágætlega eftir. Við höfum byggt upp sterkan hóp viðskiptavina og samstarfsaðila. Þetta ásamt því að bjóða upp á pakkavörur, sem hægt er að selja og afhenda til hundraða eða þúsunda viðskiptavina með góðu móti, er forsenda þess að tekjur geti vaxið hratt.



Einar Sævarsson, framkvæmdastjóri Activity Stream, segir að gjáin á milli fyrirtækja sem geta nýtt sér gervigreind í rekstrinum og þeirra sem geta það ekki breikki hratt. Síðarnefndu fyrirtækin verði að bregðast við. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

> **Við höfum undanfarið hálft ár verið í viðræðum við erlenda fjárfestingarsjóði og stefnum að því að sækja okkur meira fjármagn erlendis á næsta ári.**
>
> Einar Sævarsson, framkvæmdastjóri Activity Stream

Eins og öll sprotafyrirtæki þurftum við fyrst að prófa vöruna og finna út hvað virkar og hvað virkar ekki áður en við gátum pakkað henni, ef svo má segja, í tilbúna lausn.“

Hann segir að til að byrja með hafi fyrirtækið sniðið hugbúnaðarlausn sína sérstaklega að fyrirtækjum í afþreyingu, íþróttum og orkugeiranum. „Við höfum sem dæmi þróað eina lausn okkar í samstarfi við Shubert-samtökin sem eiga og reka flest leikhúsin á Broadway. Við höfum hjálpað þeim við að takast á við helstu áskoranirnar sem blasa við í rekstri, hvort sem þær snúa að fjármálum, sölu eða markaðssetningu.

Til viðbótar erum við að hasla okkur frekari völl í Bandaríkjunum, en á meðal væntanlegra viðskiptavina, sem við munum geta greint nánar frá um áramótin, er um fjórðungur liðanna í einni af stóru íþróttadeildunum í Bandaríkjunum. Auk þess eru margir af stærstu leikvöngum Bandaríkjanna, Bretlands og Ástralíu, svo sem Staples Center í Los Angeles og O2-höllin í Lundúnum, að byrja að nýta þjónustu Activity Stream.“

Þá segir Einar fyrirtækið hafa kynnt til sögunnar á Charge-orkuráðstefnunni, sem fram fór í byrjun vikunnar í Hörpu, nýja lausn fyrir fyrirtæki í orkugeiranum. Markmiðið sé að hjálpa þeim að fylgjast með orkunotkun og hvetja þau til þess að leita leiða til þess að spara orku. „Við fengum leyfi frá Ólafi Elíassyni, sem hefur látið þennan málaflokk sig varða, til þess að nota glerhjúp Hörpu þar sem við birtum hreyfimynd sem sýnir eyju sökkva í sæ. Tilefnið er að vekja athygli á mikilvægi þess að spara rafmagn til þess að hægja á hlýnun jarðar,“ útskýrir hann.

Eins og kunnugt er var Activity Stream nýverið valið sproti ársins hér á landi. Keppir fyrirtækið nú til úrslita um norrænu sprotaverðlaunin, en úrslitin verða tilkynnt 18. október í Stokkhólmi. „Þetta er mikill heiður fyrir okkur. Við erum tiltölulega ungt sprotafyrirtæki og höfum í raun aðeins verið starfandi í rúm tvö ár. Við höfum fengið góðar viðtökur, sérstaklega í Bandaríkjunum, en einnig í Evrópu og nú síðast í Ástralíu, þar sem við höfum undanfarið náð samningum við marga stærstu leikvanga landsins.

Það er afar óvenjulegt að íslenskt sprotafyrirtæki nái fljótt svona miklum árangri erlendis. Við höfum alltaf litið á okkur sem alþjóðlegt fyrirtæki og höfum ekki sérstaklega sóst eftir viðskiptum hér á landi. Það hefur ekki verið markmiðið í sjálfu sér, heldur höfum við horft til þess hvar áhugaverðustu viðskiptavinina sé að finna.

Það hefur komið í ljós að það er gríðarleg eftirspurn eftir gervigreindarlausnum eins og við höfum þróað. Æ fleiri átta sig á því að gjáin á milli fyrirtækja sem geta nýtt sér gervigreind í rekstrinum og þeirra sem geta það ekki er að breikka hratt. Hætt er við því að síðarnefndu fyrirtækin séu að verða of sein að bregðast við.“

Á meðal bakhjarla fyrirtækisins eru sjóðirnir Eyrir Sprotar, Frumtak og fjárfestirinn Magnús Ingi Óskarsson, en þeir fjárfestu í fyrirtækinu í lok árs 2015. Auk þess hefur fyrirtækið fengið dýrmætan stuðning frá Tækniþróunarsjóði. „Við höfum undanfarið hálft ár verið í viðræðum við erlenda fjárfestingarsjóði og stefnum að því að sækja okkur meira fjármagn erlendis á næsta ári. Það snýst ekki aðeins um að fá meira fé inn í fyrirtækið, heldur líka um að fá til liðs við okkur aðila sem hafa mikla þekkingu og víðfeðmt tengslanet. Það getur nýst okkur vel við frekari markaðssókn. Það er ekkert launungarmál að margir fjárfestingarsjóðir eru afar spenntir fyrir fyrirtækjum sem geta hjálpað öðrum fyrirtækjum að nýta sér gervigreind. Eftirspurnin eftir slíkri þjónustu er nánast endalaus.“





Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
SAFT


## Telja fasteignafélögin undirverðlögð

Greiningardeild Arion banka mælir með því að fjárfestar kaupi hlutabréf í skráðu fasteignafélögunum þremur, Eik, Regin og Reitum. Greiningardeildin birti ný virðismöt fyrir fasteignafélögin í síðustu viku, en þau eru á bilinu 9 til 14 prósentum yfir dagslokagengi hlutabréfa félaganna í gær.

Greiningardeildin metur virði hvers hlutar í Eik á 11,7 krónur á hlut. Lækkaði virðismatsgengið um 1,6 krónur á hlut frá síðasta mati, en það má að mestu rekja til breytinga í ytra umhverfi. Þannig hafi fasteignamat hækkað umfram væntingar og ávöxtunarkrafa auk þess rokið upp.

Bent er á að leigustarfsemi félagsins hafi verið stöðug og útleiguhlutfallið sterkt. Hins vegar hafi tekið að halla undan fæti í hótelrekstri félagsins, en Eik á og rekur Hótel 1919. Greiningardeildin tekur fram að stjórnendur fasteignafélagsins hafi lækkað afkomuspá sína fyrir hótelreksturinn á yfirstandandi rekstrarári.

Sérfræðingar Arion banka meta virði hvers hlutar í Regin á 28,7 krónur á hlut. Til samanburðar var virðismatsgengið 27,4 krónur á hlut í síðasta virðismati í mars. Segjast sérfræðingar bankans sjá fram á mikil tækifæri á næstu árum vegna fyrirhugaðra fjárfestinga, meðal annars á Hafnartorgi.



Greiningardeildin segir að dagleg velta H&M fyrstu dagana í Smáralind hafi verið um 28 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ

Auk þess er bent á að mikil velta í nýrri verslun fatakeðjunnar H&M í Smáralind, sem og aukin aðsókn í verslunarmiðstöðina, hljóti að teljast góð tíðindi. Er til dæmis tekið fram að daglega velta fyrstu sex daga H&M í Smáralind hafi numið um 28 milljónum króna.

Þá metur greiningardeildin virði hvers hlutar í Reitum 100,8 krónur. Lækkar verðmatið um 3,9 krónur á hlut frá síðasta mati í lok júlí. Uppgjör félagsins á öðrum fjórðungi var í takt við væntingar greiningardeildarinnar og kallaði ekki á breytingar á rekstrarspá. Má rekja lækkun á virðismatinu einkum til breytinga í ytra umhverfi félagsins, svo sem hærri ávöxtunarkröfu, verðbólguálags og lægri verðbólgu en áður var gert ráð fyrir.

Greiningardeildin bendir á að rekstrarspá stjórnenda taki mið af óbreyttu eignasafni, en hins vegar standi til að stækka safnið um átta til tíu milljarða króna á seinni helmingi ársins. Telur hún félagið vel í stakk búið til að ráða við slíka fjárfestingu. Til að mynda hafi handbært fé safnast upp á undanförnum mánuðum og verið um 5.387 milljónir króna í lok annars ársfjórðungs. – **kij**

# Hækkuðu verðmat sitt á Skeljungi


Afkoma Skeljungs var yfir væntingum greinenda á fyrri helmingi ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hagfræðideild Landsbankans hefur hækkað verðmat sitt á Skeljungi og mælir með því að fjárfestar kaupi hlut í olíufélaginu. Samkvæmt nýju verðmati hagfræðideildarinnar, sem Markaðurinn hefur undir höndum, er virði hvers hlutar í félaginu 7,54 krónur. Er verðmatsgengið um 11 prósentum hærra en gengi bréfa í félaginu eftir lokun markaða í gær.

Hagfræðideildin tekur fram að afkoma Skeljungs á fyrri helmingi ársins hafi verið yfir væntingum. Félaginu hafi tekist vel upp með að halda aftur af kostnaði á sama tíma og sala hafi aukist töluvert, fyrst og fremst í flugi, en fyrirtækið þjónustar bæði WOW air og Icelandair.

Hagfræðideildin bendir auk þess á að félagið selji eldsneyti í heildsölu til bandaríska risans Costco. Um töluvert magn sé að ræða en að sama skapi sé framlegðin minni af þeim viðskiptum en af venjulegri bensínsölu. Á móti komi þó heildsölutekjur af mun meira magni en félagið seldi eitt og sér.

Þá segir í verðmatinu að flestir ytri þættir séu hagstæðir Skeljungi um þessar mundir. Umferð hafi aukist mikið á þjóðvegum landsins, en styrkur félagsins liggi einna helst í þéttu neti stöðva um landið, hagvöxtur sé myndarlegur, fjárfesting á uppleið, umsvif í þjóðfélaginu fari vaxandi og olíuverð hækkandi. Þá hafi félaginu tekist vel að lækka kostnað og býst hagfræðideildin við því að áframhald verði á þeirri þróun.

Sérfræðingar hagfræðideildarinnar gera ráð fyrir meiri tekjuvexti hjá félaginu á næstu þremur árum vegna aukinna umsvifa í flugi og mikillar heildsölu til Costco, ásamt því að efnahagshorfur séu góðar. Eftir árið 2020 verði vöxturinn hins vegar um tvö prósent vegna „skorts á tækifærum til vaxtar ótengt olíu“. **– kij**

# Bakkavör á markað í nóvember

Stefnt er að því að skrá minnst fjórðung hlutabréfa í matvælarisanum Bakkavör, sem er í meirihlutaeigu bræðranna Ágústs og Lýðs Guðmundssona, á hlutabréfamarkað í Lundúnum í byrjun nóvembermánaðar. Miðað við fyrirhugað útboðsgengi gæti virði Bakkavarar numið allt 1,5 milljörðum punda sem jafngildir um 208 milljörðum króna.

Í tilkynningu frá félaginu kemur fram að stefnt sé að því að auka hlutafé um 100 milljónir punda auk þess sem stærstu eigendur félagsins, Ágúst og Lýður og bandaríski vogunarsjóðurinn Baupost, hafi hug á því að selja hluta af bréfum sínum.

Markmið hlutafjárútboðsins er að grynnka á skuldum Bakkavarar og auka fjárfestingargetu félagsins. Tekjur þess námu tæpum 1,8 milljörðum punda í fyrra og var hagnaður fyrir skatta liðlega 63 milljónir punda.

Nýverið var greint frá því að Lýður, sem stofnaði Bakkavör ásamt bróður sínum fyrir 31 ári, hefði í hyggju að stíga til hliðar sem stjórnarformaður félagsins. Mun Simon Burke, fyrrverandi forstjóri Hamleys, taka við starfinu. **– kij**


**Ágúst Guðmundsson, annar stofnenda Bakkavarar.**

# Fjárfestingafélag Vilhjálms tapaði 19 milljónum

Miðeind ehf., fjárfestingafélag Vilhjálms Þorsteinssonar fjárfestis, tapaði 19,2 milljónum króna í fyrra. Til samanburðar hagnaðist félagið um 1,8 milljónir króna árið 2015. Munaði mestu um 18,4 milljóna króna tap í fyrra vegna gengismunar.

Eigið fé félagsins var um 480 milljónir króna í lok síðasta árs borið saman við um 498 milljónir í lok árs 2015, að því er fram kemur í ársreikningi félagsins.

Miðeind ehf. er að öllu leyti í eigu félagsins Meson Holding A.S. sem er skráð í Lúxemborg.

Félagið átti í lok síðasta árs meðal annars 4,1 prósents hlut í Virðingu sem er bókfærður á 95,8 milljónir króna í ársreikningnum og 15,98 prósenta hlut í vefmiðlinum Kjarnanum sem er bókfærður á rúmar 14 milljónir króna. **– kij**


**Vilhjálmur Þorsteinsson fjárfestir.**






Gagnrýnt hefur verið að reglur um kaupaukakerfi komi verst niður á minni fjármálafyrirtækjum. Þau séu útsettari fyrir sveiflum í rekstri og því henti þeim betur að bjóða starfsmönnum lægri föst starfskjör og

# Túlkunin hamlar smærri fyrirtækjum

**Túlkun Fjármálaeftirlitsins á reglum um kaupaukakerfi þýðir í reynd að fjármálafyrirtæki eiga þess ekki lengur kost að umbuna lykilstarfsfólki með greiðslu arðs af B-hlutabréfum sem tekur mið af afkomu hvers árs. Dómstólar eiga eftir að skera úr um hvort túlkun eftirlitsins fái staðist. FME hefur lengi verið kunnugt um arðgreiðslufyrirkomulag Arctica.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Ströng túlkun Fjármálaeftirlitsins (FME) á reglum um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja gerir það að verkum að fyrirtæki sem sæta eftirliti FME eiga þess ekki lengur kost að umbuna lykilstarfsfólki með greiðslu arðs af B-hlutabréfum sem tekur mið af afkomu á hverjum tíma, að mati viðmælenda Markaðarins. Lögfræðingur sem Markaðurinn ræddi við segir dómstóla eiga eftir að skera úr um hvort túlkun eftirlitsins fái staðist, en þangað til þurfi fjármálafyrirtæki að leita annarra leiða til þess að umbuna starfsfólki sínu.

Íþyngjandi reglur Fjármálaeftirlitsins um kaupauka, sem settar voru árið 2011, hafa ýtt undir þá þróun að sum fjármálafyrirtæki, meðal annars Arctica Finance, Fossar markaðir og Kvika banki, hafa kosið að gera lykilstarfsmenn sína að hluthöfum og umbuna þeim í formi arðgreiðslna. FME hefur hins vegar komist að þeirri niðurstöðu að Arctica Finance og Kvika hafi brotið reglur eftirlitsins þar sem slíkar greiðslur hafi í reynd verið kaupaukar en ekki arðgreiðslur. Niðurstaða FME þýðir í reynd, að sögn kunnugra, að eftirlitið telji slíkt arðgreiðslufyrirkomulag ekki fá staðist samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Haraldur I. Þórðarson, forstjóri Fossa markaða, vildi ekki tjá sig um hvort FME hefði óskað eftir upplýsingum um arðgreiðslufyrirkomulag fyrirtækisins.

Fjármálaeftirlitinu hefur lengi verið kunnugt um arðgreiðslufyrirkomulag umræddra fyrirtækja, en stofnunin gerði engar athugasemdir við það fyrr en síðasta vor eftir að Markaðurinn greindi frá því að hópur starfsmanna Kviku, sem þá voru eigendur B-hluta í bankanum, hefði fengið samanlagt hundruð milljóna króna í sinn hlut í arð vegna góðrar afkomu bankans í fyrra. Lauk rannsókn FME í haust með því að lögð var 72 milljóna króna stjórnvaldssekt á Arctica Finance og þá hefur Kvika óskað eftir því að ljúka málinu með sátt og greiðslu sektar. Í framhaldinu ákvað bankinn að leggja kaupaukakerfi sitt niður og innleysa þau bréf sem starfsmenn höfðu átt sem eigendur B-hluta í bankanum.

Fjármálaeftirlitið vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað.

### Ýta undir launaskrið

„Þetta er eina atvinnugreinin sem setur svona stífar reglur um sveigjanlegar starfsgreiðslur,“ segir Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF). Ræða þurfi „fordómalaust“ hvort ekki sé ástæða til þess að hækka hlutfall sveigjanlegra starfskjara af föstum árslaunum.

Allt frá því að reglur Fjármálaeftirlitsins um kaupaukakerfi voru settar árið 2011 hafa þær sætt gagnrýni, sér í lagi af hálfu smærri fjármálafyrirtækja sem telja þær ýta undir launaskrið og skerða samkeppnisstöðu þeirra gagnvart stóru bönkunum þar sem fastur rekstrarkostnaður er hlutfallslega mun minni.

Af þeim ástæðum fóru sum íslensk fjármálafyrirtæki þá leið að gera lykilstarfsmenn sína að hluthöfum, sem hefðu þó ekki atkvæðarétt sem B, C eða D-hluthafar, og umbuna þeim í formi arðgreiðslna sem tæki mið af afkomu hvers árs. Fyrirtækin kjósa þannig að greiða lykilstarfsmönnum lægri föst laun og arð í takt við árangur á hverjum tíma í stað þess að greiða hærri föst laun og enga kaupauka.

Fyrirkomulagið er ekki ólíkt því sem þekkist hjá meðal annars lögmannsstofum, endurskoðendafyrirtækjum og verkfræðistofum.

Þess má þó geta að arðgreiðslufyrirkomulagi Arctica var komið á laggirnar við stofnun félagsins árið 2009, tveimur árum áður en kaupaukareglurnar tóku gildi.

Reglur Fjármálaeftirlitsins hafa sætt gagnrýni á vettvangi Samtaka fjármálafyrirtækja sem hafa margoft bent á að þær séu meira íþyngjandi og strangari en gengur og gerist annars staðar í Evrópu. Hætt sé við því að strangar séríslenskar reglur skerði samkeppnisstöðu íslenskra fjármálafyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum. Hafa samtökin sérstaklega vakið athygli á því að þau ríki sem við berum okkur gjarnan saman við, Danmörk, Noregur og Svíþjóð, hafi ekki séð ástæðu til þess að setja strangari reglur um kaupaukagreiðslur en kveðið er á um í regluverki Evrópusambandsins.

Gagnrýnin hefur í fyrsta lagi snúið að því að kaupauki starfsmanna megi að hámarki nema 25 prósentum af árslaunum þeirra. Til samanburðar miða Norðurlöndin, sem hafa innleitt að fullu tilskipun Evrópusambandsins um kaupaukagreiðslur, við að hlutfall árangurstengdra greiðslna geti verið allt að 100 prósent af árslaunum auk þess sem hluthafafundi fjármálafyrirtækis er heimilt að hækka hlutfallið í 200 prósent.

Í öðru lagi heimila íslensku reglurnar fyrirtækjum að endurkrefja starfsmenn um þegar útgreiddan kaupauka fimm ár aftur í tímann ef í ljós kemur að árangur hafi að verulegu leyti vikið frá því sem gert var ráð fyrir þegar ákveðið var að greiða út kaupaukann. Reglurnar þykja skerða réttindi starfsmanna og setja þá í „óviðunandi stöðu“ að mati SFF.

Þá hefur í þriðja lagi verið gagnrýnd regla sem leggur blátt bann við kaupauka til starfsmanna sem starfa við áhættustýringu, innri endurskoðun eða regluvörslu. Um séríslenska reglu er að ræða, en hin Norðurlöndin heimila kaupauka til starfsmanna sem starfa í svonefndum eftirlitseiningum fyrirtækis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

### Féllu frá áformunum

Bjarni Benediktsson, þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra, lagði vorið 2014 fram frumvarp á Alþingi þar sem lagt var til að efni Evróputilskipunar um breytileg starfskjör fjármálafyrirtækja yrði í megindráttum tekið upp í íslenska löggjöf. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að kaupaukar starfsmanna í fjármálageiranum gætu numið allt að 100 prósentum af árslaunum, en sú heimild miðaðist við að samþykki fengist frá tveimur þriðju hluthafa. Vakti umrædd tillaga hörð viðbrögð og svo fór að lokum að ákveðið var að falla frá áformunum. Er staðan því enn sú – að íslenskum rétti – að íslensku reglurnar ganga umtalsvert lengra en þær evrópsku í að reisa skorður við kaupaukagreiðslum til starfsmanna fjármálafyrirtækja.

## Lykilstarfsmenn fengu hundruð milljóna í arð

**Arctica Finance**

**668**

milljónir króna voru greiddar í arð til B, C og D-hluthafa Arctica Finance á árunum 2012 til 2017.

**Kvika**

**407**

milljónir króna voru greiddar í arð til B-hluthafa Kviku, sem eru einkum lykilstarfsmenn, vegna afkomu bankans í fyrra.

> **Þetta er eina atvinnugreinin sem setur svona stífar reglur um sveigjanlegar starfsgreiðslur.**
>
> Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja



Fólk
Heimili
MIÐVIKUDAGUR 11. OKTÓBER 2017



Glæsilegur sófi frá ILVA sem hægt er að hanna á margan hátt eftir eigin sköpunarhæfileikum.

# Hannaðu þinn eigin sófa

Húsgagna- og heimilisvöruverslunin ILVA var opnuð hér á landi fyrir níu árum á Korputorgi. ILVA hefur vaxið og dafnað með árunum en sófar, hannaðir að smekk hvers og eins, hafa verið mjög vinsælir. Margar útfærslur eru í boði. →2



Guðný Þórfríður Magnúsdóttir og Birgir Stefánsson keyptu sér hús frá árinu 1905 sem stendur við lækinn í Hafnarfirði. Þau hafa lagt mikla vinnu í að gera það upp. →4




GLAMOUR fylgir með
*Stóra- og Risapakkanum*



Kynntu þér málið á 365.is
365



Ein útfærslan af sófum sem viðskiptavinur getur hannað sjálfur.



Þrjú skref að nýjum flottum sófa.


Margvísleg form og áklæði er í boði. MYND/ERNIR

Íslendingar höfðu þekkt verslunina ILVA frá Danmörku þar sem hún var stofnsett árið 1974. Í dag er ILVA ein stærsta smásöluverslunin á Norðurlöndum sem býður upp á sérhönnuð húsgögn og heimilisvörur. Róbert Valtýsson framkvæmdastjóri segir að í ILVA sé lögð mikil áhersla á að fólk geti hannað sinn eigin draumasófa í einungis þremur þrepum. „Við leggjum áherslu á að bjóða mikið úrval af vönduðum og fallegum sófum. Furninova er sænskur framleiðandi sem framleiðir 9 útgáfur af sófum þar sem viðskiptavinir geta valið um104 tegundir af tauáklæði og 27 tegundir af leðuráklæði," segir hann. Annar stór framleiðandi er Theca frá Danmörku. En ótal möguleikar eru einnig frá þeim.

### Þessi þrjú skref eru fyrir fólk til að velja rétta sófann:

1) Veldu sófategund.
2) Veldu uppröðun og stærð.
3) Veldu áklæði.

„Í fyrsta skrefinu getur fólk komið og prófað að setjast í sófana hjá okkur og fundið hvaða gerð hentar best. Í öðru skrefinu getur fólk skoðað möguleika á sófagerðum sem við erum með, þriggja sæta, tveggja sæta, hornsófa, sófa með legubekk eða án. Í þriðja stiginu er valið um mikinn fjölda áklæða, hvort sem þau eru úr taui eða leðri. Einnig er hægt að skoða mismunandi fætur á sófana og arma. Við erum með sérstakt forrit á heimasíðunni okkar sem fólk getur skoðað heima í rólegheitum og gert upp hug sinn, hvort sem sófinn á að vera með rómantískum línum eða nútímalegu formi," útskýrir Róbert.

„Þá er sömuleiðis hægt að panta stóla og skemla í stíl við sófann. Með þessari þjónustu leyfum við sköpunarhæfileikum viðskiptavinarins að blómstra ásamt því að leggja línurnar innan þess ramma sem við erum með í boði. Allar sófagrindur sem um ræðir eru gerðar úr FSC-viðurkenndri



Hægt er að velja yfir hundrað tegundir af áklæðum á sófana. Margvíslegir litir og áferð í taui. MYND/ERNIR


Ljós eða dökkur, tau eða leður. Þitt er valið. MYND/ERNIR

furu og eru með nozag-fjöðrun. Í flestum tilfellum er sessan með stífum og endingargóðum kjarna úr svampi sem er umlukinn mjúkri trefjafyllingu. Bakið er fyllt með mjúkri trefjafyllingu," greinir Róbert frá.

„Sófana er hægt að skoða í versluninni og flestar útfærslur sem eru sýndar þar eru til á lager. Þegar um sérhönnun er að ræða tekur afgreiðslan um það bil átta til tíu vikur. Fólk hefur tekið þessari þjónustu einstaklega vel og núna fáum við heilu gámana af sérhönnuðum sófum fyrir viðskiptavini okkar. Fólk eyðir miklu meiri tíma en áður í að velja þennan eina rétta sófa sem passar inn á heimilið. Þannig er sófinn sérhannaður inn í persónulega stofu. Fólk hefur mjög gaman af því að leika sér með formið, hvort sem það er venjulegur þriggja sæta sófi, u-laga sófi eða sófi með legubekk svo dæmi séu tekin. Allir sófarnir eru framleiddir í Evrópu."

Hægt er að skoða þrívíddar-hönnunarforrit ILVA til hjálpar við að hanna draumasófann á heimasíðunni www.ILVA.is undir Minn sófi.


Fallegur leðursófi með tungu. MYND/ERNIR



Hægt er að fá stóla og skemla í stíl við sófana. MYND/ERNIR

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

theater mogul
kynnir

„Salurinn EMJAÐI úr hlátri"

„Mér er illt í maganum eftir allan þennan hlátur"

„Hef ekki hlegið svona mikið í langan tíma"



# HELLISBÚINN

**Leikari: Jóel Sæmundsson**
**Leikstjórn: Emma Peirson**

**MIÐASALA Á MIÐI.IS**

# Standa í ströngu við lækinn

**Guðný og Birgir fluttu inn í gamalt hús í Hafnarfirði í byrjun árs og hafa verið að gera það upp. Þau segja að það þurfi mikinn áhuga, þolinmæði og ást á gömlum húsum til að nenna þessu.**

**Oddur Freyr Þorsteinsson**
oddurfreyr@365.is



Fyrir ári keyptu Guðný Þórfríður Magnúsdóttir og Birgir Stefánsson sér hús frá árinu 1905 sem stendur við lækinn í Hafnarfirði. Síðan hafa þau verið á fullu við að gera húsið upp.

„Við sáum hvað þetta var ótrúlega fallegt hús með mikla sál og okkur langaði rosalega mikið að færa það aftur í upprunalegt horf,“ segir Guðný. „Við höfum alltaf heillast af eldgömlum húsum sem eru pínu skrítin, skökk og ófullkomin.“



Guðný, Birgir og Úlfur, sonur þeirra, hafa nóg að gera þessa dagana. MYND/EYÞÓR



**Gamli panellinn fær að njóta sín.** MYND/GUÐNÝ OG BIRGIR

### Skemmtilegt en erfitt

Guðný og Birgir hafa uppgötvað ýmislegt. „Það var algjör veisla að rífa því það kom ýmislegt í ljós,“ segir Guðný. „Við fundum fallegar gólffjalir og fallegan panel, gömul veggfóður og gamlar blaðaúrklippur á veggjunum. Við vorum tímunum saman að lesa gömlu auglýsingarnar. Þetta var bara alveg stórkostlega skemmtilegt.

En svo tekur uppbyggingin alveg rosalegan tíma,“ segir Guðný. „Það hefði enginn getað sagt okkur hvað þetta tekur langan tíma. Við erum líka að gera þetta allt sjálf og erum bæði í fullri vinnu og með barn, þannig að það er helst um helgar sem við náum að gera eitthvað. Við höfum líka þurft að sérsmíða mikið og finna alls kyns skapandi lausnir því að svona gömul hús fylgja ekki nútímastöðlum.“



Það er ýmislegt um að vera á Lækjargötunni. MYND/GUÐNÝ OG BIRGIR



**Bakvið klæðningu leyndist marglitur panell.** MYND/GUÐNÝ OG BIRGIR







### Ánægð þrátt fyrir óþægindi

„Við búum bara á neðri hæð hússins,“ segir Guðný. „Við gerðum upp tvö svefnherbergi áður en við fluttum inn þannig að í öðru þeirra sefur öll fjölskyldan og svo nýtum við hitt herbergið sem fataherbergi, stofu og leikherbergi. Herbergin eru svona átta fermetrar hvort, þannig að það er þröngt,“ útskýrir Guðný. „Svo höfum við verið eldhúslaus síðan við fluttum inn en útbjuggum bráðabirgðaeldhús. Þar erum við með lítið borð, rafmagnshellu og samlokugrill. Við erum bara búin að vera dugleg að grilla og að vera úti í sumar. Það fer ágætlega um okkur,“ segir Guðný. „Við erum bara svo ánægð í húsinu þótt það sé þröngt. Það er góður andi í þessu húsi og það er rétt við lækinn þannig að við heyrum lækjarniðinn þegar við förum að sofa. Það er bara yndislegt. Við yljum okkur líka við tilhugsunina um hvað það verður æðislegt þegar við komumst á efri hæðina.“


8. Furðuverk veraldarinnar

KING KONG

Aðgöngumiðar seldir frá kl. 1.

Börn innan 14 ára fá ekki aðgang.

Skrifstofa

okkar verður fyrst um sinn í húsi Nathan & Olsen, Vesturgötu, sími 1353. Afgreiðum skipavörur og veiðarfæri allskonar eins og áður. Biðjum viðskiftamenn okkar vinsamlegast að snúa

**Auglýsing fyrir kvikmyndina King Kong frá 1933 fannst bak við gamla klæðningu.** MYND/GUÐNÝ OG BIRGIR

### Þarf mikinn áhuga og ást

Guðný segir að svona framkvæmdir séu ekki fyrir alla. „Ég myndi segja að ef fólk er ekki í stöðu til að gera þetta sjálft myndi ég kannski sleppa þessu,“ segir hún. „Ekki nema það hafi þeim mun meiri pening á milli handanna og geti ráðið iðnaðarmenn. Við hefðum aldrei keypt þetta hús og farið í þetta nema af því að við getum gert svo mikið sjálf. Það þarf mikinn áhuga, þolinmæði og ást á svona gömlum húsum til að nenna þessu.“ Það er hægt að fylgjast með vinnu Guðnýjar og Birgis á blogginu þeirra á www.vidlaekinn.com.

LYFJA
– Lifið heil

LANCÔME
PARIS







L'ABSOLU RÔSES
LITIR – ÁFERÐIR – ÓENDANLEGIR MÖGULEIKAR

# LANCÔME DAGAR Í LYFJU

## LÁGMÚLA, LAUGAVEGI, SMÁRALIND OG SMÁRATORGI 11. TIL 13. OKTÓBER

## 20% AFSLÁTTUR
### AF ÖLLUM LANCÔME VÖRUM




**VIÐ MÆLUM MEÐ TVEIMUR NÝJUNGUM FRÁ LANCÔME SEM HENTA ÖLLUM KONUM.**

Flestir þekkja BI-FACIL augnfarðahreinsinn vinsæla. Nú er kominn nýr **Bi-FACIL VISAGE** tveggja fasa hreinsir fyrir andlit sem hreinsar óhreinindi og allar förðunarvörur. Bi-Facil er sett í baðmull og farði, óhreinindi og mengun strokin burt hratt og örugglega án þess að nudda. Fljótlegt og þægilegt og húðin verður tandurhrein á augabragði.

**MIEL-EN-MOUSSE** er freiðandi farðahreinsir með hunangi sem hefur tvöfalda virkni. Hann er borinn á húðina og nuddaður þar til hann verður kremkenndur og þá er volgt vatn sett á hendurnar og nuddað létt áfram þar til froða myndast. Skolaður af með vatni og húðin er hrein og ljómandi.

lyfja.is

# Sjóðheitt chili á haustkvöldi

Þegar kólnar úti og skuggsýnt verður er auðveldlega hægt að kveikja í hjörtum heimilisfólksins með lokkandi angan af kraumandi kryddi, kjöti og baunum sem ylja bæði sál og sinni.

Chili con carne er bragðsterk kássa og samanstendur af nautahakki, eldpipar, tómötum og baunum. Nafnið chili vísar til rauða eldpiparsins og á spænsku þýðir carne kjöt. Rétturinn var líka kallaður djöflakássa á 18. öldinni og naut gríðarlegra vinsælda meðal kúreka í Texas jafnt sem fúlmenna í fangelsum enda ódýr matur, saðsamur og góður.

Chili con carne á sér margar útgáfur. Sú fyrsta var kennd við Mexíkó og varð áberandi í Texas þar sem hundruð svokallaðra chili-búlla elduðu allar sínar eigin uppskriftir af réttinum. Útbreiðsla chili con carne dreifðist fljótt yfir í önnur fylki vestra og skömmu síðar varð útgáfa Cincinnati-búa ekki síður vinsæl vegna öðruvísi kryddnotkunar og minni sætleika. Cincinnati chili er í ætt við ítalska réttinn spagettí Bolognese en á sér líka grískan uppruna með notkun fleiri krydda Miðjarðarhafsins, eins og kanils, kakós og allrahanda.



Heimatilbúið Chili con carne hittir heimilisfólkið í hjartastað enda kraftmikill og bragðgóður í munn og maga.

## Chili con carne

fyrir 4

**500 g nautahakk**
**½ bolli niðurskorin græn, rauð eða gul paprika**
**1 smátt skorinn meðalstór laukur**
**4 hvítlauksrif, marin og skorin**
**1 dós niðursoðnir tómatar**
**1 dós nýrnabaunir**
**1 dós tómatsósa**
**3 tsk. chiliduft**
**Salt og pipar**
**½ tsk. þurrkuð basilíka**
**Cheddar-ostur**
**Skorinn vorlaukur**
**Sýrður rjómi**

Steikið nautahakk á pönnu ásamt papriku, lauk og hvítlauk á miðlungshita eða þar til kjötið hefur brúnast og laukurinn mýkst. Hrærið tómatsósu, nýrnabaunum, niðursoðnum tómötum og kryddi saman við og látið sjóða upp. Lækkið þá hitann og látið malla í lokaðri pönnu í 20 mínútur. Kryddið meira að vild ef þið viljið hafa réttinn sterkari. Ausið í skálar og skreytið með rifnum osti, vorlauk og sýrðum rjóma.

## Cincinnati chili

Til er spennandi útgáfa af chili con carne sem er tileinkað Cincinnati. Þá er papriku og basilíku sleppt úr fyrri uppskriftinni hér á síðunni, en matreitt eftir henni eins að öðru leyti og bætt við í kássuna:

**1-2 msk. kakóduft**
**1 msk. eplaedik**
**1 tsk. Worcestershire-sósa**
**½ tsk. kanill**
**½ tsk. allrahanda krydd**
**½ tsk. cumin**
**¼ tsk. cayenne-pipar**

Borið fram ofan á heitu spagettíi með rifnum cheddar-osti, skornum vorlauk og fáeinum nýrnabaunum.

# Sæbjúgnahylkin eru bylting

Magnús Friðbergsson mælir með sæbjúgnahylkjum frá Arctic Star en hann finnur mun á sér eftir að hann fór að nota þau. Sæbjúgu innihalda fimmtíu tegundir af næringarefnum.

Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgna þar fyrir meira en þúsund árum.

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífeðlisfræðilega starfsemi mannslíkamans, til dæmis er mikið kollagen í þeim en það er eitt helsta uppbyggingarprótein líkamans.




**Finnur mikinn mun á sér**

Á síðustu árum hefur Arctic Star sérhæft sig í þróun á fæðubótarefnum, svo sem framleiðslu, markaðssetningu og sölu á hágæða sæbjúgnahylkjum. Hylkin eru framleidd úr íslenskum, hágæða, villtum sæbjúgum sem eru veidd í Atlantshafinu. Magnús Friðbergsson, verkefnastjóri hjá Landspítala, hefur tekið sæbjúgnahylkin frá Arctic Star undanfarin tvö ár. „Vinur minn kynnti mig fyrir sæbjúgnahylkjunum og þar sem ég hafði lengi verið slæmur í hnjám, með liðverki og lítið getað beitt mér ákvað ég að prófa. Tveimur til þremur vikum seinna fann ég mikinn mun. Nú hef ég tekið sæbjúgnahylkin í tvö ár og fer allra minna ferða án óþæginda. Það er algjör bylting frá því sem áður var. Nú get ég gert hluti eins og að fara í langar gönguferðir, sem ég gat varla gert áður. Að minnsta kosti gerði ég það ekki með bros á vör og það tók mig langan tíma að jafna mig eftir álag,“ útskýrir hann.

Magnús, sem er 67 ára gamall í dag, hafði fengið að heyra frá lækni að mikið slit væri í hnjám hans og ekki væri von á að það gengi til baka. „Hann sagði mér að kíkja á fæðingardaginn minn og að ég gæti ekki búist við að fara aftur í tíma. Mér fannst vont að heyra þetta og var því tilbúinn að prófa ýmislegt sem gæti mögulega lagað þetta. Sæbjúgnahylkin frá Arctic Star virka mjög vel á mig og ég mæli með að fólk prófi þau.“



**Magnús er betri í hnjám og finnur minna fyrir liðverkjum eftir að hann fór að taka sæbjúgnahylkin.** MYND/GVA

Framleiðandi sæbjúgna er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum og heilsubúðum og í Hagkaupum.

Arctic Star

# BÚÐARFLÖT 2-6 – GARÐABÆR

**EINSTÖK HÚS VIÐ SJÁVARSÍÐUNA - EINSTÖK NÁTTÚRUFEGURÐ - SVEIT Í BORG**



**SÖLUSÝNING FIMMTUDAGINN 12. OKTÓBER KL. 17:00 - 18:00**





Búðarflöt 2



Búðarflöt 4



Búðarflöt 6

- Fullbúin hús með 4 svefnherbergjum
- Stærðir: 179,6 - 193,9 fm

**Verð frá**

**94.900.000**



DOMUSNOVA
Fasteignasala

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

**bilfang.is**
**S. 567 2000**



**FLOTTUR/GOTT VERÐ !**
Range Rover Sport HSE 10/2006 ek 100 þ.km Leður, lúga, nyleg loftdæla ofl Verð nú 2450 þús !!!

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**

**SUZUKI**



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

**VAKA**



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

**BÍLA GALLERÍ**



**NÝJIR DISCOVERY SPORT**
NÝR LAND ROVER DISCOVERY SPORT DÍSEL Árgerð 2017, Sjálfskiptur. 17" ÁLFELGUR, OFL. Verð 5.690 Þ Raðnr.111538.ER Á STAÐNUM !



**VERÐ 5.690 - 5.940 ÞÚS!**
NÝR LAND ROVER DISCOVERY SPORT DÍSEL Árgerð 2017, Sjálfskiptur. 20" ÁLFELGUR OG 17" ÁLFELGUR, OFL. Verð 5.940Þ. Rnr.102036. EINNIG TIL GRÁAR 20" ÁLF

**Bílagallerí bílasala**
**Hlíðasmári 13, 201 Kópavogur**
**Sími: 554 6700**
**www.bílagalleri.is**

## Hjólbarðar

**VAKA**



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700



**GEFÐU HÆNU**
**gjofsemgefur.is**
**907 2003**
**Hjálparstarf kirkjunnar**

## Varahlutir

**Startarar & alternatorar**
í bíla, báta og vinnuvélar



**Bílaraf**
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

## Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein bremsuviðgerðir. Renni diska og skálar. Fljót og góð þjónusta. Bergfinnur ehf. 892 7852

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069 og 663 5315

## Hreingerningar

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni verkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, sprörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málarameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér smíðar, raflagnir og pípulagnir. Löggildur verktaki. Uppl. í s. 848 6904

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í 844 6845**
Spáir í spil og bolla . Símaspá, Einkaspá. Geymið auglýsinguna . Er á facebook

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heilsa

## Nudd

**NUDD/MASSAGES**
Býð upp á heilnudd og slökun, íþróttanudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 22 á kvöldin. S. 894 4817

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

Hús í Dalaseli nr 7 í kjallara, 2 herb. eldhús m ísskáp. baðherb. Lítil geymsla. 72 fm. 2 fataskápar. Hægt er að koma að skoða e. kl. 17. Uppl. 775 1231. V. 150þ m hita og rafmagn. 2 mánuðir tryggingu. Laus 1. nóv.

4ja herb, 99fm íbúð á jarðhæð í Þorlákshöfn. Laus strax. S. 616 1569

## Húsnæði óskast

Hjón á besta aldri óska eftir 2-3ja herb íbúð með baðkari til lengri eða skemmri tíma. Þarf að vera laus um mánaðmótin okt/nóv. Uppl. í S 869 1657

Hjón á besta aldri óska eftir 2-3ja herb íbúð með baðkari til lengri eða skemmri tíma. Þarf að vera laus um mánaðmótin okt/nóv. Uppl. í S 869 1657

## Atvinnuhúsnæði

**HÚSNÆÐI TIL LEIGU:**
Auðbrekka 4 160 fm með innkeyrsluhurð

Nýbýlavegur 4 430 fm með innkeyrsluhurð og vörulyftu

Nýbýlavegur 8 "Portið" 55 fm verslunarbil

**S: 690 3031 og hafsteinn@lundurfasteignir.is**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Hönnun

**KG HÖNNUN**

**VERKFRÆÐITEIKNINGAR**
Tek að mér að gera verkfræðiteikningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

## Atvinna

## Atvinna í boði

Óska eftir eldri mönnum í húsaviðhald. Vinnutími samkomulag. Uppl. í síma 616 1569.


**TRAUSTI fasteignasala**



Kristján Baldursson hdl. Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari S: 867-3040



Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir Sölustjóri. Viðskiptafr. lögg. fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, leigumiðlari. S: 899-5949

**Strandvegur 19 – 210 Garðabær**
**Opið hús í dag miðvikudag kl. 17:30 - 18:00**




Glæsileg og rúmgóð 124,7 fm. íbúð á 1. hæð í lyftuhúsi með miklu útsýni í Sjálandinu. Bílastæði er í bílakjallara. Svalir og sérverönd. Eignin er laus við kaupsamning. **Verð: 63,9 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is



hærri kaupauka.FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Var fullkunnugt um arðgreiðslufyrirkomulagið

Fjármálaeftirlitinu var fullkunnugt um arðgreiðslufyrirkomulag verðbréfafyrirtækisins Arctica Finance allt frá því að reglur um kaupaukagreiðslur tóku gildi árið 2011. Eftirlitið gerði hins vegar engar athugasemdir við fyrirkomulagið fyrr en síðasta vor þegar það tók til skoðunar hvernig arðgreiðslum til handa starfsmönnum ýmissa smærri fjármálafyrirtækja væri háttað.

Það var síðan þann 20. september síðastliðinn sem stjórn FME ákvað að leggja 72 milljóna króna stjórnvaldssekt á Arctica vegna brota þess á umræddum reglum. Um er að ræða hæstu sekt sem eftirlitið hefur lagt á fjármálafyrirtæki eftir fall fjármálakerfisins haustið 2008, eftir því sem Markaðurinn kemst næst.

Samkvæmt heimildum Markaðarins sendi Fjármálaeftirlitið fyrirspurn til allra fjármálafyrirtækja landsins eftir að reglur um kaupaukagreiðslur voru settar árið 2011. Krafði eftirlitið fyrirtækin svara um hvort kaupaukakerfi væru þar við lýði. Stjórnendur Arctica svöruðu því neitandi, en minntu eftirlitið um leið á það hvernig eignarhaldi fyrirtækisins og arðgreiðslum til handa starfsmönnum væri háttað. Engar athugasemdir bárust frá starfsmönnum eftirlitsins.

Stjórnendur Arctica hafa reglulega upplýst FME um arðgreiðslustefnu og eignarhald fyrirtækisins allt frá stofnun árið 2009. Víðtæk skylda hvílir á fjármálafyrirtækjum samkvæmt lögum að upplýsa eftirlitið um allt það sem viðkemur starfsemi þeirra.

Niðurstaða FME var sú að Arctica hafi brotið kaupaukareglur með því að greiða starfsmönnum



**Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins**

kaupauka í formi arðs af B, C og D-hlutum í fyrirtækinu á árunum 2012 til 2017. Til skýringar er hlutafé Arctica skipt í fjóra flokka, A, B, C og D, en hluthafar í þremur síðastgreindu flokkunum eru jafnframt starfsmenn fyrirtækisins.

FME taldi ýmis atriði valda því að rétt væri að telja arðgreiðslur til B, C og D-hluthafa til kaupauka í skilningi laga um fjármálafyrirtæki, en ekki til venjulegra arðgreiðslna. FME benti meðal annars á að engir aðrir en starfsmenn Arctica hefðu fengið að kaupa hlutabréf í umræddum flokkum og þá aðeins í flokkum sem tengdur væri afkomu deildarinnar sem starfsmaðurinn starfaði í. Þá taldi FME auk þess að verulegur munur hefði verið á fjárfestingu starfsmannanna og þeirri hagnaðarvon sem þeir hefðu getað gert til hlutabréfanna væri horft til arðgreiðslna til hluthafa í B, C og D-flokki á árunum 2012 til 2017, sem námu um 668 milljónum króna. Af því mætti ráða að „verulegur“ munur hefði verið á þeirri fjárhagslegu áhættu sem hluthafar B, C og D-flokks hefðu tekið með fjárfestingum sínum og hagnaðarvon þeirra.

Stjórnendur Arctica hafa mótmælt túlkun Fjármálaeftirlitsins og hyggjast höfða dómsmál í þeim tilgangi að fá ákvörðuninni hnekkt.

### Ólíku saman að jafna

Framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækis, sem Markaðurinn ræddi við, segir undarlegt að bæði löggjafinn og Fjármálaeftirlitið hafi ákveðið að setja öll fjármálafyrirtæki, hvort sem þau eru kerfislega mikilvæg eða ekki, undir sama hatt. Annars staðar í Evrópu sé gerður greinarmunur á fyrirtækjum í þessum efnum.

„Maður skilur rökin á bak við reglurnar. Að koma þurfi í veg fyrir að félög taki óþarfa áhættu í kerfislega mikilvægum rekstri, þar sem ríkið þarf að hlaupa undir bagga ef illa fer. En það á alls ekki við um öll félög. Smærri verðbréfafyrirtæki hafa til dæmis engar heimildir til þess að taka á móti innlánum frá almenningi. Það er ólíku saman að jafna.“

Annar stjórnandi fjármálafyrirtækis bendir á að kaupaukareglurnar ýti óhjákvæmilega undir fastan launakostnað. Smærri fjármálafyrirtæki eigi erfiðara um vik en þau stærri að takast á við háan launagrunn. „Það er meiri fyrirsjáanleiki í tekjum stærri fjármálafyrirtækja eins og bankanna. Stærstur hluti tekna þeirra er vaxtatekjur af útlánasafni sem er nokkuð fyrirsjáanlegt hverjar eru á hverjum tíma. Í starfsemi smærri fjármálafyrirtækja snýst hins vegar allt um þóknanatekjur, hvort sem það er í miðlun, fyrirtækjaráðgjöf eða eignastýringu. Reksturinn þar er sveiflukenndari.“

**» Arðgreiðslufyrirkomulagið, sem deilt er um, er ekki ólíkt því sem þekkist hjá meðal annars lögmannsstofum, endurskoðendafyrirtækjum og verkfræðistofum.**

**72**

**milljóna stjórnvaldssekt hefur verið lögð á Arctica.**

Gagnrýni í þessum dúr hefur heyrst frá mörgum smærri fjármálafyrirtækjum landsins. Þannig tók verðbréfafyrirtækið Virðing fram í umsögn til Alþingis árið 2015 að raunveruleg hætta væri á því að of strangar reglur um kaupauka leiddu til þess að smærri fjármálafyrirtæki „sitji eftir í baráttu um hæfa starfsmenn. Geta þessara fyrirtækja til að greiða há föst laun er einfaldlega ekki sú sama og stærri fyrirtækjanna og því eru líkur á að þau fyrirtæki hafi alltaf forskot þegar kemur að ráðningu hæfustu starfsmannanna“. Það muni smám saman draga úr getu smærri fjármálafyrirtækja til þess að keppa á samkeppnisgrundvelli við stærri fjármálafyrirtækin.

### Minna séríslenskt

„Eftir hrun var eðlilega rifið í handbremsuna, ef svo má segja, víða í regluverkinu,“ segir Katrín. „Það hafa verið gerðar miklar breytingar á öllu regluverki á sviði fjármálamarkaða síðan þá, en sem dæmi samþykkti Alþingi síðasta haust að taka upp, ásamt öðrum EES-ríkjum, evrópska eftirlitskerfið og á komandi árum koma inn í íslenska löggjöf á þriðja hundrað gerðir frá Evrópu sem tengjast fjármálamörkuðum. Gagnsæið hefur aukist og ramminn utan um kerfið styrkst og skýrst. Það er allt til bóta.“

Hins vegar tekur hún fram að ræða þurfi „fordómalaust“ hvort allar reglurnar séu til þess fallnar að ná þeim árangri sem að sé stefnt. Reglur um sveigjanleg starfskjör innan fjármálafyrirtækja séu á meðal þeirra sem ræða þurfi.

„Það má segja að fyrir hrun hafi verið gengið allt of langt í kaupaukagreiðslum fjármálafyrirtækja. En við verðum að velta því fyrir okkur hvort einhverjir aðilar á fjármálamarkaði eigi að hafa möguleika á sveigjanlegri starfskjörum. Í því sambandi er oft talað um minni fyrirtækin því þau eru ekki kerfislega mikilvæg og tekjur þeirra eru sveiflukenndar. Í slíkum tilfellum getur verið eðlilegt að vera með sveiflukennd starfskjör, því annars er hætt við því að fasti kostnaðurinn rjúki upp og að kjörin verði algjörlega óháð gengi viðkomandi fyrirtækis á hverjum tíma.

Einnig þarf að líta til eðlis starfanna. Hvort það séu einhverjir hópar sem ættu fremur að fá að búa við sveigjanleg starfskjör en að vera með föst laun. Umræðan hefur – kannski skiljanlega – aðallega snúið að þeim sem eru í efstu lögum þessarar starfsemi. En við eigum einnig að ræða hvort aðrir en stjórnendur eigi í einhverjum tilfellum að fá að vera á sveigjanlegum starfskjörum. Þá gæti það verið háð ákveðnum skilyrðum út frá eðli starfsins og áhættusjónarmiðum. Slíkt fyrirkomulag gæti dregið úr áhættu innan kerfisins ef það eru sett ströng skilyrði fyrir því hvenær, með hvaða hætti og undir hvaða kringumstæðum starfsmenn geta fengið greiðslur í slíku formi.

Ég vona að stjórnmálin og samfélagið taki þátt í því að horfa á þetta kalt, en ekki út frá því sem gerðist árið 2008. Það er enginn að tala um að leyfa himinháar bónusgreiðslur, heldur að heimila fjármálafyrirtækjum með sveiflukenndar tekjur að hafa hluta launagreiðslna til starfsmanna sinna tengdan afkomu.“

Katrín bendir á mikilvægi þess að við eltum önnur Evrópuríki og göngum í takt við alþjóðaumhverfið. „Við erum að taka upp Evrópuregluverkið. Þeim mun meira af séríslenskum reglum sem við tökum upp, þeim mun snúnara verður umhverfið fyrir fyrirtæki hér á landi. Auðvitað geta einhverjar séríslenskar aðstæður, til dæmis smæðin, kallað á að við gerum eitthvað öðruvísi en önnur ríki. En það skiptir ekki síst máli núna, þegar gjaldeyrishöftin hafa verið afnumin og við eigum í mikilli samkeppni um fólk, að við fylgjum öðrum Evrópuríkjum að langmestu leyti. Og ég hef ekki heyrt neinn mótmæla því. Það er verið að stíga mjög ákveðin skref í átt að því að herða regluverkið.“

## Hvað má greiða mikið í bónusa?

**Ísland**



**25%** af föstum árslaunum

**Evrópusambandið**



**100%** af föstum árslaunum*

***Auk þess er hluthafafundi fjármálafyrirtækis heimilt að hækka hlutfallið í 200%**

ó v i ð v j g e r u m k a s æ l y e d æ v æ e a
f f l ó k i n n b l h l u t c ó þ þ v y e g j o
k e i n f a l d a n i b o æ v i c r n s h ó f c
d ö u y g n m v t r d r ö h v v ö c m u o ó n o

**VIÐ ERUM TÖLVUDEILD YFIR 400 FYRIRTÆKJA**

Daglegur rekstur á tölvukerfum ásamt hýsingu gagna og hugbúnaðar eru okkar ær og kýr.
Við veitum persónulega þjónustu og erum sérfræðingar í tækniþörfum viðskiptavina okkar.

Við erum óháð vélbúnaðar- og hugbúnaðarframleiðendum og þannig tekur okkar ráðgjöf eingöngu mið af hagsmunum viðskiptavina okkar.

**Kynntu þér málið: 460 3100 / sala@thekking.is**

ÞEKKING
Tölvudeildin þín

# Nýtur þess að vera með marga bolta á lofti

## Svipmynd
**Anna Þóra Ísfold**

Anna Þóra Ísfold tók við starfi framkvæmdastjóra Félags viðskipta- og hagfræðinga í síðasta mánuði. Anna á fjölbreyttan feril að baki, hefur meðal annars verið framkvæmdastjóri Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda og sérhæft sig í ráðgjöf og umsjón samfélagsmiðla fyrir stofnanir og fyrirtæki, og situr hér fyrir svörum í Svipmynd Markaðarins.

*Hvað hefur komið þér mest á óvart það sem af er ári?* Persónulega hvernig hugsanir mínar hafa breyst, hvernig ég stýri þeim í jákvæðan lausnamiðaðan farveg ef á móti blæs og leyfi mér að vera berskjölduð. Á hverju ári set ég mér markmið, fyrir einhverja galdra kem ég þeim í verk, ef þau voru sett á blað. Til dæmis lauk ég diplómanámi í lýðheilsuvísindum í vor og M.Sc. gráðu í viðskiptafræði vorið 2016. Í haust bauðst mér tækifæri til að stýra og byggja upp Félag viðskipta- og hagfræðinga með öflugri stjórn.

Það sem kom sjálfri mér á óvart í ár var að ég hélt að ég væri endanlega útskrifuð úr skóla en er í dag að læra alþjóðlega stjórnendamarkþjálfun í Opna háskólanum í Reykjavík. Ætli kosningar í október hafi ekki komið mér mest á óvart af því sem tengist samfélaginu okkar.

*Hvaða app notarðu mest?* Ég nýti Podcast mikið fyrir innri ró og sjálfsrækt, allt frá TED Talks til Super Soul Oprah's og allt þar á milli.

*Hvað gerir þú í frístundum þínum?* Dætur mínar fá stærstan bita af kökunni. Við förum í sund, lesum bækur, spilum, spáum í lífið, dönsum og leikum okkur.

Ég sit í stjórn Félags kvenna í atvinnulífinu í sjálfboðavinnu, nýt þess að koma að verkefnum sem munu verða dætrum mínum til góða, að birtingarmynd samfélagsins verði komin í jafnvægi þegar þær fara út á atvinnumarkaðinn.

Matseld er ástríða mín ásamt því að hafa nördalegan áhuga á D-vítamíni og fræðigreinum því tengdum. Er lestrarhestur og get gleymt mér, les í Kindle-appinu bækur sem mér dettur þann daginn í hug að kaupa mér. Þessa dagana er ég að lesa Option B: Facing adversity, building resilience and finding Joy eftir Sheryl Sandberg og Adam Grant. Brené Brown er líka í sérstöku uppáhaldi þessa dagana.

**Matseld er ástríða mín ásamt því að hafa nördalegan áhuga á D-vítamíni og fræðigreinum því tengdum.**
Anna Þóra Ísfold

*Hvernig heldur þú þér í formi?* Ég hef einbeitt hugað að lífsstíl mínum liðin ár, mataræði sett á oddinn með skipulagningu. Stundatafla Hreyfingar kemur mikið við sögu við líkamlega uppbygginguna. Skoða töfluna kvöldið áður og vel mér tíma sem hentar dagskrá morgundagsins. Hlaup og lyftingar í uppáhaldi. Klukkutíma kröftug vöðvauppbygging og þolæfing, mæli með því! Andlega formið kemur svo í sundlauginni í Bjarnarfirði, með flothettunni frá Systrasamlaginu. Besta tilfinning í heimi að fljóta þyngdarlaus undir stjörnubjörtum himni og norðurljósum.

*Hvernig tónlist hlustar þú á?* Ég er gömul sál varðandi tónlist, diskó og eitís.

*Ertu í þínu draumastarfi?* Það er flókin spurning að spyrja mig út í draumastarfið. Ég nýt þess að vera með marga bolta á lofti, er í hlutastarfi sem framkvæmdastjóri Félags viðskipta- og hagfræðinga. Starfið er krefjandi, tengt rekstri, viðburðum, innleiðingu stefnumótunar og framtíðarsýnar stjórnar. Á móti hef ég byggt upp ráðgjafarstörf á sviði markaðsráðgjafar með áherslu á greiningu, innleiðingu og umsjón samfélagsmiðla, starfa með fyrirtækjum og félögum að því að ná fótfestu á þessu sviði og veiti starfsfólki handleiðslu. Lýðheilsu- og D-vítamínnördinn í mér fær stundum útrás með greinaskrifum, ráðgjöf tengdri heilsu fólks og fyrirlestrum um efnið. Já, ætli megi ekki segja að í þessari blöndu felist draumastarfið, þar sem þekking, menntun og ástríða mætast er einmitt draumastarfið.



Anna Þóra Ísfold er nýráðin framkvæmdastjóri Félags viðskipta- og hagfræðinga. MYND/SARAH YASDANI




Málþing 2017

# Íbúðir í Reykjavík - málþing

## Hvar er verið að byggja nýjar íbúðir í Reykjavík?

Borgarstjórinn í Reykjavík býður til málþings um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík föstudaginn 13. október 2017 kl. 9-11 í Ráðhúsi Reykjavíkur. Boðið verður upp á morgunhressingu frá kl. 8.30. Allir eru velkomnir.

Dregin verður upp heildstæð mynd af framkvæmdum og framkvæmdaáformum á húsnæðismarkaði í Reykjavík. Áhersla í kynningu borgarstjóra verður á samþykkt verkefni og framkvæmdir sem eru nýlega hafnar, en einnig verður gefin innsýn í verkefni á undirbúningsstigi.

**Dagskrá:**

kl. 08.30 Létt morgunhressing

kl. 09.00 Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri: Uppbygging íbúðarhúsnæðis í Reykjavík

kl. 10.00 Ýmis uppbyggingarverkefni:
Una Jónsdóttir, hagfræðingur hjá Íbúðalánasjóði: Staða og þróun á húsnæðismarkaði.
Borghildur Sölvey Sturludóttir, arkitekt hjá umhverfis- og skipulagssviði: Úlfarsárdalur - uppbygging
Sigurður Bessason, formaður Eflingar og varaforseti ASÍ: Leiguíbúðir á viðráðanlegu verði
Sólveig Berg Emilsdóttir, arkitekt hjá Yrki: Íbúðir Bjargs við Móaveg

Fundarstjóri: Ólöf Örvarsdóttir, skipulagsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur

reykjavik.is/ibudir

# 30% afsláttur af rafdrifnum skrifborðum





Hæðarstillanleg rafdrifin borð stuðla að betri líkamsstöðu og bættri líðan í vinnunni.

Verð frá 68.947 kr.

**Á. GUÐMUNDSSON EHF.**
STOFNAÐ 1956

Bæjarlind 8-10
201 Kópavogur
sími 510 7300

www.ag.is
ag@ag.is

# Skotsilfur

## Hluthafi Kjarnans



Samkvæmt skoðanakönnunum eru líkur á því að **Ágúst Ólafur Ágústsson**, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavíkurkjördæmi suður, taki sæti á Alþingi eftir kosningar. Ágúst Ólafur, sem sat síðast á þingi á árunum 2003 til 2009, á 5,69 prósenta hlut í vefmiðlinum Kjarnanum og hefur auk þess setið í ráðgjafaráði miðilsins. Hann hlýtur nú að vera farinn að huga að því að selja hlut sinn. Annar frambjóðandi, Piratinn Smári McCarthy, á jafnframt 1,6 prósenta hlut í útgáfufélagi Stundarinnar. Fregnir herma að hann leiti að mögulegum kaupanda að hlutnum, en sjálfur hefur hann sagt með öllu óeðlilegt að þingmaður eigi hlut í fjölmiðli.

## Vara fjárfesta við



Það er kunnara en frá þurfi að segja að fjárfestar hafa miklar áhyggjur af þeirri pólitísku óvissu sem er uppi vegna falls ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar og boðaðra kosninga til Alþingis í lok mánaðarins. Hafa sumir haft á orði að pólitísk áhætta vegi nú þyngst á metunum þegar erlendir fjárfestar líta til áhættu af því að eiga viðskipti hér á landi. Athygli vakti í nýuppfærðri verðbréfalýsingu fjárfestingabankans Kviku, sem **Ármann Þorvaldsson** stýrir, að bankinn sá sérstaka ástæðu til þess að vara fjárfesta við því að atburðarás undanfarinna vikna í íslenskum stjórnmálum fæli í sér „ákveðna pólitíska áhættu“.

## Jónas til Júpíters



Margir fyrrverandi starfsmenn Virðingar hafa núna tekið til starfa hjá Kviku en bankinn festi sem kunnugt er kaup á verðbréfafyrirtækinu fyrr á árinu. Á meðal þeirra er **Jónas R. Gunnarsson**, sem hefur verið framkvæmdastjóri eignastýringar Virðingar, en hann mun fara yfir til sjóðastýringarfyrirtækisins Júpíters, dótturfélags Kviku banka.

# Vinsæll verðlaunahafi



**Nemendur við Chicago-háskólann kepptust við að fá mynd af sér með bandaríska hagfræðingnum Richard Thaler eftir að tilkynnt var á mánudag að hann hefði hlotið hagfræðiverðlaun sænska seðlabankans til minningar um Alfred Nobel. Hinn 72 ára gamli Thaler hlaut verðlaunin, sem eru þau virtustu í hagfræðiheiminum, fyrir rannsóknir sínar í atferlishagfræði.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Hugvit, hagkerfið og heimurinn



**Sigurður Hannesson**
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Hugvit verður drifkraftur framfara á 21. öldinni á sama hátt og hagkvæm nýting náttúruauðlinda var drifkraftur framfara á Íslandi 20. öldinni. Fjórða iðnbyltingin er hafin og fram undan eru tækniframfarir sem munu hafa mikil áhrif á íslenskt atvinnulíf. Ný störf verða til sem krefjast annars konar hæfni, aukinna hæfileika til að leysa flókin verkefni, gagnrýninnar hugsunar og aukinnar sköpunargáfu svo fátt eitt sé nefnt. Bæði munu rótgrónar atvinnugreinar breytast og nýjar verða til. Náttúruauðlindir eru staðbundnar og takmarkaðar en hugvitið óþrjótandi og óstaðbundið. Framtíð hvers samfélags mun að miklu leyti ráðast af því, hversu vel gengur að virkja það síðarnefnda. Þess vegna reynir nú á íslensk stjórnvöld að gera landið samkeppnishæft við önnur lönd enda er hugvitið án landamæra.

**Heildstæð stefnumótun**

Ísland á að vera í fremstu röð í heiminum þegar kemur að nýsköpun, enda mun hugvit og hagvöxtur haldast í hendur. Stefnumótun er mikilvægasta verkefni stjórnvalda hverju sinni. Horfa þarf á viðfangsefnin frá ýmsum áttum því samkeppnishæfni byggir á mörgum stoðum. Til að móta heildstæða stefnu þarf að horfa til margra ólíkra þátta líkt og menntunar, innviða, starfsumhverfis og nýsköpunar. Hið opinbera eyðir 45 krónum af hverjum 100 í hagkerfinu. Með heildstæðri nálgun og skýrri sýn má nýta þessa fjármuni sem allra best.

Það verkefni bíður nýrrar ríkisstjórnar að marka skýra stefnu svo íslenskir námsmenn nútímans, börn, unglingar og fullorðnir, verði reiðubúnir til að mæta kröfum framtíðarinnar. Á öllum skólastigum þarf að leggja áherslu á vitneskju um tækniþróun, skapandi hugsun, greiningarhæfni og lausnamiðaða nálgun enda mun það skipta meira máli á tímum aukinnar sjálfvirkni en áður. Efla þarf og breyta grunn- og endurmenntun kennara með sköpun, lausnamiðun, forritunarskilning og tækni að leiðarljósi. Forritun er mikilvægur liður í þeim samfélagsbreytingum sem eru að verða og á þess vegna að vera skyldufag í grunn- og framhaldsskólum.

**Nýsköpunarlandið Ísland**

Hugmyndaauðgi og sköpunarkraftur mun færa okkur betri lausnir á mörgum sviðum, hvort sem horft er til heilbrigðis-, mennta-, orku- eða umhverfismála. Vinna þarf með markvissum hætti að umbótum í starfsumhverfi fyrirtækja til að hvetja til rannsókna og þróunar. Nýsköpunarlögin sem samþykkt voru á síðasta ári voru mikið framfaraskref í þá veru. Rótgróin fyrirtæki í hefðbundnum iðnaði stunda nú rannsóknir og þróun í meiri mæli en áður þannig að nýsköpun er ekki bundin við hefðbundin tækni- eða sprotafyrirtæki eins og margir kynnu að ætla. Þetta sýnir hvernig stefnumörkun og skýr sýn stjórnvalda á þessu sviði getur haft mjög jákvæð áhrif á framfarir og atvinnuuppbyggingu. Halda þarf áfram á sömu braut. Endurgreiðsluhlutfall rannsóknar- og þróunarkostnaðar fyrirtækja á að hækka úr 20% í 30% og þök á kostnaðarviðmið við rannsóknir og þróun á að afnema til að hvetja enn frekar til slíkra verkefna. Byggja þarf brú milli vísinda og atvinnulífs þar sem rannsóknir eru hagnýttar þannig að úr verði tækifæri sem leiði til verðmætasköpunar til hagsbóta fyrir alla þjóðina. Ella er hætt við því að vísindin einangrist og atvinnulífið vaxi hægar en þar með drögumst við aftur úr í samkeppni þjóða.

**Sköpum réttu aðstæðurnar**

Tækifærin sem fylgja tækniframförum eru fjölmörg og mikilvægt að við náum að grípa þau. Með skýrri sýn í þessa veru geta stjórnvöld unnið að umbótum í menntun, nýsköpun, innviðum og starfsumhverfi fyrirtækja þannig að Ísland verði í fremstu röð í heiminum. Þar með verður til frjór jarðvegur til þess að hugvit verði sá drifkraftur frekari vaxtar sem það svo sannarlega getur verið.

# Hvað er merkilegt og mikilvægt?



**Hildur Jana Gísladóttir**
sjónvarpsstjóri N4 og stjórnarkona í FKA Norðurland

Fjölmiðlamenn vilja skiljanlega oftast beina kastljósinu að því sem við teljum að öðrum, helst sem flestum, þyki merkilegt eða mikilvægt. Því fleiri sem hafa áhuga á því sem við látum frá okkur, þeim mun auðveldara er að selja auglýsingar og kostanir og að sjálfsögðu skiptir það máli ef reka á fjölmiðil á frjálsum markaði. Neytendur stjórna því að stórum hluta ferðinni. Hvað viltu lesa? Hvað viltu horfa á? Hvað viltu hlusta á? Hvað þykir þér merkilegt og mikilvægt?

Þegar kemur að hlutfalli kynjanna sem viðmælendur í ljósvakamiðlum, þá hefur ýmislegt þokast í jafnréttisátt í almennri dagskrárgerð. Hins vegar er staðan enn ansi ójöfn í fréttum, jafnan 70/30 eða 80/20 körlum í vil. Að sjálfsögðu hefur verið bent á að karlar sitji einfaldlega oftar á valdastólum og þeir því oftar viðmælendur fréttamanna. En hvaða valdastóla er verið að tala um? Er verið að tala um völdin á heimilum? Í barnauppeldi? Í heilbrigðiskerfinu? Menntakerfinu? Menningu og listum? Góðgerðarsamtökum? Eða er kannski aðallega verið að tala um völd í fjármálum og stjórnmálum?

Stundum er talað um „kvenlæg“ og „karllæg“ gildi sem eins konar myndlíkingu ólíks gildismats. Kvenlægu gildin standi þannig fyrir hluti eins og samvinnu, þjónustu, samfélagsvitund o.s.frv. Karllægu gildin einkennist frekar af áræði, áhættusækni, einstaklingshyggju o.s.frv. Þessi gildi eru í mínum huga óháð kynjum, þó að það haldist oft í hendur við kynið. Þannig geti karlar vel aðhyllst kvenlæg gildi og konur karllæg og þá getur sama manneskjan jafnvel haft hvor tveggja gildin að leiðarljósi.

Leiða má líkur að því að karllæg gildi hafi hingað til verið talin merkilegri og mikilvægari en þau kvenlægu og því sé karllægt efni líklegra til að komast í helstu fréttir ljósvakamiðla. Ef við höfum áhuga á því að breyta kynjahlutfalli í ljósvakamiðlum, þá tel ég að það verði ekki aðeins gert með þvinguðum aðgerðum eða látlausum talningum fjölmiðlamanna á kynjahlutfalli viðmælenda. Ég tel að við þurfum öll sem samfélag að velta því fyrir okkur hvort okkur þyki í raun karllæg og kvenlæg gildi jafn mikilvæg og merkileg.

# Á traustum grunni í 30 ár




Undanfarin 30 ár höfum við starfað með mörgum farsælustu fyrirtækjum landsins og byggt upp traust viðskiptasambönd sem byggja á faglegum vinnubrögðum, jákvæðni og samvinnu. Árangurinn er stærsta fasteignafélag landsins í útleigu á atvinnuhúsnæði og enn fjölgar samstarfsaðilum. Við þökkum þeim fyrir árin 30 og hlökkum til áframhaldandi samstarfs.

REITIR 30
1987–2017

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 11. október 2017

vísir www.visir.is

Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti


## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Krónublinda

**Enn hefur ekkert** eitt mál fangað kosningabaráttuna fyrir komandi kosningar. Meira að segja Sigmundi Davíð hefur ekki tekist að láta allt hverfast um fjármálakerfið og þær umbætur á því sem hann telur nauðsynlegar.

**Mörgum hefur þó** orðið tíðrætt um hátt vaxtastig í landinu og sjálfa verðtrygginguna. Þannig hafa Framsóknarmenn það á stefnuskránni að afnema verðtrygginguna sem þeir telja hið mesta böl.

**VR og Verkalýðsfélag Akraness** héldu meira að segja fund á dögunum undir yfirskriftinni ‚Okurvextir og verðtrygging, mesta böl heimila þjóðarinnar‘. Þar lét formaður VR meðal annars hafa það eftir sér að hann myndi kjósa þann flokk sem hefði afnám verðtryggingarinnar á stefnuskránni.

**Það sem fundarmenn** kannski ekki vita eða kjósa að leiða hjá sér er að vaxtastigið og verðtrygging eru ekki vandamál ein og sér heldur miklu frekar afleiðingar af þeirri séríslensku örmynt sem við búum við. Þeir einblíndu með öðrum augum á einkennin en ekki sjúkdóminn.

**Svo langt gengur blinda** þeirra að þegar frambjóðandi Samfylkingarinnar, Ágúst Ólafur Ágústsson, benti á þá augljósu lausn að taka upp annan gjaldmiðil og losna þannig við verðtrygginguna og okurvextina á einu bretti uppskar hann ekki fagnaðarlæti heldur mótmælahróp úr sal.

**Eins og einhver** sagði þá eru engin rök fyrir krónunni önnur en þvermóðska og misskilið þjóðernisstolt. Háu vextirnir og verðtryggingin eru eðlilegar og fyrirsjáanlegar afleiðingar krónunnar.

**Ágúst Ólafur**, og fleiri, eru komnir lengra í greiningu sinni á vandanum en unnendur krónunnar. Þeir einblína ekki bara á vandann, heldur eru með tillögur að lausn.

**Óskandi væri ef** umræðan væri í auknum mæli á slíkum nótum. Formaður VR ætti allavega að kjósa annaðhvort Samfylkingu eða Viðreisn en það eru einu flokkarnir sem bjóða upp á afnám verðtryggingar. Hann skal þó ekki láta það rugla sig þótt talað sé um upptöku evru í stefnuskránum.


UMHVERFIÐ ÁSTRÍÐA HREINT ÞJÓNUSTA

GuðjónÓ

VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN

Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## Katrín Helga í stjórn Samkeppniseftirlitsins



**Katrín Helga Hallgrímsdóttir, fyrrverandi eigandi að BBA Legal**

Kristín Haraldsdóttir, lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík og fyrrverandi aðstoðarmaður Ólafar Nordal, þáverandi dómsmálaráðherra, hefur verið skipuð formaður stjórnar Samkeppniseftirlitsins. Þá hafa þau Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögmaður og fyrrverandi eigandi að BBA Legal, og Sveinn Agnarsson, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, einnig tekið sæti í stjórninni.

Það er Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, sem skipaði nýja stjórn Samkeppniseftirlitsins til næstu fjögurra ára. Kristín hefur áður setið í stjórn Samkeppniseftirlitsins en hún hafði verið formaður stjórnarinnar í rúmlega eitt ár þegar hún var ráðin aðstoðarmaður Ólafar í árslok 2014.

Stjórn Samkeppniseftirlitsins var áður skipuð þeim Guðrúnu Ragnarsdóttur, sem var jafnframt formaður, Ástu Dís Óladóttur og Eyvindi G. Gunnarssyni. – **hae**

**07.10.2017**



**Við höfum tryggt að launahækkanir hafa skilað sér í auknum kaupmætti og er það til vitnis um að Seðlabankinn er að þessu leyti besti vinur heimilanna.**

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri





Umhverfisdagur atvinnulífsins 2017 verður haldinn fimmtudaginn 12. október, kl. 8.30-12 á Hilton Reykjavík Nordica

8.30-10 ATVINNULÍFIÐ OG LOFTSLAGSMÁL
**Halldór Benjamín Þorbergsson**, framkvæmdastjóri SA
**Ólafur Ragnar Grímsson**, fyrrverandi forseti Íslands
**Hörður Arnarson**, forstjóri Landsvirkjunar

Hvað eru fyrirtækin að gera?
**Björgólfur Jóhannsson**, forstjóri Icelandair Group
**Erna Eiríksdóttir**, forstöðumaður fjárfestatengsla Eimskips
**Svavar Svavarsson**, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá HB Granda
**Hrefna Hallgrímsdóttir**, framkvæmdastjóri hjá Elkem Ísland

Forseti Íslands, **Guðni Th. Jóhannesson**, afhendir umhverfisverðlaun atvinnulífsins 2017:
**Umhverfisfyrirtæki ársins** útnefnt og **Framtak ársins** á sviði loftslagsmála verðlaunað.

**Katrín Júlíusdóttir**, framkvæmdastjóri SFF, stýrir dagskránni.

10-10.30 Kaffi og með því

10.30-12 MÁLSTOFUR SAMTAKA Í ATVINNULÍFINU
A) Ábyrgar fjárfestingar, nýsköpun og loftslagsmál
B) Orkuskipti og orkunýting

Dagskrá málstofa og skráning á vef SA.
Umhverfisdeginum lýkur með léttri hádegishressingu og netagerð.

Vinsamlegast skráið þátttöku á vef SA: **www.sa.is**

SAF | Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi | SFF SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA | SI | SAMORKA | SVÞ Samtök verslunar og þjónustu | SA

# Ekki sjálfgefið að Kári fari aftur í Hauka

Kári Jónsson er hættur hjá Drexel-háskólanum í Bandaríkjunum og kominn heim. Hann ætlar sér að spila í Domino's-deildinni í vetur en óvíst er með hvaða liði það verður. Kári ætlar að sjá til hvað honum stendur til boða hér heima.

**KÖRFUBOLTI** „Ég kom heim nógu snemma til þess að sjá landsleikinn í sjónvarpinu ansi spenntur," segir hinn skemmtilegi körfuboltamaður Kári Jónsson sem mjög óvænt kom heim til Íslands á mánudag. Það sem meira er þá er hann kominn til þess að vera.

Eftir að hafa slegið í gegn í Domino's-deildinni með Haukum þá fór Kári í víking er hann samdi við Drexel-háskólann í Bandaríkjunum sumarið 2016. Nú rúmu ári síðar er Kári kominn aftur heim og á klárlega eftir að setja mikinn lit á deildina hér heima. En með hvaða liði?

**Sé til hvað er í boði**

„Planið er að spila körfubolta hér heima og ég er bara að skoða mín mál. Ég er enn að klára mín mál úti og svo fer ég að taka stöðuna á því hvar ég spila hér heima," segir Kári en uppeldisfélag hans, Haukar, vill eðlilega fá sinn mann heim en það er ekkert sjálfgefið að hann fari aftur í Haukana.

„Það verður að koma í ljós hvað ég geri þegar ég sé hvað er í boði. Auðvitað eru Haukar líklegir samt og koma sterklega til greina. Ég mun samt skoða hvað býðst en ég er ekkert byrjaður á því af neinu viti. Það vita ekki margir að ég er kominn heim og því hef ég ekki heyrt í mörgum."

> Núna snýst þetta um að spila körfubolta og finna gleðina á ný.
>
> Kári Jónsson

**Þarf að finna gleðina aftur**

Kári segir það ekki koma til greina að snúa aftur til Drexel þar sem honum leið ekki nægilega vel.

„Ég ætla að einbeita mér að því að finna gleðina aftur hér heima í vetur og ef eitthvað gerist síðan eftir það þá mun ég skoða það. Núna snýst þetta um að spila körfubolta og finna gleðina á ný," segir Kári, en af hverju tapaði hann gleðinni í skólanum úti?

„Mér leið ekki vel þarna lengur og var hættur að hafa gaman af boltanum. Það var fátt sem mér fannst skemmtilegt þarna. Ef maður nýtur sín ekki vel þá er engin ástæða til að vera þar lengur. Ég var mikið einn og lítið að tengja. Þetta var samt auðvitað erfið ákvörðun og líka erfitt að gefa svona tækifæri frá sér. Þetta var samt það besta fyrir mig sjálfan á þessum tímapunkti en þetta hafði sinn aðdraganda. Maður vaknar ekki einn morguninn og fer bara heim. Ég reyndi margt, gekk ekki upp og því kom ég heim." henry@frettabladid.is

## Mikilvægi Kára

Kári Jónsson spilaði frábærlega með Haukaliðinu 2015-16 þegar iðið fór alla leið í lokaúrslitin um Íslandsmeistaratitilinn. Á fyrsta tímabilinu án hans rétt slapp liðið við fall og endaði í 10. sæti. Mikill munur er á sigurhlutfalli Hauka með og án Kára síðustu ár. Kári var með 16,8 stig, 5,0 fráköst og 5,1 stoðsendingu að meðaltali í þessum 30 leikjum sínum með Haukum tímabilið 2015-16.

**Síðustu 57 leikir Hauka á Íslandsmótinu í körfubolta**

**Kári Jónsson með liðinu**
**20 sigrar, 10 töp**
**67 prósent sigurhlutfall**

**Kári Jónsson ekki með liðinu**
**12 sigrar, 15 töp**
**44 prósent sigurhlutfall**



**Hvað nú? Kári er hér í leik með Haukum gegn Tindastóli. Stóra spurningin er hvort hann fer aftur í rauða búninginn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



## Merkisatburðir

**1693** Frakkar taka borgina Charleroi á Vallandi.

**1899** Síðara Búastríðið hefst í Suður-Afríku.

**1975** Fyrsti þátturinn af Saturday Night Live fer í loftið hjá NBC.

**1977** Opinberir starfsmenn í BSRB fara í sitt fyrsta verkfall. Samið er hálfum mánuði síðar.

**1979** Fidel Castro heldur ræðu á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í fyrsta skipti í 19 ár.

**1980** Samtökin FMLN eru stofnuð í El Salvador.

**1982** Skipinu Mary Rose, sem sökk við Isle of Wight árið 1545, er lyft af hafsbotni.

**1984** Kathryn D. Sullivan verður fyrsta bandaríska konan sem fer í geimgöngu frá geimskutlunni Challenger.

**1986** Leiðtogafundurinn í Höfða: Ronald Reagan og Mikhail Gorbatsjev hittast og ræða um fækkun kjarnorkuvopna.



Ástkær systir okkar, mágkona og vinur,

**Kristbjörg Helga Jóhannesdóttir**

Jörvabyggð 14,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar mánudaginn 25. september. Útförin fer fram í Akureyrarkirkju fimmtudaginn 12. október kl. 10.30. Jarðsett verður í Skútustaðakirkjugarði.

**Guðlaug Jóhannesdóttir, Helgi Jón Jóhannesson, María Jóhannesdóttir, Pétur Sigurður Jóhannesson, Árni Viðar Jóhannesson, Gunnar Þór Jóhannesson, Matthías Ingimarsson, Sævar Örn Bergsson, Nanna Margrét Haraldsdóttir, Magnús Ásmundsson og fjölskyldur.**



Ástkær sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,

**Guðmundur Þór Guðmundsson**

Þverbrekku 4, Kópavogi,

lést á sjúkrahúsi á Spáni 27. september sl. Útför hans fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 13. október, kl. 13.00.

**Guðmundur Hermannsson** **Auður R. Guðmundsdóttir**
**Teitur Guðmundsson**
**Rúna Guðmundsdóttir** **Teitur Ingi Valmundsson**
**Benedikt Guðmundsson**
**og systkinabörn.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Birgir Þórhallsson**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir sunnudaginn 8. október. Hann verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju föstudaginn 13. október kl. 15.00.

**Snorri Sigfús Birgisson**
**Guðrún Sigríður Birgisdóttir** **Martial Nardeau**
**Þórhallur Birgisson** **Kathleen Bearden**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þyri Jónsdóttir**

„Lilla“

Gautlandi 15, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítala við Hringbraut fimmtudaginn 5. október. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju, þriðjudaginn 17. október kl. 15.00.

**Njáll Helgi Jónsson** **Anne Kristi Hauge**
**Guðmundur E. Sigurðsson** **Tone Hagen**
**Jón Sævar Sigurðsson** **Elín Vilborg Friðvinsdóttir**
**Helga Sigurðardóttir** **Sigurður L. Sigurðsson**
**Ingibjörg Sigurðardóttir** **Jose Manuel F.R. Silva**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Á greinilega von á góðu

**Halla Tómasdóttir fagnar 49 ára afmæli í dag. Hún er stödd í Vilníus í Litháen á ráðstefnu en stefnir á að komast heim til Íslands fyrir lok dags, í faðm fjölskyldunnar.**



Halla Tómasdóttir, rekstrarhagfræðingur og fyrirlesari, á 49 ára afmæli í dag. Halla kveðst ekki vera mikið afmælisbarn þó að hún fagni vissulega hverju árinu sem líður. „Þetta verður alltaf betra. Og ég á fullt af góðum vinkonum sem segja mér að eftir fimmtugt verði lífið einfaldlega frábært. Mér finnst lífið mitt nú bara hafa verið gott hingað til, svo ég á greinilega von á góðu,“ segir hún og hlær. „Kannski held ég oftar upp á afmælið mitt þegar ég næ fimmtugu.“

Halla er stödd í Vilníus í Litháen á ráðstefnu. Hún stefnir á að vera komin heim í faðm fjölskyldunnar fyrir lok dags. „Ég næ vonandi heim áður en afmælisdagurinn er liðinn og þá fagna ég með eiginmanni mínum og börnum.“

„Það vill nú svo til að ég er oft á ferðinni á afmælisdaginn minn. Núna var ég að halda fyrirlestur fyrir alþjóðlega forystusveit Ólympíuleikanna hérna í Vilníus og ég var í landsliðstreyjunni, enda þvílíkt stolt af strákunum okkar og þeirra frábæra árangri.“

Halla heldur því enga veislu í dag. „Síðast þegar ég hélt stóra afmælisveislu þá var það fertugsafmælið mitt og það var í vikunni sem Ísland upplifði efnahagshrunið. Þannig að ég veit ekki, það er kannski svolítið í það að ég þori að halda aðra afmælisveislu,“ grínast Halla og skellir upp úr.

„En ég mun alveg klárlega fagna fimmtugsafmælinu á næsta ári, þó að það sé ekki alveg ljóst hvernig ég geri það eða hvar. En það er auðvitað stór áfangi að lifa í hálfa öld, svo því ber að fagna.“

**Síðast þegar ég hélt stóra afmælisveislu þá var það fertugsafmælið mitt og það var í vikunni sem Ísland upplifði efnahagshrunið.**

Að lokum, spurð út í það hvort hún óski sér einhvers sérstaks í afmælisgjöf þetta árið segir hún: „Nei, bara ómældrar ástar og samveru með fjölskyldunni. Það er það sem skiptir mestu máli.“

gudnyhronn@365.is

ÞETTA GERÐIST 11. OKTÓBER 2007:

## Áratugur frá því Heimir tók við hjá FH



Heimir Guðjónsson FH hampar öðrum Íslandsmeistaratitli félagsins í röð.

Á þessum degi fyrir tíu árum birtist grein í Fréttablaðinu um að Heimir Guðjónsson hefði tekið við stjórnartaumunum hjá FH af Ólafi Jóhannessyni. FH nýtti sér uppsagnarákvæði í samningi Heimis fyrir skömmu og sleit samstarfinu við hann eftir 17 ára veru hans hjá félaginu.



Ólafur náði frábærum árangri og undir hans stjórn unnust fyrstu titlar Fimleikafélagsins – þrír Íslandsmeistaratitlar og einn bikarmeistaratitill. Heimir hafði verið leikmaður og aðstoðarmaður Ólafs og áfram hélt sigurganga FH.

Undir stjórn Heimis varð FH fimm sinnum Íslandsmeistari og einu sinni bikarmeistari, árið 2010. Það kom mörgum á óvart þegar samningi Heimis var rift en FH stendur á ákveðnum tímamótum þessa stundina. Í fyrsta sinn í langan tíma endaði félagið ekki í fyrsta eða öðru sæti. Þá eru ekki margir ungir og efnilegir FH-ingar að koma upp úr yngri flokkum félagsins en áður fyrr dældu FH-ingar út mönnum í atvinnumennsku. Þeirra frægastur er Gylfi Þór Sigurðsson.

FH-ingar hafa ekki ráðið sér þjálfara fyrir komandi sumar.

ÞETTA GERÐIST 11. OKTÓBER 1990:

## Dansþáttur þjóðarinnar hóf göngu sína

Á þessum degi árið 1990 hóf útvarpsþátturinn Party Zone göngu sína á útvarpsstöðinni Útrás. Party Zone, sem stundum hefur verið kallaður Dansþáttur þjóðarinnar, er afar lífseigur þáttur en hann er enn þá í gangi, núna á Rás 2. Í millitíðinni var hann hluti af dagskrá X-ins og svo Mónó. Þeir Helgi Már Bjarnason og Kristján Helgi Stefánsson eru umsjónarmenn þáttarins og hafa frá upphafi séð um hann. Í þættinum, sem sendur er út einu sinni í viku, er danstónlist gert hátt undir höfði og vinsælir plötusnúðar koma í heimsókn og spila ferska tóna. Áður fyrr var þátturinn á dagskrá á laugardagskvöldum en núna er hann sendur út á fimmtudögum.



Þeir Helgi Már Bjarnason og Kristján Helgi Stefánsson eru umsjónarmenn þáttarins Party Zone, Dansþáttar þjóðarinnar, og hafa verið alveg frá árinu 1990.

# ÓDÝRT

# FRYSTIKISTUR

## OG FRYSTISKÁPAR



Stórir og rúmgóðir frystiskápar á frábæru verði með skúffum og hillum fyrir auðvelda uppröðun og góða nýtingu á geymsluplássi.

Frystikistur fyrir lítil og stór heimili á ótrúlegu verði. Karfa kemur í veg fyrir að smærri einingar gleymist á botninum. Færanlegar en stöðugar með tveimur hjólum og tveimur fótum undir.

| UNITED | UNITED | Dantax | Dantax | Dantax |
|---|---|---|---|---|
| FS5210 | FS7300 | FR102L | FR146 | FR249 |
| 147 sm | 177 sm | 102 lítra | 146 lítra | 249 lítra |
| VERÐ 49.995 | VERÐ 59.995 | VERÐ 19.995 | VERÐ 26.995 | VERÐ 39.995 |

12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR Í BOÐI




**Heimilistæki** ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Norðan- og norðvestanátt í dag, víða 8-15 m/s en hægari á Suður- og Vesturlandi. Þurrt fram eftir degi sunnan- og suðvestanlands, annars rigning. Allhvöss eða hvöss norðaustanátt á Vestfjörðum í kvöld. Hiti 4 til 9 stig yfir daginn.




### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri | Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|---|---|---|
| 7° | 4° | 5° | 6° | 6° | 1° |
| → 1 | ↙ 8 | ↗ 8 | ↗ 5 | ↗ 9 | ↑ 7 |

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri | Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|---|---|---|
| 8° | 3° | 5° | 7° | 8° | 3° |
| ↓ 3 | ↙ 14 | ↑ 3 | ↖ 8 | ↘ 2 | ↗ 3 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | | 3 | 1 | |
| | 9 | | | | | | | 4 |
| | 4 | 1 | 5 | 9 | | | 2 | 8 |
| | | | 8 | 1 | | 6 | | |
| | | | | 6 | 2 | | | |
| | | 2 | | | 4 | | 3 | |
| | 7 | 6 | | 8 | | | | |
| 9 | | | | | | | | |
| 1 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 | | 5 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 9 | 5 | | | |
| | | | 2 | | | | 8 | 3 |
| | | 5 | | | | | | 6 |
| 5 | | 4 | 6 | 2 | | | | |
| | | 3 | 4 | | | 2 | | |
| 9 | 1 | | | 7 | | | 4 | |
| 1 | | | 8 | 6 | | | 2 | |
| 2 | | 8 | | | | | | |
| | 9 | | | | | 8 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 9 | | | | 7 | |
| 5 | 9 | | | | 7 | 2 | 4 | |
| 2 | | | | | | 5 | | 1 |
| | | | 2 | | 3 | | 1 | 5 |
| | | 8 | | | | | | |
| 1 | | | 4 | 6 | | | | |
| 9 | | | | | | | | |
| | | 1 | 5 | 9 | | 6 | | |
| 4 | | 3 | | | 8 | 7 | | |

## Skák Gunnar Björnsson

Davíð Kjartansson (2.386), Skákdeild Fjölnis, átti leik gegn Ibrahim Asllani (2.072), frá Kósóvo, á EM taflfélaga í Tyrklandi.

**Hvítur á leik**

**29. Hxb7! Hxd6 30. cxd6! Dxd6 21. Hxd7! Kxd7 22. Bxc6+!** Fjölnir vann viðureignina 5½-½. Víkingaklúbburinn tekur einnig þátt í mótinu.

**www.skak.is:** Fylgst með EM taflfélaga.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 9 | 8 | 3 | 6 | 1 | 5 | 7 | 4 |
| 7 | 5 | 1 | 8 | 2 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 3 | 6 | 4 | 5 | 7 | 9 | 1 | 8 | 2 |
| 9 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 | 5 | 8 |
| 4 | 7 | 2 | 6 | 8 | 5 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 8 | 3 | 9 | 1 | 2 | 6 | 4 | 7 |
| 6 | 2 | 9 | 1 | 4 | 8 | 7 | 3 | 5 |
| 8 | 3 | 5 | 7 | 9 | 6 | 4 | 2 | 1 |
| 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 3 | 8 | 9 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 4 | 9 | 8 | 7 | 1 | 6 | 5 | 2 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 2 | 9 | 3 | 1 |
| 1 | 2 | 6 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 |
| 6 | 8 | 3 | 1 | 9 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 2 | 5 | 4 | 3 | 6 | 7 | 1 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 1 | 2 | 5 | 8 | 3 | 6 | 4 |
| 4 | 3 | 2 | 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 5 |
| 8 | 6 | 7 | 5 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 |
| 9 | 1 | 5 | 4 | 8 | 3 | 2 | 7 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 5 | 1 | 3 | 9 | 6 | 7 | 8 |
| 6 | 8 | 3 | 7 | 2 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 7 | 9 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 4 | 3 |
| 9 | 6 | 8 | 2 | 4 | 5 | 1 | 3 | 7 |
| 1 | 3 | 2 | 6 | 8 | 7 | 5 | 9 | 4 |
| 5 | 4 | 7 | 9 | 1 | 3 | 8 | 6 | 2 |
| 8 | 5 | 4 | 3 | 9 | 6 | 7 | 2 | 1 |
| 2 | 7 | 9 | 4 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 |
| 3 | 1 | 6 | 8 | 7 | 2 | 4 | 5 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. gáski
6. málmur
8. síðan
9. gæfa
11. hvort
12. móhraukur
14. reyna
16. drykkur
17. einkar
18. hluti verkfæris
20. tvíhljóði
21. not

**LÓÐRÉTT**
1. mylsna
3. í röð
4. veifa
5. hrós
7. ávöxtur
10. ferskur
13. fugl
15. síll
16. taumur
19. skóli




**LÁRÉTT:** 2. ærsl, 6. ál, 8. svo, 9. lán, 11. ef, 12. drýli, 14. prófa, 16. te, 17. all, 18. orf, 20. au, 21. gagn.
**LÓÐRÉTT:** 1. sáld, 3. rs, 4. sveifla, 5. lof, 7. lárpera, 10. nýr, 13. lóa, 15. alur, 16. tog, 19. fg.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








Stilling
Varahlutir í bílinn
Verksmiðjuábyrgð á þínum bíl er tryggð með vottuðum varahlutum frá Stillingu
Rafgeymar
Smursíur
Kerti, háspennukefli, kveikjuþráðasett, súrefnisskynjarar og loftflæðiskynjarar
Demparar, gormar og stýrisendar
Kúplingar
Tímareimar og vatnsdælur
Hemlahlutir
YUASA
YBX5096 12V 80Ah 760A
Stilling
Allt fyrir bílinn
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is







| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| HOME AGAIN | KL. 7 - 8 - 9:10 - 10:10 | 6 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |
| KINGSMAN 2 | KL. 6 - 9 | 16 |
| KINGSMAN 2 VIP | KL. 6 - 9 | VIP |
| IT | KL. 6 - 9 | 16 |
| MOTHER! | KL. 7:40 - 10:10 | 16 |
| SKRÍMSLAFJÖLSKYLDAN ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| BLADE RUNNER 2049 | KL. 5 - 8:20 - 10:10 | 16 |
| HOME AGAIN | KL. 5:50 - 8 - 10:30 | 6 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:30 | L |
| IT | KL. 8 - 10:40 | 16 |
| MOTHER! | KL. 5:30 - 8 | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| HOME AGAIN | KL. 6:50 - 8 - 9 | 6 |
| LEGO NINJAGO ÍSL TAL | KL. 5:40 | L |
| IT | KL. 10:10 | 16 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| NORMA ÓPERA ENDURFLUTT | KL. 6 | L |
| BLADE RUNNER 2049 | KL. 5:15 - 8:30 - 9:40 | 16 |
| HOME AGAIN | KL. 8 | 6 |
| IT | KL. 10:10 | 16 |
| DUNKIRK | KL. 5:40 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| BLADE RUNNER 2049 | KL. 7 - 10:15 | 16 |
| HOME AGAIN | KL. 8 | 6 |
| KINGSMAN 2 | KL. 10:15 | 16 |

Góða skemmtun í bíó

Við erum komin í Hafnarfjörðinn
við hliðina á Bónus
gæludýr.is



STILLANLEG HJÓNARÚM

ERGOMOTION E40+
TILBOÐSVERÐ AÐEINS 22.782 kr. Á MÁNUÐI*
á meðan birgðir endast- vaxtalaust og fyrsta greiðsla í janúar 2018.
STAÐGREITT 259.465 kr.
rekkjan
HEILSURÚM
(*Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi)
ARGH!!! 190917




Það er víða hægt að komast í ókeypis danstíma og læra helstu sporin í samkvæmisdönsum, Lindy hop og salsa.

**Hvað? Hvenær? Hvar?**
Miðvikudagur
hvar@frettabladid.is

## 11. OKTÓBER 2017

### Sýningar

**Hvað?** Á blása kvitt
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Norræna húsið
Á blása kvitt er heiti sýningar norsku listakonunnar Klara Sofie Ludvigsen. Sýningin er afrakstur þróunarstarfs í efnisblöndun. Klara Sofie setur saman negatífur og pósitífur og bindur saman með akrýl. Með þessu kannar hún hvernig form getur krafist meira pláss í myndmálinu. wSýningin inniheldur átta lítil verk og tvö stór verk sem öll eru unnin með ólíkum aðferðum. Efniviðurinn er meðal annars heitir hverir í Japan og skriðjökullinn Folgefonna í Noregi. Með verkum sínum faðmar Ludvigsen eitthvað óhreint og gróft með það að markmiði að ögra auga áhorfandans. Áhorfandinn er neyddur til að íhuga hvað hann / hún er í raun að horfa á og er hvattur til að sjá form á nýjan hátt.

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Fyrirlestur um kvíða barna og ungmenna
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Furugrund 83
Berglind Brynjólfsdóttir er sálfræðingur sem sérhæfir sig í kvíða barna og ungmenna og hefur áralanga reynslu í ráðgjöf er þau mál varðar. Í fyrirlestrinum verður fjallað almennt um kvíða barna og ungmenna, eðli hans og birtingarmynd. Farið verður yfir hvenær kvíði á rétt á sér og hvenær hann er farinn að trufla, hvað nærir hann og viðheldur og hvaða leiðir eru færar í baráttunni við kvíðapúkann.

**Hvað?** Þú skýtur ekki hærra en þú miðar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hvoll, Hvolsvelli
Þú skýtur ekki hærra en þú miðar er fyrirlestur Loga Geirssonar í tilefni af Heilsuviku 2017. Fyrirlesturinn fjallar um sjálfstraust og árangur ásamt heilsu almennt. Einnig verður komið inn á að halda sig réttum megin í lífinu og hugarfar. Logi Geirsson er landsþekktur handboltakappi og hefur síðustu ár haldið út þjálfuninni Fjarform á netinu.

### Dans

**Hvað?** Prufutími í salsa
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Oddsson
Byrjendum er að venju boðið í ókeypis prufutíma í salsa kl. 19.30-20.30. Byrjendum gefst svo færi á léttu spjalli og æfingadansi til kl. 21.00. Það þarf alls ekki að hafa félaga til að mæta (fæstir hafa félagann), eða nokkra dansreynslu.

**Hvað?** Ókeypis prufutími í Lindy hop
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Petersen svítan
Lindy Ravers bjóða ókeypis prufutíma í dansinum Lindy hop. Engin þörf á að koma með félaga. Farið verður í grunnatriði í dansinum þannig að allir ættu að komast af stað í að dansa. Ekki er þörf á að þátttakendur hafi dansað áður. Lindy hop er samkvæmisdans sem upprunninn er í Harlem, New York, á 4. áratug 20. aldar. Hann þróaðist við swing jazz (sveiflu) tónlist. Dansinn, sem er fjölbreyttur og skemmtilegur, hefur vaxið í vinsældum síðastliðin ár. Finna má samfélög Lindy hop dansara um allan heim.

**Hvað?** Námskeið í samkvæmisdönsum
**Hvenær?** 19.10
**Hvar?** Von – SÁÁ
Ekki er nauðsynlegt að hafa með


BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| Personal Shopper | 17:45, 20:00 |
| Undir Trénu ENG SUB | 18:00 |
| Good Time | 20:00, 22:15 |
| Vetrarbræður ENG SUB | 20:00 |
| The Square ENG SUB | 22:00 |
| Ég Man Þig | 22:15 |

sér dansfélaga á byrjendanámskeið en dansað er í pörum á námskeiðinu. Aðstoðað verður við að finna dansfélaga í fyrstu tveimur tímum námskeiðsins. Danskennari er Ásrún Kristjánsdóttir og Jónas Dalberg Karlsson, eiginmaður hennar, er til aðstoðar. Það hefur verið mikil ánægja með þau á námskeiðunum síðustu ár og komu fjölmargar óskir um að fá þau aftur. Ásrún og Jónas eru í danshópnum Sporinu sem sýnir þjóðdansa um allan heim.
Ásrún Kristjánsdóttir er reynslumikill danskennari, lærði til kennara hjá Sigurði Hákonarsyni og kenndi í 14 ár hjá Dansskóla Jóns Péturs og Köru. Hún rak sinn eigin dansskóla í 15 ár og sat í stjórn Danskennarasambands Íslands.

## Tónlist

**Hvað?** COW #2 / Christian Wolff
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Mengi
Christian Wolff í brennidepli á tónleikum í tónleikaröðinni COW miðvikudagskvöldið 11. október klukkan 21. Húsið verður opnað klukkan 20.30
Miðaverð: 2.000 krónur. Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi við Listaháskóla Íslands þar sem þeir eru liður í námskeiðinu Flytjandinn/tónskáldið sem kennt er við tónlistardeild skólans.

**Hvað?** Stormur og Hewkii
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kaffi Laugalækur
Stormur og Hewkii spila huggó lo-fi beat, gítartóna, ljóð og beatboxing. Verið velkomin í kaffi, te, bjór og vín til okkar :).

**Hvað?** Hverfisjazz: Reykjavík Beat Generation
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Hverfisbarinn
Reykjavík Beat Generation sér um Hverfisdjassinn í þetta skiptið en það er enginn annar en Börkur Hrafn úr hljómsveitunum Jagúar og Mono Town sem fer þar fremstur í flokki.

**Hvað?** Blues Jam. Beggi Smári & Bexband
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Dillon

**Hvað?** Norður-Atlantshafstríó Inga Bjarna á Múlanum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Múlinn, Hörpu
Á næstu tónleikum Múlans kemur fram Norður-Atlantshafstríó Inga Bjarna Skúlasonar. Þar leiðir píanóleikarinn Ingi Bjarni samstarfsverkefni þriggja tónlistarmanna frá Íslandi og Færeyjum. Tríóið spilar aðallega nýja tónlist eftir Inga Bjarna sem er undir áhrifum frá norrænum þjóðlögum og djassi með miklu spunaívafi. Á tónleikum Múlans mun tríóið flytja lög sem síðar verða tekin upp fyrir væntanlega plötu. Ásamt Inga Bjarna koma fram færeyski bassaleikarinn Bárður Reinert Poulsen og trommuleikarinn (af norskum ættum) Magnús Trygvason Eliassen.
Í júní fór tríóið í tónleikaferð um Færeyjar og spilaði þar á fjórum stöðum. Þetta verkefni er einnig liður í að efla samstarf og samgang á milli íslenskra og færeyskra tónlistarmanna.

## Bækur

**Hvað?** Fjallið sem yppti öxlum
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Penninn Eymundsson, Austurstræti
Verið velkomin í útgáfuboð bókarinnar Fjallið sem yppti öxlum eftir Gísla Pálsson.
Höfundur segir frá bók sinni og Jónas Sig leikur lög.
Léttar veitingar í boði Forlagsins og félags- og mannvísindadeildar Háskóla Íslands, bókin á tilboðsverði og allir velkomnir.




**...leikur þeirra var í hvívetna þéttur og öruggur, meira að segja í trylltustu augnablikunum, að sögn dómarans.**

# Dauðinn og stúlkan aldrei hressari

**TÓNLIST**

**Kammertónleikar**
★★★★☆

**Verk eftir Schubert, Salonen, Norman og Daníel Bjarnason. Calder kvartettinn lék.**

**Norðurljós í Hörpu**
**Sunnudaginn 8. október**

Brandarakarl nokkur sagði einu sinni: „Lífið er stutt og listin löng; það á sérstaklega við um sinfóníu eftir Brahms." Hægt væri að segja það sama um ýmis verk eftir Schubert, sem eru í lengri kantinum. Hann var hins vegar svo innblásinn og frjór að það gerir ekkert til. Sumar tónsmíðarnar hans eru það fallegar að það er eins og að tíminn standi kyrr. Af þessum ástæðum er oft talað um „himneska lengd" þegar Schubert er annars vegar.

Kvartettinn Dauðinn og stúlkan dregur nafn sitt af stefinu í öðrum kaflanum. Það er úr lagi Schuberts við ljóð sem fjallar um dauðann. Hann er þó ekki óvinur í ljóðinu, heldur lausnari. Þannig litu margir á hann á tíma Schuberts, þegar flestir höfðu það skítt, a.m.k. miklu verra en í dag. Lagið sjálft er örstutt, en kvartettinn tekur næstum 50 mínútur í flutningi.

Verkið var á efnisskránni hjá hinum heimsþekkta Calder strengjakvartett í Kammermúsíkklúbbnum á sunnudaginn. Þetta eru ungir menn sem á tónleikunum voru klæddir eins og FBI agentar, í svörtum jakkafötum, hvítum skyrtum og með svört bindi. Það vantaði bara sólgleraugun!

Leikurinn var í fremstu röð. Byrjunin á tónsmíðinni er kraftmikil og allur fyrsti kaflinn er þrunginn drama. Eftir því var túlkun fjórmenninganna afskaplega lifandi og full af átökum. Samt var það ekki á kostnað smáatriða fínlegra blæbrigða, sem voru prýðilega mótuð. Samspilið var pottþétt, fjórmenningarnir léku eins og einn maður, heildarhljómurinn var breiður og tær.

Svipaða sögu er að segja um hina þrjá kaflana. Sá hægi, með stefinu fræga, er í svokölluðu tilbrigðaformi. Stefið kemur fyrst, og svo taka við stuttir þættir sem eru tilbrigðin, eins konar rímix á nútímamáli. Á tónleikunum uxu þau upp í voldugan hápunkt sem var einstaklega áhrifaríkur. Sá síðasti er einkar vandasamur, hann gerir kröfur um mikla nákvæmni, en fjórmenningarnir misstu aldrei fókusinn. Tónarnir voru ávallt hreinir og samtaka. Hvílíkur unaður!

Eftir hlé voru þrjár nútímatónsmíðar á efnisskránni, tvær þeirra nokkuð svipaðar. Það voru Homunculus eftir Esa-Pekka Salonen og Stop Motion eftir Andrew Norman. Bæði verkin voru hröð og áköf og byggðust á sífelldri endurtekningu stuttrar hendingar, sem tók engu að síður alls konar breytingum. Bæði fjöruðu líka smám saman út og enduðu í kyrrð. Þetta voru skemmtilegar tónsmíðar, gríðarlega krefjandi fyrir hljóðfæraleikarana, en leikur þeirra var í hvívetna þéttur og öruggur, meira að segja í trylltustu augnablikunum.

Stillshot eftir Daníel Bjarnason var talsvert öðruvísi. Ákveðin framvinda var í tónlistinni, sem stoppaði samt með reglulegu millibili, eins og flétta af myndskeiðum og ljósmyndum. Áferð verksins byggðist mikið á svokölluðum flaututónum sem hægt er að láta strengi gefa frá sér. Útkoman var sérkennilegur hljóðavefur sem minnti helst á vindgnauð. Það var annarsheimslegt og fallegt, ákaflega vel útfært af hinum frábæru hljóðfæraleikurum. Vonandi koma þeir aftur sem fyrst.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Mögnuð spilamennska, yndisleg tónlist.

ÚTSALA
Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

ALLT FYRIR
HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbót 4 - Akureyri
Vogue
FYRIR HEIMILIÐ



CE - merkt framleiðsla
• Íslensk framleiðsla, framleitt af Idex álgluggum ehf.
• Hágæða álprófílkerfi frá Schüco
• Schüco tryggir lausnir og gæði
• Þekking og þjónusta
• Áralöng reynsla
Fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga
IDEX
idex.is - sími 412 1700
framl.- sölu- og þjónustuaðili Schüco á Íslandi
SCHÜCO
- þegar gæðin skipta máli

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn einelti.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur

### STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Heiða
**07.50** The Middle
**08.10** The Goldbergs
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Undateable
**10.40** My Dream Home
**11.25** Bomban
**12.15** Heilsugengið
**12.35** Nágrannar
**13.00** Á uppleið
**13.25** Grantchester
**14.15** The Night Shift
**15.00** Major Crimes
**15.40** Blokk 925
**16.05** Friends
**16.30** The Simpsons
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Víkingalottó
**19.30** Last Week Tonight With John Oliver
**20.05** The Middle
**20.30** Grey's Anatomy
**21.15** Ten Days in the Valley Dramatískir spennuþættir með Kyru Sedgewick í hlutverki sjónvarpsframleiðanda sem stendur í erfiðu skilnaðarmáli. Veröld hennar snýst skyndilega á hvolf þegar hún uppgötvar að dóttir hennar er horfin um miðja nótt og um leið hriktir í stoðum vinnu hennar.
**22.00** Ten Days in the Valley
**22.50** Nashville
**23.35** Crashing
**00.10** This Is England '90
**01.05** NCIS
**01.50** The Good Doctor
**02.35** Animal Kingdom
**03.25** Black Widows
**04.05** Black Widows
**04.50** Black Widows
**05.35** The Mysteries of Laura
**06.15** Married

### STÖÐ 2 SPORT

**07.40** Frakkland - Hvíta-Rússland
**09.20** Portúgal - Sviss
**11.00** Holland - Svíþjóð
**12.40** HM Markasyrpa
**13.05** Premier League World 2017/2018
**13.35** Afturelding – Selfoss
**15.05** Seinni bylgjan
**16.35** Frakkland - Hvíta-Rússland
**18.15** Markaþáttur Undankeppni HM 2018
**19.05** Valur – Skallagrímur Bein útsending
**21.20** Gary Neville's Soccerbox
**21.50** Formúla 1 2017 - Keppni
**00.20** Markaþáttur Undankeppni HM 2018
**01.10** Gary Neville's Soccerbox

### STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Afturelding – Selfoss
**08.30** Seinni bylgjan
**10.00** Tyrkland - Ísland
**11.40** Úkraína - Króatía
**13.20** Frakkland - Hvíta-Rússland
**15.00** Þýskaland - Aserbaidsjan
**16.40** Litháen - England
**18.20** Holland - Svíþjóð
**20.00** Portúgal - Sviss
**21.40** Dallas Cowboys - Green Bay Packers
**00.00** Valur - Skallagrímur
**01.40** Domino's-körfuboltakvöld 2017/2018

### STÖÐ 3

**17.20** New Girl
**17.45** The League
**18.10** The New Adventures of Old Christine
**18.35** Modern Family
**19.00** Seinfeld
**19.25** Friends
**19.50** Veistu hver ég var?
**20.35** Besta svarið
**21.20** Man vs. Wild
**22.05** Supernatural
**22.50** Cold Case
**23.35** Angie Tribeca
**00.00** Gotham
**00.45** Luck
**01.35** Banshee
**02.35** Modern Family
**03.00** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar
**08.00** Strumparnir
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Tindur
**09.11** Nilli Hólmgeirsson
**09.25** K3
**09.38** Mæja býfluga
**09.47** Stóri og Litli
**10.00** Könnuðurinn Dóra
**10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar
**12.00** Strumparnir
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Tindur
**13.13** Nilli Hólmgeirsson
**13.27** K3
**13.40** Mæja býfluga
**13.49** Stóri og Litli
**14.00** Könnuðurinn Dóra
**14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar
**16.00** Strumparnir
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Tindur
**17.13** Nilli Hólmgeirsson
**17.27** K3
**17.38** Mæja býfluga
**17.47** Stóri og Litli
**18.00** Könnuðurinn Dóra
**18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Lotta í Skarkalagötu

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** Alfred Dunhill Links Championship
**12.00** Golfing World 2017
**12.50** Alfred Dunhill Links Championship
**17.50** Golfing World 2017
**18.40** Safeway Open
**21.40** PGA Highlights 2017 Samantektarþáttur um hápunkta PGA mótanna.
**22.35** Safeway Open
**01.40** Golfing World 2017
**02.30** CIMB Classic

### STÖÐ 2 BÍÓ

**12.45** Yogi Bear
**14.10** Elsa & Fred
**15.45** So I Married an Axe Murderer
**17.20** Yogi Bear
**18.45** Elsa & Fred
**20.25** So I Married an Axe Murderer
**22.00** Sherlock Holmes
**00.10** The Immigrant Árið 1920 sigla systurnar Ewa og Magda til New York með það fyrir augum að lifa ameríska drauminn. Þegar þær nálgast New York veikist Magda og þær systur verða viðskila. Ewa endar ein og varnarlaus á strætum Manhattan og verður bráðlega fórnarlamb Brunos sem býður henni húsaskjól en vill að hún borgi fyrir það með vændi. Með aðalhlutverk fara Marion Cottillard og Joaquin Phoenix.
**02.05** Ricki and the Flash
**03.45** Sherlock Holmes

### RÚV

**16.30** Alþingiskosningar 2017. Forystusætið
**16.55** Með okkar augum
**17.25** Úr gullkistu RÚV. Út og suður
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Vinabær Danna tígurs
**18.12** Klaufabárðarnir
**18.20** Lautarferð með köku
**18.25** Sanjay og Craig
**18.50** Krakkafréttir
**18.54** Víkinglotto
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Kastljós og Menningin
**20.05** Á bak við tréð
**20.35** Kiljan
**21.15** Castle
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Alþingiskosningar 2017. Forystusætið
**22.50** Á valdi ilmsins
**23.45** Kastljós og Menningin
**00.05** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** 90210
**09.50** Royal Pains
**10.35** Síminn + Spotify
**13.20** Dr. Phil
**14.00** The Great Indoors
**14.25** Crazy Ex-Girlfriend
**15.10** America's Funniest Home Videos
**15.35** The Biggest Loser - Ísland
**16.35** Everybody Loves Raymond
**17.00** King of Queens
**17.25** How I Met Your Mother
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.10** The Late Late Show with James Corden
**19.50** Life in Pieces
**20.15** Survivor
**21.00** Chicago Justice
**21.45** The Handmaid's Tale
**22.30** Sex & Drugs & Rock & Roll
**23.00** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**23.40** The Late Late Show with James Corden
**00.20** Deadwood
**01.05** Chicago Med
**01.50** APB
**02.35** The Catch
**03.20** Nurse Jackie
**03.50** Chicago Justice
**04.35** The Handmaid's Tale
**05.20** Sex & Drugs & Rock & Roll
**05.50** Síminn + Spotify

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin





TEN DAYS IN THE VALLEY
KL. 21:10
Farsæll sjónvarpsframleiðandi stendur í erfiðu skilnaðarmáli og skyndilega snýst veröld hennar á hvolf, bæði í vinnu og einkalífi. Glænýir og dramatískir spennuþættir með Kyru Sedgewick í aðalhlutverki.

Magnað
Miðvikudagskvöld
Fáðu þér áskrift á 365.is

GREY´S ANATOMY
KL. 20:25
Glæný og stórskemmtileg sería þessara vinsælu dramaþátta sem gerist á skurðstofu á Grey-Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.



NASHVILLE
KL. 22:45
Skemmtileg sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



CRASHING
KL. 23:25
Hressilegir gamanþættir frá HBO sem gerast í New York og fjalla um hinn seinheppna Pete sem er staðráðinn í að hefja nýtt líf og ná sér á strik eftir að eiginkonan yfirgefur hann.




SHERLOCK HOLMES
KL: 22:00
Létt og spennandi glæpamynd með Robert Downey Jr. sem leikur spæjarann Holmes og Jude Law fer með hlutverk aðstoðarmannsins Watsons.



COLD CASE
KL. 20:55
Lily Rush er rannsóknarmaður hjá lögreglunni í Fíladelfíu sem hefur þarft verk að vinna. Hún rannsakar gömul mál sem hafa aldrei verið leyst.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is




VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Nokkrar góðar Instagram síður

Týndir innkaupalistar, Séð og heyrt blöð frá síðustu öld, hús teiknuð af vissum arkitekt og fagmannlega uppsett leikfangasafn.



## (Illa) Séð og heyrt

Stjórnandi síðunnar hefur komist í fjársjóð í formi ægilegs bunka af Séð og heyrt blöðum. Á síðum Séð og heyrt er ýmislegt fangað úr fortíðinni sem flestir vilja bara gleyma. Það sem á einum tíma er glys og glaumur snýst á öðrum tíma upp í andstæðu sína og minnir okkur á hvað hlutirnir geta breyst mikið á stuttum tíma.



## Týndir miðar

Safn af ýmsum handskrifuðum miðum fundnum á víðavangi. Það er eitthvað heillandi við að fá svona örlitla innsýn í líf andlitslauss fólks án nokkurs samhengis. Miðarnir geta verið fyndnir, sorglegir, hversdagslegir og jafnvel eilítið ljóðrænir stundum.



## Leikfanga- og smáhlutasafnið Toytopian

Lóa Hjálmtýsdóttir lista- og tónlistarkona brallar ýmislegt og eitt af því er að safna leikföngum og öðrum smáhlutum. Hún er nýlega farin að mynda og flokka safnið en þessa skrásetningu má nálgast á þar til gerðri Instagram-síðu þar sem hver og einn hlutur er myndaður og öllum helstu upplýsingum smellt með. Virkilega fallegt heildarútlit á síðunni er líka plús.



## Sigvaldahús

Loji Höskuldsson opnaði sérstaka Instagram-síðu fyrir ljósmyndir sínar af húsum teiknuðum af Sigvalda Thordarsyni. En þetta eru ekki bara myndir af þessum oft á tíðum stórskemmtilegu og fallegu húsum heldur fylgir hverri færslu mikill fróðleikur um hvert hús sem er ávallt skrifaður af augljósri ástríðu – Loji er gríðarlegur mikill áhugamaður um Sigvaldahús, það dylst engum sem eyðir smá tíma á þessari Instagram-síðu hans.



## Bókin
### Arnar Freyr tónlistarmaður

**Hvað ertu að lesa núna?**
Undir himninum eftir Eirík Guðmundsson, The fall of Hyperion eftir Dan Simmons og pdf-skjal sem ég niðurhalaði kolólöglega sem inniheldur öll ljóðin hans Richards Brautigan.

**Besta bók sem þú hefur lesið?**
Virgill litli eftir minn mann Ole Lund Kirkegaard. Enginn höfundur hefur haft jafn mikil áhrif á mig. Ég er ég út af honum.




**Versta bók sem þú hefur lesið?**
Æ, ég er fljótur að fleygja vondum bókum á bálið. Lífið er of stutt fyrir slæmar bækur.

**Hvað ætlar þú að lesa næst?**
Millilendingu eftir Jónas Reyni. Las ljóðabókina hans, Leiðarvísir um þorp, í einum ljúfum rykk í vikunni sem leið og gargaði af ánægju.





Við eigum afmæli og nú er veisla

DORMA
Láttu drauminn rætast






POLO hægindastóll

Afmælis 50% AFSLÁTTUR

Afmælis-stóllinn

Brúnt PU-leður Stærð: 80x90 H: 105 cm.

Fullt verð: 39.900 kr.

Aðeins 19.950 kr.




Okkar frábæru SPA handklæði eru ofin úr 100% tyrkneskri bómull. Sérstök aðferð við gerð handklæðanna gerir það að verkum að þau þerra einstaklega vel og veita þér þá mýkt sem þú átt skilið.

LÚXUS HANDKLÆÐI á ótrúlegu verði

| Gerð | Stærð | Litir | Fullt verð | Afmælis verð |
|---|---|---|---|---|
| Spa þvottapoki | 15x21 | 5 litir | 195 kr. | 156 kr. |
| Spa þvottastykki | 30x30 | 5 litir | 195 kr. | 156 kr. |
| Spa handklæði | 40x60 | 5 litir | 595 kr. | 476 kr. |
| Spa handklæði | 50x100 | 5 litir | 895 kr. | 716 kr. |
| Spa handklæði | 70x140 | 5 litir | 1.695 kr. | 1.356 kr. |
| Spa handklæði | 90x170 | 5 litir | 2.795 kr. | 2.236 kr. |
| Spa baðmotta | 50x70 | 5 litir | 990 kr. | 792 kr. |

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

Tryggðu þér áskrift
*9.990.- á mánuði.




365.is | Sími 1817
365

# GÓÐUR BÍLL

# BETRI DÍLL

## SÍÐUSTU BÍLARNIR Á LÆKKUÐU VERÐI




## LÍTIÐ NOTAÐIR
## SUZUKI VITARA GLX DÍSEL

ÁRGERÐ 2017 - SJÁLFSKIPTIR

- √ Allir bílar yfirfarnir og í ábyrgð
- √ Allt að 90% fjármögnun
- √ Til í ýmsum litum
- √ Góð endursala
- √ Tökum bíla upp í

AÐEINS KR.
**3.790**
ÞÚSUND

*m.v. 20% útborgun í 84 mánuði

## HLAÐNIR
### ÞÆGINDUM

- √ Panorama þak
- √ Leður/ rúskinn sæti
- √ Bakkmyndavél
- √ Íslenskt leiðsögukerfi
- √ Lyklalaus ræsing og hurðaopnun
- √ Álfelgur
- √ Hraðastillir (Cruise Control)
- √ Bluetooth
- √ USB tengi
- √ Akreina og árekstrarvari
- √ Litað gler
- √ Ofl.

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

**STÓRA BÍLASALAN**
*...á verði fyrir þig!*

HAUSTTILBOÐ BÍLALANDS

Bílaland býður nokkra bíla á einstökum kjörum! Komdu strax í dag og tryggðu þér hlýjan og góðan bíl fyrir haustið á frábæru verði.

Lykill fjármögnun

www.bilaland.is

12.738 kr. á mán. m.v. 20% útborgun. Rnr. 370743
PEUGEOT 208
Nýskr. 09/12, ekinn 78 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 1.250 þús. kr.
HAUSTTILBOÐ: 950 þús. kr.

22.933 kr. á mán. m.v. 20% útborgun. Rnr. 152975
NISSAN Micra Visia
Nýskr. 03/17, ekinn 1 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.050 þús. kr.
HAUSTTILBOÐ: 1.750 þús. kr.

13.140 kr. á mán. m.v. 20% útborgun. Rnr. 370757
HYUNDAI i30 Classic
Nýskr. 05/13, ekinn 113 þ.km, bensín, beinskiptur.
Verð 1.390 þús. kr.
HAUSTTILBOÐ: 990 þús. kr.

23.448 kr. á mán. m.v. 20% útborgun. Rnr. 152888
HONDA Jazz
Nýskr. 04/16, ekinn 40 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
Verð 2.170 þús. kr.
HAUSTTILBOÐ: 1.790 þús. kr.

38.910 kr. á mán. m.v. 20% útborgun. Rnr. 370677
SUBARU Outback Lux
Nýskr. 04/15, ekinn 144 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.690 þús. kr.
HAUSTTILBOÐ: 2.990 þús. kr.

14.058 kr. á mán. m.v. 20% útborgun. Rnr. 390042
RENAULT Megane Sport Tourer
Nýskr. 05/11 ekinn 139 þ.km, dísil, sjálfskiptur.
Verð 1.190 þús. kr.
HAUSTTILBOÐ: 890 þús. kr.

bílaland
Opið frá kl. 9–18 og á laugardögum frá kl. 12–16.
Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík og
Hyundai notaðir bílar - Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími: 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

ENNEMM / SÍA / NM84439



Örn segir það hafa verið krefjandi en skemmtilegt að taka þátt í uppsetningu á Guð blessi Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# „En ég leik allavega ekki Davíð“

**Örn Árnason** fer með hlutverk í leikritinu Guð blessi Ísland sem byggt er á rannsóknarskýrslu Alþingis. Í verkinu kemur Davíð Oddsson við sögu en Örn leikur hann ekki þó að það sé hans sérsvið.

Þetta er leikverk sem er byggt á rannsóknarskýrslu Alþingis og heitir Guð blessi Ísland, kannski af augljósum orsökum þar sem fræg ræða þáverandi forsætisráðherra endaði á þessum orðum,“ segir leikarinn Örn Árnason, spurður út nýjasta leikverkið sem hann fer með hlutverk í.

Örn fer með nokkur hlutverk í sýningunni, spurður nánar út í það: „Ég fer með mörg hlutverk og sömuleiðis allir í leiksýningunni. Við erum leikhópur að reyna að segja þessa sögu, og teikna upp fólkið sem lendir í þessum aðstæðum, sem er bara þjóðin. Í raun og veru erum við bara að reyna að teikna upp samfélagið og hvernig það bregst við hruninu,“ útskýrir Örn.

Hann getur ekki gefið of mikið upp en staðfestir þó að hann fer ekki með hlutverk Davíðs Oddssonar þó að hann komi við sögu í verkinu. Það vekur kannski athygli þar sem Örn hefur leikið Davíð reglulega í þrjá áratugi.

„Nokkrir hafa nú reynt við Davíð í millitíðinni en það er náttúrulega enginn eins góður og ég,“ segir hann og skellir upp úr. Aðspurður hvenær hann lék Davíð fyrst segir hann: „Mig minnir að það hafi verið í áramótaskaupinu árið 1986. Þegar hann var borgarstjóri.“

*Hvað á það að þýða að þú leikir ekki Davíð í þessu verki?* „Það er góð spurning. Hins vegar kemur fram í sýningunni ákveðin útskýring á því. Það er þarna ákveðin tenging, hún er svolítið spennandi,“ segir hann og hlær.

„En við hlaupum sem sagt á milli margra hlutverka og það er erfitt að segja til um hvaða hlutverk maður leikur. Mestmegnis snýst þetta um að við sem hópur erum að segja frá. En ég leik allavega ekki Davíð.“



Plakatið fyrir Guð blessi Ísland er eitt stórt partí. MYND/BORGARLEIKHÚSIÐ

**Guð blessi Ísland**

- Byggt á rannsóknarskýrslu Alþingis um orsakir hrunsins.
- Höfundar eru Mikael Torfason og Þorleifur Örn Arnarsson.
- Leikstjóri er Þorleifur Örn Arnarsson.
- 10 leikarar taka þátt, meðal annars Arnmundur Ernst Backman, Halldóra Geirharðsdóttir og Örn Árnason.
- Frumsýning 20. október í Borgarleikhúsinu.

### Krefjandi og skemmtilegt

Plakat leiksýningarinnar vekur athygli en þar getur að líta eitt stórt partí þar sem kampavínið flæðir. „Já, það er bara það sem þetta var.“

Áætluð frumsýning verksins er 20. október. Spurður út í hvernig ferlið á bak við uppsetningu verksins hafi gengið segir Örn: „Þetta hefur verið krefjandi en alveg fáránlega skemmtilegt.

Þorleifur Örn leikstjóri og Mikael, höfundar verksins, eru bæði vel gefnir og klárir, ég treysti þeim til að koma okkur í höfn með þetta,“ segir Örn.



Örn sem Davíð Oddsson og Davíð Oddsson árið 1992.

Örn hrósar öllu teyminu á bak við verkið í hástert. „Það hefur verið alveg ótrúlega gaman að vinna í þessari hópvinnu. Leikhópurinn stórkostlegur, öll sem eitt. Ég held að út úr þessu komi mjög spennandi sýning sem allir hafi gott af því að sjá. Og við ætlum að gera okkar besta til að segja þessa sérkennilegu sögu sem skók þetta sker.“

gudnyhronn@365.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



MIÐASALA HEFST 19. OKTÓBER
FJARÐARKAUP OG GÓA KYNNA MEÐ STOLTI
10. DESEMBER Í HÖRPU
Jólagestir Björgvins 2017
Ert þú næsta JÓLASTJARNA? Taktu þátt á VÍSIR.IS
Hvaða lag vilt þú heyra? ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA Á TÓNLEIKANA! Veldu lögin á BYLGJAN.IS
Sérstakur gestur Stefán Karl
Við komum með jólin til þín!
FORSALA HEFST Á MORGUN KL. 10!
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON · GISSUR PÁLL · JÓHANNA GUÐRÚN · JÚNÍUS MEYVANT
KATRÍN HALLDÓRA SIGURÐARDÓTTIR · PÁLL ÓSKAR · RAGGA GÍSLA · SVALA
SÉRSTAKUR GESTUR STEFÁN KARL STEFÁNSSON OG SÍÐAST EN EKKI SÍST JÓLASTJARNAN 2017
STÓRSVEIT JÓLAGESTA UNDIR STJÓRN ÞÓRIS BALDURSSONAR · STRENGJASVEIT UNDIR STJÓRN GRETU SALÓME · REYKJAVÍK GOSPEL COMPANY UNDIR STJÓRN ÓSKARS EINARSSONAR
KARLAKÓRINN ÞRESTIR UNDIR STJÓRN ÁSTVALDS TRAUSTASONAR · BARNAKÓR KÁRSNESSKÓLA UNDIR STJÓRN ÁLFHEIÐAR BJÖRGVINSDÓTTUR
DANSARAR ÚR DANSSKÓLA SIGURÐAR HÁKONARSONAR HANDRIT BJÖRN G. BJÖRNSSON LEIKSTJÓRN GUNNAR HELGASON
Stofnað 1968
FK FJARÐARKAUP
www.jolagestir.is
Jolagestir
Miðasala fer fram á Tix.is og í síma 551-3800.
Skráðu þig á póstlista Jólagesta á www.jolagestir.is.
Nánar á www.sena.is/jolagestir
sena LIVE!

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


BAKÞANKAR




Kristínar Ólafsdóttur


## Óskalisti fyrir kosningar 2017

Ég veit ekki enn hvað ég ætla að kjósa. Samt er ég í mjög góðri æfingu. Síðan ég fékk kosningarétt árið 2011 hef ég kosið í tvennum forsetakosningum og einum sveitarstjórnarkosningum. Ég kaus um Icesave og stjórnarskrána. Í lok mánaðar kýs ég svo í mínum þriðju alþingiskosningum.

Þetta er lygilega mikið af X-um við hina og þessa flokka og loforð um frían bjór og breytingar. En mér finnst ég enn þá standa máttlaus frammi fyrir framtíð minni á Íslandi og ég held að mörgum á mínum aldri líði eins.

Þess vegna er ég hér með lítinn lista, bara krúttlegan jafnvel – og sanngjarnan, finnst mér – en alls ekki tæmandi, af hlutum sem ég vil að verði kippt í lag. Ég eftirlæt svo svokallaðri „ríkisstjórn“ að finna út hvernig best sé að fara að því.

*1. Heilbrigðiskerfið:* Laga það, takk. Mig langar til þess að sjúkrahús á þessu landi séu ekki bókstaflega að rotna utan af starfsfólki og sjúklingum. Mig langar að téðu starfsfólki séu borguð almennileg laun. Og aflúxusvæðið sálfræðiþjónustu, til dæmis.

*2. Menntamálin:* Laga þau líka, gerið það. Plís. Byggið upp námslánakerfi með þarfir alvöru námsmanna í fyrsta sæti. Skerið ekki allt inn að beini. Látið ekki krakkana í Listaháskólanum sækja tíma í mygluðu húsi sem átti að rífa fyrir mörgum árum. Í alvöru talað.

*3. Húsnæðismarkaðurinn:* Laga hann. Strax. Komið almennilega til móts við fólk sem vill kaupa sér fyrstu íbúðina. Gerið eitthvað í leigumarkaðnum því annars getum við ekki búið hérna.

*4. Flóttamenn:* Takið á móti fleirum. Og skammist ykkar.

Hef ég yfirhöfuð trú á því að eitthvað batni eftir næstu kosningar? Ég veit það ekki. Kannski skila ég bara auðu.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
Í ICELAND ENGIHJALLA,
VESTURBERGI, ARNARBAKKA,
GLÆSIBÆ OG STAÐARBERGI
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland









WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS